

Hjálpað til við sauðburð í Staðarsveit
**snæfellsnes 30**



Tískublogg Hólmfríðar slær í gegn
**fólk 58**



Leslie Dchuna flutti frá **Bangalore á Búðir**
**mannlíf 26**



**spottið 16**

# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

HELGARÚTGÁFA

15. maí 2010 — 113. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

# Landsbankinn næstur

**Tjón Landsbankans vegna brota fyrrum stjórnenda talið um 250 milljarðar króna. Slitastjórn bankans íhugar nú skaðabótamál. Slitastjórnin vill endurheimta 90 milljarða króna með riftun samninga.**

**DÓMSMÁL** Skilanefnd og slitastjórn Landsbankans telur að tjón sem fyrrverandi stjórnendur hafi valdið bankanum með gáleysislegri hegðun, brotum á reglum bankans eða lögbrotum nemi um 250 milljörðum króna. Bankinn krefur tryggingafélag um bætur vegna tjónsins og undirbýr skaðabótamál.

Rannsóknarteymi breska endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte hefur kannað bókhald Landsbankans. Við rannsóknina komu í ljós ellefu tilvik þar sem talið er að fyrrverandi stjórnendur kunni að hafa bakað sér skaðabótaábyrgð, segir Herdís Hallmarsdóttir hæstaréttarlögmaður, sem sæti á í slitastjórn Landsbankans.

> Við munum fara í skaðabótamál ef við teljum að þeir geti borgað.
>
> **HERDÍS HALLMARSDÓTTIR**
> HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

„Áhersla okkar er fyrst og fremst á að endurheimta verðmæti,“ segir Herdís. Hún segir bankann hafa verið tryggðan hjá erlendu félagi fyrir brotum stjórnenda. Tryggingarupphæðin er 50 milljónir evra, um 8,2 milljarðar króna. Þeirrar upphæðar hafi nú verið krafist, en ekki sé ólíklegt að sú krafa endi fyrir íslenskum dómstólum.

Þá hefur slitastjórnin að undanförnu gefið út riftunaryfirlýsingar vegna ráðstafana sem hún telur riftanlegar samkvæmt gjaldþrotalögum. Herdís segir að með því sé ætlunin að endurheimta verðmæti, en ítrustu kröfur bankans nema um 90 milljarða króna. Þeir sem riftunarmálin snúa að hafa nú frest til að ákveða hvort þeir reyni að semja við slitastjórnina, eða verjast kröfum fyrir dómstólum.

Herdís segir ekki hafa verið tekna ákvörðun um höfðun skaðabótamála á hendur fyrrverandi stjórnendum og eigendum bankans. Hún segir 250 milljarða ítrustu kröfur í tryggingarmálinu. Engin ákvörðun liggi enn fyrir um kröfur í mögulegum skaðabótamálum.

„Við munum að sjálfsögðu sækja bæði í trygginguna, og þá einstaklinga sem reynast skaðabótaskyldir. Við munum fara í skaðabótamál ef við teljum að þeir geti borgað, enda lítum við svo á að það sé okkar skylda,“ segir Herdís. Fari slitastjórnin ekki í mál gætu kröfuhafar sjálfir höfðað skaðabótamál.

Herdís segir að á næstu vikum muni koma í ljós hvaða skaðabótamál verði mögulega höfðuð. Hún vill hvorki nefna tilvik né einstaklinga sem valdið hafa tjóninu. Þó sé um fyrrverandi stjórnendur bankans að ræða. „Þegar mál verður höfðað verður það ekki gert fyrir luktum dyrum,“ segir Herdís. Hún bendir á að slitastjórnin hafi þegar beint málum til sérstaks saksóknara, og fleiri verði tilkynnt eftir því sem tilefni verði til.

Skilanefnd og slitastjórn Glitnis höfðaði í vikunni mál á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og fleirum fyrir dómstól í Bandaríkjunum. Spurð hvort skaðabótamál verði höfðað hér eða erlendis segir Herdís það óvíst. Sjái slitastjórnin fram á að meira innheimtist með skaðabótamáli erlendis verði sú leið farin, horfa verði þó til þess að slík málaferli séu oft afar dýr. **- bj**



**SKAMMGÓÐUR VERMIR** Íbúar í nágrenni Eyjafjallajökuls hafa nóg að gera við að hreinsa öskuna sem fjallið spúir úr gíg sínum yfir byggðina. Ragnar Þorri Vignisson, frá bænum Hemlu, skammt austan Hvolsvallar, mátti hafa sig allan við að spúla öskuna af heimilisbílnum. Það verður skammgóður vermir, því trauðla verður hann hreinn lengi miðað við kraftinn í gosinu. **Sjá síðu 4**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



## Opnar þriðja kaffihúsið

*Danska sjónvarpið tekur upp þætti í kaffihúsi Friðriks Weisshappel.*

**ferðalög 8**

## Dýrustu listaverkin

*Listaverk sem seldust fyrir metupphæðir á uppboðum.*

**myndlist 28**

## Aftur í boltann



*Andri Sigþórsson er fluttur heim eftir langa Noregsdvöl.*

**fótbolti 22**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Ferðalög | Allt | Allt atvinna





VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Hagnýtt nám á fræðilegum grunni

Umsóknarfrestur til 5. júní

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Ostarúllurnar frá Ostahúsinu

á ostabakkann og í matrgerð

www.ostahusid.is



ÞEKKING • REYNSLA • GÆÐI
Osta HÚSIÐ
STOFNAÐ 1992

Veljum framboð um
Heiðarleika
H-lista í vor

Borgarmálafélag F-lista

**SPURNING DAGSINS**



*Leifur, er verið að gera úlfalda úr mýflugu?*

„Já, en vonandi kemst hann í gegnum nálaraugað.“

Óskufall hamlar flugi til Vestmannaeyja. Flugfélagið Mýflug, sem sér um sjúkraflug til Vestmannaeyja, hefur vél til reiðu sem þolir öskuna en fær ekki leyfi strax til að nota hana. Leifur Hallgrímsson er framkvæmdastjóri Mýflugs.

Fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings ræður sér breskan stjórnulögfræðing:

# Vann með Amy Winehouse

**LÖGREGLUMÁL** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, hefur ráðið sér breska lögmanninn Ian Burton hjá lögmannsstofunni BCL Burton Copeland. Sigurður er eftirlýstur af alþjóðadeild Interpol vegna meintra brota í aðdraganda hrunsins haustið 2008.

Burton er þekktur verjandi í hvítflibbamálum og hefur komið að nokkrum af umfangsmestu fjársvikamálum í Bretlandi. Á meðal þekktustu viðskiptavina hans eru Mike Ashley, eigandi breska knattspyrnuliðsins Newcastle, og söngkonan Amy Winehouse. Í apríl vann hann mál gegn breskum fjármálayfirvöldum sem höfðu fryst eignir sex einstaklinga.



**SIGURÐUR EINARSSON** Stjörnulögfræðingurinn Ian Burton hefur mál fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings á sinni könnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann sagði í samtali við breska dagblaðið Telegraph í gær, Sigurð, sem hefur verið búsettur í Lundúnum í Bretlandi um nokkurra ára skeið, tilbúinn til að koma hingað til lands í skýrslutöku vegna Kaupþingsmálsins að því tilskildu að hann verði ekki handtekinn við komuna líkt og fyrrverandi samstarfsmenn hans í bankanum.

Burton hefur unnið við hvítflibbamál í fjóra áratugi og stofnaði fyrstu lögmannsstofuna í eigin nafni árið 1975. Hjá BCL Burton Copeland starfa fimmtíu manns, þar af þrjátíu lögfræðingar. - jab

Framlengt á fjársvikara:

## Borgaði til að hindra kæru

**DÓMSMÁL** Sigurður Kárason, sem grunaður er um að hafa svikið að minnsta kosti 300 milljónir króna út úr 90 manns og fyrirtækjum frá árinu 2007, notaði hluta fjárins frá nýjum fórnarlömbum til að koma í veg fyrir að aðrir kærðu hann til lögreglu.

Þetta kemur fram í greinargerð Héraðsdóms Reykjavíkur. Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir Sigurði til 21. maí. Fram kemur að Sigurður hafi boðið fólki að ávaxta fé í gjaldeyris- eða hlutabréfaviðskiptum. - jss

Magnús laus úr haldi:

## Í farbanni í tvær vikur

**DÓMSMÁL** Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, er laus úr gæsluvarðhaldi. Ekki var farið fram á framlengingu þess, en hann úrskurðaður í tveggja vikna farbann.



**MAGNÚS GUÐMUNDSSON**

Magnús sendi frá sér yfirlýsingu í gær. Þar segir hann gæsluvarðhaldið sem hann sætti hafa verið óþarft og erfitt. Hann hafi starfað í Lúxemborg undanfarin tólf ár en þau mál sem til rannsóknar eru beinist nær eingöngu að Kaupþingi á Íslandi. Þá hafi hann ætíð sýnt fullan samstarfsvilja. „Ég lýsi því yfir að ég mun sýna yfirvöldum fullan samstarfsvilja við að upplýsa málið, enda tel ég að þegar allt er fram komið muni sakleysi mitt verða staðfest.“ - kóp

Aðalbókari dæmdur:

## Dró sér rúmar 36 milljónir

**DÓMSMÁL Karlmaður sem starfaði sem gjaldkeri og bókari og síðan aðalbókari hjá húsnæðissamvinnufélaginu Búseta til 2009 hefur verið dæmdur fyrir fjársvik. Hann skal, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, endurgreiða félaginu rúmlega 28 milljónir króna ásamt vöxtum.**

**Upp komst um málið þegar endurskoðandi óskaði staðfestingar á að innistæða að upphæð rúmlega 36 milljónir væri fyrir hendi á bankareikningi félagsins. Aðalbókarinn sinnti beiðninni í engu, hætti að mæta til vinnu og svaraði engum skilaboðum. Hann reyndist hafa falsað yfirlit reikningsins og rangfært bókhald til að fela fjárdráttinn.** - jss

# Upplýsingum haldið frá stjórn í rúmt ár

**Áhættustýring Kaupþings hætti um mitt ár 2007 að upplýsa stjórn bankans um viðskipti hans með eigin bréf. Þau ollu bankanum stórtjóni. Viðskiptin náðu hámarki vikurnar fyrir hrun. Þá fengu æðstu stjórnendur póst um þau daglega.**

**LÖGREGLUMÁL** Áhættustýring Kaupþings, undir stjórn Steingríms P. Kárasonar, leyndi stjórn bankans upplýsingum um stórfellda eigin bankans í sjálfum sér frá miðju ári 2007 og fram að falli hans. Þetta er eitt þeirra brota sem sérstakur saksóknari rannsakar nú og liggur til grundvallar gæsluvarðhalds- og farbannsúrskurðum yfir Kaupþingsmönnum.

Steingrímur sætir nú farbanni líkt og Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, sem losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær og var úrskurðaður í tveggja vikna farbann. Hreiðar Már Sigurðsson, áður forstjóri bankans, og Ingólfur Helgason, áður forstjóri á Íslandi, sitja í gæsluvarðhaldi. Hæstiréttur staðfesti í gær varðhald yfir Ingólfi samhljóða.

Deildir svokallaðra eigin viðskipta voru starfandi í stóru bönkunum á Íslandi. Þær voru aðskildar frá öðrum deildum og sáu um að kaupa ýmis hlutabréf í nafni bankanna sjálfra í hagnaðarskyni.

Fram hefur komið að sérstakur saksóknari rannsakar nú stórfelld uppkaup eigin viðskipta Kaupþings á bréfum í bankanum sjálfum, sem síðan hafi verið seld vildarvinum bankans gegn láni frá honum. Viðskiptin eru talin hafa verið gerð í þeim tilgangi að halda uppi verði hlutabréfa bankans og hafi valdið bankanum gríðarlegu fjártjóni.

Fram kemur í gögnum frá sérstökum saksóknara, sem Fréttablaðið hefur séð, að áhættustýring bankans hafi á miðju ári 2007 hætt að tilgreina viðskipti með eigin hlutabréf í mánaðarlegum skýrslum til stjórnar bankans. Þannig hafi hlutabréfaeigninni, og tjóni bankans vegna þeirra viðskipta, verið leynt fyrir stjórninni.

Þar segir jafnframt að Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður bankans, Hreiðar Már, Ingólfur og Steingrímur hafi á tímabilinu 11. ágúst 2008 til 3. október 2008, sem var síðasti dagur viðskipta með bréf í bankanum, fengið sendan tölvupóst daglega með ítarlegum upplýsingum um kaup eigin viðskipta á bréfum í bankanum. Á þessum síðustu vikum fyrir hrun náðu þau viðskipti hámarki.

Þetta setur sérstakur saksóknari í samhengi við hlutabréfaeign starfsmannanna í bankanum. Allir áttu þeir hluti í bankanum, Sigurður fyrir um 8 milljarða, Hreiðar um 7 milljarða, Ingólfur um 3,7 milljarða og Steingrímur um einn og hálfan milljarð. Kaup þeirra voru að verulegu leyti fjármögnuð með lánum frá bankanum.

Sérstakur saksóknari telur að með þessu hafi stjórnendur gerst sekir um umboðssvik og markaðsmisnotkun.

stigur@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is



INGÓLFUR HELGASON SIGURÐUR EINARSSON STEINGRÍMUR P. KÁRASON HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON



**LÖGREGLA Á JAVA** Lögreglumenn búast til inngöngu hjá grunuðum hryðjuverkamönnum í Sukoharjo, á Java, í Indónesíu, á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Komið í veg fyrir hryðjuverk:

## Vildu stofna íslamskt ríki

**INDÓNESÍA, AP Lögregluyfirvöld á Indónesíu segjast hafa komið í veg fyrir fjölda hryðjuverkaárása sem hryðjuverkahópur tengdur al-Kaída hefur skipulagt í landinu.**

**Árásirnir áttu að hefjast með tilraun til að vega forsetann og helstu ráðamenn á þjóðhátíðardegi landsins, 17. ágúst. Alls hafa 58 verið handteknir.**

**Eftir árásina á ráðamenn átti að ráðast gegn útlendingum í landinu, og í kjölfarið gera Indónesíu að íslömsku ríki þar sem farið væri eftir Sharia-lögum, segja löggæsluyfirvöld.**

**Trúfrelsi er fest í stjórnarskrá Indónesíu. Rúmlega 85 prósent landsmanna, sem eru um 220 milljónir, eru múslimar.** - bj

Hrottar áfram í fangelsi:

## Voru með öxi og hníf við árás

**DÓMSMÁL** Viktor Már Axelsson og Axel Karl Gíslason, sem sæta gæsluvarðhaldi vegna líkamsárásar í Reykjanesbæ voru með á sér öxi, hamar og hníf þegar þeir voru handteknir.

Mennirnir réðust á eldri hjón og dóttur þeirra. Þeir kváðust þurfa að hitta barnabarn hjónanna til að rukka það. Dóttirin var nýbúin að festa sex vikna barn sitt í bílstól þegar mennirnir komu að. Hæstiréttur hefur staðfest að þeir skuli sæta gæsluvarðhaldi til 8. júní. - jss


**Fyrir þinn innri mann**

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.





Júlíus Már Baldursson landnámshænsnabóndi byggir stofninn upp eftir bruna:

# Kominn með nokkrar hænur

**LANDBÚNAÐUR** Júlíus Már Baldursson, landnámshænsnabóndi á Tjörn í Vatnsnesi, hefur tekið fyrstu skrefin í að byggja upp stofninn sem hann glataði þegar á þriðja hundrað landnámshænsn drapst í eldsvoða 30. mars síðastliðinn. Tíu hanar komust af og nú hefur Júlíus bætt nokkrum pútum við.

„Ég hef tekið að mér nokkrar pútur frá þremur einstaklingum sem þeir ætluðu að losa sig við. Ég tímdi ekki að láta þær falla. En þetta er bara sýnishorn, nú bíð ég eftir að geta byrjað á fullu og komið stofninum í fyrra horf.“

Tjörn er ríkisjörð og bíður Júlíus nú eftir svörum frá landbúnaðarráðuneytinu um hvort húsin sem brunnu verða endurreist eða hvort peningarnir verði notaðir til að gera upp eldri fjárhús á jörðinni, sem gætu nýst fyrir hænurnar. „Ég vona að það verði skorið úr um það fljótlega,“ segir Júlíus. „Aðaláherslan núna er að laga skemmdirnar sem urðu á íbúðarhúsinu og endurreisa tengibygginguna við það. Það er búið að fjarlægja brunarústirnar og leggja möl yfir.“

Það eru því enn að minnsta kosti nokkurra vikna bið þar til fólk getur farið að panta landnámsegg og unga frá Tjörn í Vatnsnesi á nýjan leik. „En þegar þetta fer af stað af fullum krafti ætti þetta að ganga hratt fyrir sig.“ - bs



**JÚLÍUS Á TJÖRN** Á þriðja hundrað fuglar drapst þegar stærsta landnámshænsnabú landsins brann til kaldra kola í lok mars.



Kringlan
Fjölskyldudagur
sunnudaginn 16. maí
Dagskrá á Blómatorgi
kl. 15 Íþróttaálfurinn og Solla Stirða
- Íþróttaálfurinn og Solla Stirða gefa krökkum Latabæjarís frá Kjörís
- Sætir kanínuungar verða til sýnis!
- 50% afsláttur í Ævintýraland
- Allir fá blöðrur
Þau sem koma fram sem Íþróttaálfurinn og Solla Stirða eru samþykkt af Latabæ. Latibær®&© 2010 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 14.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 131,11 | 131,73 |
| Sterlingspund | 190,37 | 191,29 |
| Evra | 163,33 | 164,25 |
| Dönsk króna | 21,953 | 22,081 |
| Norsk króna | 21,052 | 21,176 |
| Sænsk króna | 17,076 | 17,176 |
| Japanskt jen | 1,4168 | 1,4250 |
| SDR | 193,01 | 194,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,5501

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingmenn VG og Hreyfingarinnar voru einir meðmæltir tillögu Björns Vals:

# Flestir vilja bíða niðurstöðu dóms

**ALÞINGI** Þingmenn tókust á um það í gær hvort tillaga Björns Vals Gíslasonar væri tæk til þinglegrar meðferðar. Hún kveður á um að skrifstofustjóra Alþingis verði falið að fara þess á leit við ríkissaksóknara að hann dragi til baka ákæru á hendur níu mótmælendum sem sakaðir eru um að hafa ráðist á Alþingi.

Þingmenn VG og Hreyfingarinnar töldu tillöguna þingtæka en aðrir lýstu andstöðu.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hóf umræðuna og skoraði á forseta þingsins að vísa málinu frá, sagði fráleitt að frá þinginu bærust efasemdir um að ákæruvaldinu væri treystandi. Árni Þór Sigurðsson, VG, sagði málið varða þingið sjálft og tillagan fyllilega þingtæk.



**Á ALÞINGI** Í gær var rædd kæra á hendur mótmælendum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sagði rétt að bíða eftir að dómsvaldið kæmist að réttlátri niðurstöðu í málinu. Í sama streng tók Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu.

„Hér er um að ræða pólitískt dómsmál,“ sagði Þór Saari, Hreyfingunni. „Það er verið að reyna að ná fram hefndum á mótmælendum.“

Ásta R. Jóhannesdóttir þingforseti bar til baka að hún hefði lýst málið tækt til þinglegrar meðferðar. Engin skoðun á því hefði farið fram. **- pg**

Orkuveita Reykjavíkur:

# Opinberi verð til Norðuráls

**STJÓRNMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur lýsti á fundi sínum í vikunni ríkum vilja til að opinbera verð orkunnar sem fyrirtækið selur Norðuráli.

Var samþykkt að fela forstjóra að leita samþykkis Norðuráls fyrir því að verðið verði gert opinbert. Samkvæmt tilkynningu frá VG tók stjórnin ákvörðun sína í framhaldi af því að borgarráð vísaði tillögu Þorleifs Gunnlaugssonar borgarráðsfulltrúa til stjórnar OR með tilmælum um að verð til stóriðju verði gert opinbert. **- bþs**



**KÁTAR KONUR** Þær Telma Tómasson, Soffía Sveinsdóttir Helga Arnardóttir og Silja Úlfarsdóttir voru við stjórnvölinn á Stöð 2 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fréttir, veður og Ísland í dag:

# Konur í lykilhlutverkunum

**FJÖLMIÐLAR Ekki þværdust karlarnir fyrir á skjáum landsmanna í gær, þegar Fréttatími Stöðvar 2, veður og Ísland í dag fóru í loftið. Konur voru í öllum lykilhlutverkum.**

**Þetta mun vera í fyrsta sinn sem sú staða kemur upp hjá 365 og óvíst að þetta hafi gerst hér áður. Telma Tómasson var fréttalesari kvöldsins og nýr liðsmaður fréttastofu, Silja Úlfarsdóttir, sá um íþróttafréttir. Soffía Sveinsdóttir sagði frá veðrinu og Helga Arnardóttir sá um Ísland í dag.** **- óká**

## VIÐSKIPTI

### Danir styrkja Eik Banka

Eik Banki í Færeyjum hefur tekið lán upp á 140 milljónir evra á föstum 2,015 prósenta vöxtum til þriggja ára. Upphæðin nemur tæpum 23 milljörðum króna. Lánið er frá sjóði sem danska ríkið setti upp til stuðnings bönkum vegna fjármálakreppunnar.

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í frétt á síðu 2 síðastliðinn fimmtudag að Hæstiréttur hefði dæmt Bjarka Má Magnússon fyrir að ráðast á föður sinn. Hæstiréttur sýknaði hann af þeim ákærulið, þótt staðfestur væri átta ára fangelsisdómur yfir honum fyrir ofbeldi Bjarka gegn eiginkonu sinni.

# Skilaði áburðinum og sendir féð í sláturhús

**Bóndi undir Austur-Eyjafjöllum skilaði öllum áburði í gær og býst við að senda um 200 fjár í sláturhús í haust vegna viðvarandi öskufalls. Hann segir suma sveitunga sína hafa ákveðið að hætta búskap í bili. Aska féll víða um land í gær.**

**HAMFARIR** „Ég var að skila áburðinum. Við erum að huga að því að koma kindunum í burtu og svo því hvað við eigum að gera við nautgripina.“

Þetta segir Ármann Fannar Magnússon, bóndi á Hrútafelli undir Eyjafjöllum. Hann segir útlitið ekki bjart hvað búskapinn varðar. Gosið sé enn í fullum gangi og hætta á frekari norðanátt, og þar með enn frekara öskufalli.

Ármann er með um 200 fjár og nær 100 nautgripi. Hann getur ekki haft neinar skepnur úti og segir orðið þröngt á fénu, því sauðburður sé langt kominn. Hann kveðst hafa misst tvö lömb sem mögulega hafi farið úr flúoreitrun, svo og tvær kindur. Ein kind til viðbótar sé orðin veik. Hugsanlega hafi aska smogið inn í fjárhúsin með þessum afleiðingum.

„Ég býst við að senda féð í sláturhús í haust. Spurningin er hvort maður fari eitthvert annað með nautgripina. Það er eftir að skoða það mál betur,“ segir Ármann Fannar. Hann segir ekki líta vel út með eðlilega búskaparhætti undir Eyjafjöllum þessa dagana sökum öskufalls. Í fyrradag hafi askan enn einu sinni hvolfst yfir sveitina, þrátt fyrir kyrrt veður.

„Það gerði alveg kolniðamyrkur,“ segir hann og kveðst vita til þess að sumir sveitunga sinna hafi ákveðið að hætta búskap í bili og aðrir hljóti að vera að hugleiða það. Ekkert lát virðist vera á gosinu og ekki séð fyrir um afleiðingar þess. Þegar veðurspár gerðu ráð fyrir því að öskufall bærist vestur á bóginn í gær gerðu margir bændur ráðstafanir til að byrgja fé inni og flytja til hross. Guðmundur Jón Viðarsson, bóndi að Skálakoti undir Vestur-Eyjafjöllum, var einn af þeim.

„Ég byrgði tæplega 300 kindur og flutti um 130 hross af svæðinu,“ segir hann. „Það er handleggur að koma lambfénu undan þessu en það gekk áfallalaust,“ segir hann og kveður sem betur fer hafa orðið lítið vart við öskufallsstrókinn.

„Óskastaðan er sú að gosið myndi hætta eða þá að breytast úr öskugosi í hraungos,“ segir Guðmundur. „Hér undir Austur-Eyjafjöllum er heil sveit að leggjast í auðn. Við erum að tala um mjög alvarlega hluti og fólk er orðið langþreytt.“ **jss@frettabladid.is**



**ASKA FÉLL VÍÐA** Öskufalls varð vart allt vestur á Snæfellsnes í gær. Þessi mynd var tekin í Fljótshlíðinni, þar sem öskulag hafði sest á heyrúllur. FRETTABLADID/PJETUR

## Öskurigning á Suðurlandi

Aska úr gosinu í Eyjafjallajökli barst víða um Suðurland og Vesturland í gær. Sums staðar rigndi ösku í þess orðs fyllstu merkingu, svo sem á Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands bárust tilkynningar víða af Vesturlandi þar sem öskufalls hafði orðið vart. Eftir því sem næst varð komist náði það vestur yfir Snæfellsnes og jafnvel á Vestfirði. Í dag eru horfur á öskufalli suðvestur og suður af eldstöðinni.

Dæmdur á eins árs skilorð:

# Hafði mök við 14 ára stúlku

**DÓSMÁL Tvítugur maður hefur verið dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir samræði við ólögráða unglingsstúlku. Hún var þá fjórtán ára gömul og hann átján ára. Atvikið varð í sumarbústað árið 2008.**

**Maðurinn viðurkenndi að hafa haft samræði við stúlkuna en sagðist hafa haldið að hún væri orðin fimmtán ára. Dómarinn leggur ekki trúnað á þau orð mannsins.**

**Við ákvörðun refsingar er litið til þess hversu langt er liðið frá því að brotið var framið, auk þess sem kæra var ekki lögð fram fyrr en ári eftir brotið. Manninum er gert að greiða stúlkunni 400 þúsund krónur í bætur.** **- sh**

Segja skattasvigrúm fullnýtt:

# Ríkisafkoman þarf að batna um 50 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Afkoma ríkisins þarf að batna um 50 milljarða í fjárlögum 2011 til þess að ná megi yfirlýstum markmiðum um jafnvægi í ríkisfjármálum. Nauðsynlegur bati nemur þremur prósentum af landsframleiðslu, að því er fram kemur í nýrri samantekt Samtaka atvinnulífsins (SA).

SA telja að svigrúm til skattahækkana á árunum 2009-2011 sé nú þegar fullnýtt og að ná verði markmiðum um bætta afkomu ríkissjóðs 2011 með gjaldalækkunum. Á vef SA eru skattahækkanir hér jafnframt sagðar vanmetnar um tvö prósent af landsframleiðslu í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá 8. apríl síðastliðnum. **- óká**






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BEST SV-LANDS** Í dag og á morgun verður léttskýjað víða sunnan og suðvestanlands en norðan og austantil verður þungbúið að mestu. Þar má búast við rigningu eða jafnvel slyddu því það kólnar heldur í veðri næstu daga norðan til á landinu. Vindur verður að mestu hægur.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 16° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 13° |
| París | 15° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*



PALLAEFNI
MEIRI ÞYKKT
TRYGGIR STYRK!
15%
AF ÖLLUM SKJÓLVEGGJUM
15%
afsláttur af pallaefni, festingum, undirstöðum og skrúfum
AÐEINS UM HELGINA
Sælureitur 2010
ALLT Í GARÐINN
Á BETRA VERÐI
15%
AF ÖLLUM HJÓLUM
GORI 44+
Transparent
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
15%
AF ALLRI PALLAOLÍU OG VIÐARVÖRN
RAFMAGNS-SLÁTTUVÉLAR
verð frá 16.990
BENSÍN-SLÁTTUVÉLAR
verð frá 39.995
HANDSLÁTTUVÉLAR
verð frá 12.995
29.995
Rafmagnssláttuvél B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK & DECKER
16.990
Rafmagnssláttuvél
Texas , með safnara
1000 W,
33 sm sláttubreidd
5085124
NILFISK
Háþrýstidæla
100 bör
Fyrir pallinn, stéttina og bílinn.
100 bör, 1300 W.
440 l/klst.
5254240
12.999
15.995
Garðverkfæri á betra verði.
9.990
Hekkklippur B&D
420W, 51 sm blað
5083645
BLACK & DECKER
Rafmagnsorf, IKRA
250W, 22cm sláttubreidd
5086608
3.690
30%
AF ÖLLUM HiPoint GREINA- OG HEKKKLIPPUM
Hekkklippur HiPoint
5084664
1.799
2.599
Hjólbörur
80 ltr.
5080058
5.699
Látum verkin tala!
Tertusneið & kaffi 190kr
Kaffi Garður Skútuvogi
Ís á 10kr
Í Blómavali Skútuvogi
HÚSASMIÐJAN
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

## KJÖRKASSINN



*Ert þú búin(n) að ákveða hvað þú ætlar að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum 29. maí?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59% |
| NEI | 41% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Jón Ásgeir Jóhannesson hættur í stjórn verslunarinnar House of Fraser:

# Var látinn víkja úr stjórninni

**VIÐSKIPTI** Jón Ásgeir Jóhannesson steig á fimmtudag úr stól stjórnarmanns í bresku versluninni House of Fraser. Breska dagblaðið Financial Times segir ákvörðun hans í beinu framhaldi af stefnu slitastjórnar Glitnis á hendur honum og sex öðrum aðilum sem honum tengjast. Þar á meðal er Ingibjörg Pálmadóttir, kona Jóns, stjórnarformaður og helsti eigandi 365 miðla, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið.

Jón Ásgeir sat í stjórn House of Fraser í umboði PriceWaterhouse Cooper, sem fer með bú BG Holding í Bretlandi fyrir skilanefnd Landsbankans. Eftir því sem næst verður komist átti Jón Ásgeir ekki frumkvæðið að því að yfirgefa stjórnarstólinn. Jón Ásgeir situr nú aðeins í stjórn bresku matvörukeðjunnar Iceland Foods.

Baugur eignaðist House of Fraser ásamt hópi fjárfesta árið 2006 en skilanefnd tók eignarhaldið yfir í kjölfar falls Baugs í mars í fyrra.

Þegar best lét sat Jón Ásgeir í stjórnum fjölmargra fyrirtækja í Bretlandi og í Danmörku, þar á meðal í Mosaic Fashion í Bretlandi, móðurfyrirtækis fjölda kventískuvörumerkja, svo sem Oasis, Warehouse og Karen Millen auk dönsku verslunarinnar Illum. **- jab**



**FARINN** Jón Ásgeir Jóhannesson situr í dag aðeins í stjórn einnar erlendrar verslunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskir hjúkrunarfræðingar:

# Til starfa í Pakistan og á Haítí

**HJÁLPARSTARF** Tveir hjúkrunarfræðingar halda á næstunni til starfa fyrir Rauða krossinn á Haítí og í Pakistan, að því er fram kemur í tilkynningu Rauða kross Íslands.

Erla Svava Sigurðardóttir, sem er nýkomin frá Haítí, fer eftir helgi til Peshawar í Pakistan og starfar á sjúkrahúsi Rauða krossins í fjóra mánuði. Margrét Rögn Hafsteinsdóttir, deildarstjóri hjá LSH, verður yfirhjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsi í úthverfi Port-au-Prince á Haítí. **- th**

Eimskip snýr úr tapi í hagnað:

# Leitað aftur í gamlan grunn

**VIÐSKIPTI** Eimskipafélag Íslands hagnaðist um 1,9 milljónir evra, 329 milljónir króna, á fyrsta fjórðungi þessa árs.

Til samanburðar tapaði Eimskip í kringum 40 milljónum evra á sama tíma tvö undangengin ár.

Haft er eftir Gylfa Sigfússyni, forstjóra Eimskips, í tilkynningu, að þau fyrirtæki sem byggi á gömlum og traustum grunni verði að leita aftur í uppruna sinn.



**GYLFI SIGFÚSSON**

Gylfi rifjar upp að Eimskipafélagið hafi farið illa í offjárfestingu, skuldsetningu, ómarkvissri stefnu og aðhaldsleysi. Félagið er nú sagt hafa lokið endurskipulagningu. Hluthafar eru nú 74, en í þeirra hópi er skilanefnd Landsbankans sem fer með 37 prósenta eignarhlut. **- jab**



**LYFJAFRAMLEIÐSLA** Breskt fyrirtæki sakar Actavis í Bandaríkjunum um hugsanlegt brot á einkaleyfi.

Höfða mál gegn Actavis:

# Sakað um brot á einkaleyfi

**DÓMSTÓLAR** **Breska lyfjafyrirtækið Shire hefur höfðað mál gegn Actavis í Bandaríkjunum.**

**Shire er með þrjú einkaleyfi á lyfi gegn athyglisbresti með ofvirkni fram í september á þessu ári og sakar Actavis um að ætla að framleiða samheitalyf áður en einkaleyfi Shire renna út. Shire hóf sölu á lyfinu, sem heitir Intuniv, seint á síðasta ári og renna einkaleyfin út 2022.**

**Shire hefur sömuleiðis höfðað mál gegn ísraelska lyfjafyrirtækinu Teva vegna sama máls.** **- jab**

# Gögn um aðildarviðræður opinberuð

**Utanríkisráðherra hefur falið aðalsamningamanni Íslands í viðræðum við ESB að halda á næstunni opna fundi um allt land. Fundargerðir og samningsafstaða birt opinberlega jafnóðum. Vefur opnaður fyrir athugasemdir frá fólki.**

**ALÞINGI** Össur Skarphéðinsson hyggst opna gagnvirka heimasíðu til þess að Íslendingar geti komið skoðunum á framfæri við samninganefnd Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

„Það er mikilvægt að hafa umsóknarferlið eins opið og gagnsætt og hægt er, ekki síst til þess að eyða tortryggni og misskilningi sem stundum örlar á,“ sagði Össur þegar hann gaf Alþingi í gær skýrslu um stefnu sína í utanríkismálum og störf ráðuneytisins á liðnu ári. Fundargerðir samninganefndarinnar og einstakra samningahópa verði opinber gögn. „Samningsafstaða í íslenskum hópum verður opinber þegar hún liggur fyrir og einnig önnur gögn svo framarlega sem samningafólkið okkar telji það ekki skaða samningshagsmuni Íslendinga,“ sagði Össur. „Ég tel líka rétt að veita Íslendingum beina hlutdeild í umsóknarferlinu.“ Í því skyni verði opnuð gagnvirk vefsíða, þar sem fólk geti komið skoðunum á framfæri, „en jafnframt haft reglulega samræðu við aðalsamningamanninn, sérfræðinga, samningamenn og eftir atvikum ráðherrann sjálfan“.

Össur hefur mælst til að Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra og aðalsamningamaður Íslendinga, fari um landið á næstunni og haldi opna fundi um gang viðræðna og næstu skref: „Það er sjálfsagt að menn fái það sem er að gerast hverju sinni beint í æð og þá beint frá kúnni,“ sagði ráðherrann.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Gaf Alþingi í gær skýrslu um stefnu sína í utanríkismálum og störf utanríkisráðuneytisins síðasta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Össur segist líta á Evrópumálin sem grundvöll í endurreisn Íslands. „Það hefur aldrei verið ríkari ástæða en einmitt nú til að láta reyna á hvað getur falist í aðildarsamningum. Við þurfum stöðugleika, við þurfum fjárfestingar, við þurfum störf, við þurfum að byggja atvinnu- og efnahagslífi lífi þjóðarinnar sem allra traustasta umgjörð.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, spurði hvort Össur hefði ekki áhyggjur af stöðu samningaviðræðna við ESB: „Er til staðar nægileg pólitísk forysta til að leiða samninga til lykta?“ spurði Bjarni.

„Ég hef meiri áhyggjur af mörgu öðru sem lýtur að hagsmunum Íslands en því,“ svaraði ráðherrann en kvaðst mundu fagna því ef jafnöflugur stjórnmálamaður og Bjarni „mundi taka með meira afgerandi hætti þátt í að tosa þessu fram“. **peturg@frettabladid.is**


Helga lögmenn

## EIGNIR ÞROTABÚS TIL SÖLU

Til sölu eru allar eignir þrotabús RÓV ehf., (áður verslunarinnar Ilse Jacobsen Hornbæk, Garðatorgi 3, Garðabæ) en það eru m.a. tískufatalager (sumarvörur, fatnaður, skór og fylgihlutir), kassakerfi, innréttingar, markísa, tæki og áhöld o.fl. sem fylgir rekstri tískufataverslunar. Eignirnar eru til sýnis eftir samkomulagi og seljast saman eða í stökum einingum

**Tilboðum skal skilað skriflega til undirritaðrar fyrir 21. maí n.k.**

**Nánari upplýsingar veitir Helga Leifsdóttir, skiptastjóri, hdl., Helga lögmenn, Langholtsvegi 89, 2. hæð, 104 Reykjavík, s. 550-3700, tölvupóstfang, helga@helgalogmenn.is.**


Mikill samdráttur varð í allri verslun í aprílmánuði og verð hefur hækkað talsvert:

# Dagvara hækkaði um 9% á einu ári

**VERSLUN** Velta í dagvöruverslun dróst saman um 11,7 prósent á föstu verðlagi í apríl miðað við sama mánuð í fyrra. Samdrátturinn nemur 3,5 prósentum á breytilegu verðlagi. Verð á dagvöru hækkaði um 9,3 prósent á síðastliðnum tólf mánuðum.

Þetta kemur fram í úttekt Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Sala áfengis dróst saman um 31 prósent í apríl miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og um 18,5 prósent á breytilegu verðlagi. Verð á áfengi hækkaði um 18,1 prósent á milli ára.

Fataverslun var 13,8 prósentum minni í apríl miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi og hækkaði verð á fötum um 11,1 prósent milli ára.

Velta húsgagnaverslana var 12,1 prósenti minni í apríl en í sama mánuði í fyrra. Velta sérverslana með rúm minnkaði um 52,6 prósent frá því í fyrra. Verð á húsgögnum var 9,3 prósentum hærra í apríl síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra.

Sala á raftækjum minnkaði um 13,3 prósent á föstu verðlagi og hækkaði verðið um 8,6 prósent frá apríl 2009.

Í tilkynningu frá Rannsóknarsetrinu segir að óvenjumikill samdráttur hafi orðið í verslun í apríl í ár miðað við sama tíma í fyrra. Ástæðuna megi að hluta til rekja til þess að páskaverslunin fór fram í mars í ár en í apríl í fyrra. Sú staðreynd skýri þó ekki alfarið þennan mikla mun. Samdrátturinn sé nokkuð óvæntur ef miðað er við þróunina fyrstu þrjá mánuði ársins. **- bþs**



**VERSLUN** Mikill samdráttur varð í veltu dagvöruverslunar í apríl síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra.


KLAUSTRIÐ EFTIR PANOS KARNEZIS

FRÁ ÞEIM SEM GUÐ VILL TORTÍMA TEKUR HANN FYRST VITGLÓRUNA




„Kyrrlát, nánast þögul, frásögn en um leið brennheitt, mannlegt drama ... máttug og fumlaus.“ –Times

Þýðandi: Árni Óskarsson

BJARTUR neon

# VAXTALAUST LÁN í 4 MÁNUÐI!

á öllum hjólum og grillum

RALEIGH

**Tibet Man / Tibet Lady**
- Stærð: 26"
- Gírar: 21 gír, Shimano Revo Gripshift
- Bremsur: Alloy V–brakes
- Gaffall: Með dempara
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, standari

**39.999 kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

RALEIGH

## 250.000.000 REIÐHJÓL SELD!

Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

ULTRA

**Fiona/Ferdy**
- Stærð: 24"
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18/MRX18 Grip Shift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, bretti að aftan og framan, böglaberi, standari

**34.999 kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

www.crosscycle.com

CROSS

## gæða merki í hjólum

Cross hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

*Mundu eftir hjálminum!*



BELL

CROSS

**Arina / Arrow**
- Stærð: 28"
- Gírar: 21 gír, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL–T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla

**49.999 kr**

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

SPARIÐ 3000.-

Grand

**FERÐAGASGRILL ER8108**
- 2,5Kw brennari
- Eldunarsvæði: 44,5 x 31cm
- Samfellanlegir fætur
- Elektrónísk kveikja
- Þrýstijafnari og slanga

**9.999.-**
v.á. 12.999.-

Grand

**GASGRILL ER8102H-2**
- 4,3Kw, tveggja brennara
- Eldunarsvæði: 45 x 35cm
- Efri grind: 40 x 20,5cm
- Hjól til að auðvelda tilfærslu
- Hliðarborð
- Elektrónísk kveikja
- Þrýstijafnari

**24.999.-**
v.á. 29.999.-



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

SPARIÐ 5000.-

Grand

**GASGRILL ER7802A**
- 5,5Kw, tveggja brennara
- Eldunarsvæði: 47,3 x 37,3cm
- Efri grind: 48,5 x 10,4cm
- Hliðarborð
- Elektrónísk kveikja
- Innbyggður hitamælir
- Áhaldabakki framan á grilli
- Hjól til að auðvelda tilfærslu
- Þrýstijafnari

**39.999.-**
v.á. 49.999.-



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

SPARIÐ 10.000.-

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP *fyrir Íslendinga í 50 ár*

Kjósandi í Kópavogi saknaði stimpils með listabókstaf Næstbesta flokksins:

# Listabókstaf vantaði í klefann

**KOSNINGAR** Kjósandi í Kópavogi sem hugðist greiða Næstbesta flokknum atkvæði furðaði sig á því að aðeins voru stimplar með listabókstöfum fjórflokkanna í kjörklefa Sýslumannsins í Kópavogi. Þurfti hann að spyrjast fyrir hverju þetta sætti. Sjö flokkar bjóða fram í kosningunum 29. maí.

„Atvikið vekur fyrst og fremst spurningar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar," segir Hjálmar Hjálmarsson, oddviti Næstbesta flokksins, og bendir á að stimplar með listabókstöfum sendi kjósendum viss skilaboð, vitað mál sé að þeir séu misvel upplýstir. „Það er líka umhugsunarefni að utankjörfundaratkvæðagreiðslan hefst svo löngu áður en öll framboðin liggja fyrir," segir hann.



**FRAMBJÓÐENDUR** Þrír af frambjóðendum Næstbesta flokksins, Erla Karlsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Benedikt Nikulás Anes Ketilsson. MYND/ARNAR HALLDÓRSSON

Þær upplýsingar fengust hjá Sýslumanninum í Kópavogi að málið hafi leyst farsællega, en framboð Næstbesta flokksins, sem fékk listabókstafinn X, hafi komið svo seint fram að ekki hafi unnist tími til að útbúa stimpil.

Jón Atli Kristjánsson, formaður kjörstjórnar í Kópavogi, telur fráleitt að það hafi áhrif á kosninguna þótt stimpill sé ekki til staðar. „Kjósandi skrifar einfaldlega niður hvað hann ætlar að kjósa með eigin hendi." - shá





# Vakningarfundur

**Fegurð Reykjavíkur og gildi umhyggjunnar**

Nýju frambjóðendur Samfylkingarinnar í Reykjavík, Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður og Bjarni Karlsson sóknarprestur, bjóða til vakningarfundar ásamt tónlistarmanninum KK.

**Hittumst í Kolaportinu á morgun, sunnudag, kl. 16.**

**Opnum hugann. Breytum stjórnmálunum. Sláum nýjan tón!**


Grunaðir enn við störf í Arion:

## Hætta ef ákæra verður gefin út

**VIÐSKIPTI** Arion banki leysir ekki frá störfum fjóra grunaða sem enn starfa hjá bankanum nema ákæra verði gefin út á hendur þeim. Komi til þess verða þeir umsvifalaust sendir í leyfi, segir Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi bankans.

Starfsmennirnir, sem áður störfuðu hjá Kaupþingi, hafa réttarstöðu sakbornings í rannsókn sérstaks saksóknara á málefnum Kaupþings. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki um háttsetta stjórnendur að ræða. - sh

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

**UPPLÝSINGATÆKNI**

### Office 2010 komið út

Fyrsta kastið fá bara fyrirtæki með leyfissamninga við Microsoft aðgang að nýjustu útgáfu skrifstofuhugbúnaðarvöndulsins Office 2010. Vöndullinn fer í almenna sölu í næsta mánuði.



**GÖTUBARDAGAR** Á annað hundrað stjórnarandstæðingar særðist í mótmælunum í miðborg Bangkok í gær. Mótmælin hafa nú staðið í tvo mánuði, og hafa alls 37 látið lífið í átökum mótmælenda og hermanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Átta fallnir í mótmælum

**Hermenn skutu á mótmælendur í viðskiptahverfi Bangkok í Taílandi í gær og beittu táragasi. Átta létust og yfir eitt hundrað særðust í hörðum átökum. Ekkert bendir til þess að samkomulag sé í augsýn.**

**TAÍLAND, AP** Mótmælendum laust saman við hermenn í miðborg Bangkok, höfuðborgar Taílands í gær. Hermenn skutu af hríðskotarifflum á mannfjöldann. Átta létust í átökunum í gær og í það minnsta 101 slasaðist.

Þegar kvölda tók í Bangkok í gær mátti heyra sprengingar og byssuhvelli frá viðskiptahverfi borgarinnar, þar sem um það bil tíu þúsund stjórnarandstæðingar hafa hreiðrað um sig. Reykur frá götuvígjum með brennandi dekkjum lagðist yfir borgina.

„Hermennirnir eru að umkringja okkur, það er verið að kremja okkur. Þetta er ekki borgarastyrjöld, en þetta er hrikalega grimmilegt," sagði Weng Tojirakarn, einn leiðtoga mótmælenda í gær.

Eftir því sem ofbeldið eykst minnka líkurnar á því að mótmælendur og stjórnvöld nái friðsamlegri lendingu í langvinnri deilu sinni. Óvissan og ofbeldið hafa dregið verulega úr komu ferðamanna til Taílands, en ferðamenn eru ein aðaltekjulind landsins.

Ofbeldið færðist enn í aukana eftir að hershöfðingi hliðhollur hinum rauðklæddum uppreisnarmönnum var skotinn í höfuðið í miðju viðtali við fjölmiðlamenn á fimmtudag. Hann liggur nú milli heims og helju á sjúkrahúsi. Mótmælendur halda því fram að leyniskytta á vegum stjórnvalda hafi reynt að myrða hershöfðingjann.

Hermenn skrúfuðu í gær fyrir vatn og rafmagn í viðskiptahverfinu þar sem mótmælendur hafa haldið til undanfarnar vikur. Yfirmenn hersins segja mótmælendur hafa ráðist gegn hermönnunum og reynt að ögra þeim, en mótmælendur segja hermenn hafa þrengt að sér.

Vitni lýsa götubardögum þar sem mótmælendur hentu steinum og bensínsprengjum og hermenn svöruðu með hríðskotarifflum, haglabyssum og táragasi.

Frá því mótmælendurnir komu sér fyrir í miðborginni um miðjan mars hafa 37 látið lífið og hundruð særst í átökum við lögreglu og hermenn.

Mótmælendur krefjast þess að forseti landsins víki og boðað verði til kosninga. Þeir styðja Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, sem velt var úr embætti með valdaráni hersins árið 2006. Talið er að hann fjármagni mótmælin að hluta úr útlegð sinni.

brjann@frettabladid.is





Auður hefur frá upphafi lagt áherslu á ábyrga hegðun í allri sinni starfsemi. Við trúum því að við getum öll lagt okkar af mörkum til að byggja upp heilbrigt samfélag. Þess vegna vill Auður leggja þeim lið sem stuðla að jákvæðri uppbyggingu og framförum.

**DAGSVERK AUÐAR**

er samfélagsverkefni starfsmanna Auðar. Dagsverkið felst í því að starfsmenn gefa andvirði dagslauna á hverju ári í verðugt málefni. Ennfremur vinna allir starfsmenn Auðar sem nemur einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsmenn Auðar velja verkefni sem hljóta fjár- eða vinnuframlag.



Starfsmenn Auðar við sjálfboðastörf í verslun Rauða krossins

**ALHEIMSAUÐUR**

er samfélagssjóður ætlaður til að hvetja konur til frumkvæðis og athafna, einkum í þróunarlöndum. Auður leggur 1% af hagnaði sínum í sjóðinn og býður viðskiptavinum að gera slíkt hið sama. Stjórn AlheimsAuðar tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.



Fræðslumiðstöð Enza í S-Afríku hlaut styrk árið 2009.

**SAMAN BÆTUM VIÐ SAMFÉLAGIÐ**

**VIÐ AUGLÝSUM EFTIR STYRKUMSÓKNUM**

Umsækjendur eru hvattir til að skilgreina verkefnið vel, sýna fram á hvernig það fellur að markmiði viðkomandi sjóðs og tilgreina hversu háa fjárhæð sótt er um og/eða hverskonar vinnuframlag.

Umsóknarfrestur er til **26. maí 2010.**
Styrkjum verður úthlutað þann **19. júní 2010.**

Umsóknum má skila á **audur@audur.is**
Nánari upplýsingar á **www.audur.is**

**Ábyrg arðsemi – Mannleg nálgun**

Auður Capital | Borgartúni 29 | 105 Reykjavík | S. 585 6500

AUÐUR CAPITAL

# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir fyrirtæki

Nú eiga fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

### AÐRAR LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI

**Lán færð í 100% af eignavirði gegn eiginfjárframlagi**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 100% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi greiðir 10% inn á lán fyrirtækis þannig að skuldir verða 90% af heildarvirði.

**Frysting**
Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði.

**Lán færð í 115% af eignavirði án eiginfjárframlags**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 115% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi leggur ekki til lágmarks eigið fé.



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENNEMM / SÍA / NM42147

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2010

Líkt og áður bjóða fram þrír listar í sveitarstjórnarkosningunum í Vestmannaeyjum.

# Sterk staða verður varin

**Þrír listar bjóða fram til sveitarstjórnar í Vestmannaeyjum líkt og undanfarin ár. Ólíkt mörgum öðrum sveitarfélögum snúast bæjarmálin ekki fyrst og síðast um varðstöðu í fjármálum.**

Það er mál manna að sveitarstjórnarkosningarnar í Vestmannaeyjum séu um margt sérstakar samanborið við landið í heild sinni. Sveitarstjórnarmálin þar hafa verið á skjön við landsmálin og sveitarstjórnarmálin víðast hvar með sjálfstæðismenn haldandi um stjórnartaumanna í krafti hreins meirihluta. Viðmælendur Fréttablaðsins eru heilt yfir sammála um að einhugur hafi ríkt við stjórn bæjarfélagsins, þó tekist hafi verið á og minnihlutinn veitt aðhald þar sem það hefur þurft.

Eitt virðast Vestmannaeyingar sammála um og það er að lítill áhugi sé fyrir kosningunum í lok mánaðarins. Lítið fari fyrir pólitískri umræðu og erfitt eða ómögulegt sé að staðsetja átakalínur á milli flokka og tilfinning viðmælenda Fréttablaðsins er að þátttaka verði lítil í kosningunum. Einn viðmælandi taldi ástæðuna vera góða fjárhagsstöðu bæjarins. Menn væru heilt yfir sáttir við stjórn bæjarmála og í því umhverfi sem ríkjandi væri; kosningar innan flestra sveitarfélaga snúist jú um afleita stöðu vegna gríðarlegrar skuldsetningar. Margir telja jafnvel fyrirséð að sjálfstæðismenn haldi meirihluta sínum og verði við stjórnvölinn líkt og síðustu fjögur ár. Það verði uppskeran af því að koma bæjarfélaginu fyrir vind í fjármálum.

Eins og kunnugt er seldi Vestmannaeyjabær hlut sinn í Orkuveitu Suðurnesja. Þeir fjármunir voru nýttir til að gera upp óhagstæð lán en 2,5 milljarðar króna af eldri skuldum voru greiddir upp á kjörtímabilinu sem er að líða.

Mönnum er kjörtímabilið 2002 til 2006 ofarlega í huga þegar þrír flokkar „nýttu allar hugsanlegar útgáfur til að fara með stjórn bæjarins“, eins og það er orðað. Það virðist vera staða sem hræðir Eyjamenn og eru þá dæmi frá Reykjavík og minni sveitarfélögum á kjörtímabilinu sem er að ljúka nefnd í samhengi.

Sjálfstæðisflokkurinn náði sögulegum árangri í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 með því að ná hreinum meirihluta. Þeir bættu við sig manni og fengu fjóra menn kjörna. Fjórmenningarnir skipa enn fjögur efstu sæti D-lista.

Vestmannaeyjalistinn er boðinn fram af Samfylkingu, Vinstrihreyfingunni - grænu framboði og óháðum kjósendum. Listinn er skipaður fólki úr ýmsum áttum, bæði fólki sem hefur reynslu af bæjarmálum en einnig nýju fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á sviði bæjarmála. Gætt er að jafnri skiptingu milli kynja auk þess sem yngri kynslóðin á sína fulltrúa. Því er spáð að listinn haldi sínu; þremur mönnum af sjö og pólitískt landslag haldist því að óbreytt.

Þriðji listinn í framboði til kosninganna nú er listi Framsóknarflokks og óháðra. Framsókn klífur sig út úr Vestmannaeyjalistanum eftir sameiginlegt framboð í tveimur síðustu sveitarstjórnarkosningum. Ástæða þessara vistaskipta virðist vera óánægja grasrótarinnar með samkrullið við Samfylkinguna og VG. Fleiri en einn viðmælandi telja að samstarf undir Vestmannaeyjalistanum hafi staðið pólitískri umræðu í Eyjum fyrir þrifum.

Það eru því þrír listar sem bjóða fram líkt og 2006 en Frjálslyndir hafa dregið sig í hlé. Er það gagnrýnt að bæjarmálafélag Frjálslynda flokksins skuli hvetja fólk til að hunsa kosningarnar, eins og er gert í ályktun bæjarmálafélagsins. Ástæðan fyrir þessari áskorun er að flokkurinn telur sig hafa orðið „vitni að vafasömum vinnubrögðum gömlu fjórflokkanna, sem við vorum ekki og erum ekki sátt við, því hvetjum við okkar fólk og aðra sem styðja stefnu Frjálslynda flokksins að hunsa þessar kosningar með því að sitja heima eða skila auðu“.

Af algengum málum eru allir sammála um að vel hafi verið gert í skólamálum og samgöngumálin horfi til batnandi vegar með nýrri höfn. Nefna menn að átak í málefnum eldri borgara sé nærtækt þó að bæjarfulltrúar minni á það að töluvert hafi verið gert í þeim málaflokki á undanförnum árum. Niðurgreiðslur á fasteignagjöldum eldri borgara eru hlutfallslega mjög háar í Vestmannaeyjum miðað við mörg sveitarfélög af svipaðri stærð. Hins vegar er samhljómur um að fjölga verði búsetuúrræðum og auðvelda fólki að komast úr stóru óhagstæðu húsnæði í minna og hentugra. Þegar hefur verið sett á fót þriggja ára áætlun um þetta verkefni með því að eyrnamerkja 100 milljónir króna í þessum tilgangi.

Eftir fólksfækkun í sextán ár í röð hefur fjölgað í röðum heimamanna síðastliðin þrjú ár. Eyjamenn eru almennt bjartsýnir á að þessi þróun sé aðeins byrjunin á einhverju stærra. Margir hafi látið glepjast af tækifærum þenslunnar og flutt búferlum þess vegna. Þessi hópur mun snúa heim, er trú Eyjamanna, þótt áhyggjuefnið sé að ungt Eyjafólk sé fangi verðlausra eigna uppi á fastalandinu.

Atvinnumál vefjast ekki fyrir Vestmannaeyingum. Allir sem vilja vinna geta unnið er viðkvæðið. Sjávarútvegurinn, sem er sem fyrr undirstaða sveitarfélagsins, getur þó ekki tekið endalaust við. Tækifærin liggja víðar er mál manna og er ferðaþjónusta oftast nefnd.



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

## Kosningarnar snúast um að verja sterka stöðu Vestmannaeyja



„Þetta kjörtímabil hefur verið hálfgerð rússíbanareið. Við förum frá því að vera sveitarfélag sem átti vart til hnífs og skeiðar yfir í það að vera eitt best stæða sveitarfélag á landinu auk þess sem fólksfækkun heyrir fortíðinni til. En hér í Vestmannaeyjum, eins og annars staðar á landinu, verða þessar kosningar að snúast um rekstur sveitarfélagsins. Umhverfið í landinu er með þeim hætti að þrátt fyrir að staða okkar sé sterk í augnablikinu þá þarf lítið til að við lendum í svipuðum vanda og er víðast hvar,“ segir **Elliði Vignisson,** oddviti Sjálfstæðisflokks. „Kosningarnar hér í Vestmannaeyjum, og þá skiptir ekki máli hver fær umboðið, snúast um að verja okkar sterku stöðu.“

Elliði segir að á undanförnum árum hafi skuldir verið greiddar niður fyrir 2,5 milljarða króna og lítið framkvæmt á sama tíma, þrátt fyrir þenslu víða annars staðar. „Hlutverk hins opinbera í hagstjórn er að framkvæma í kreppu, sem við hyggjumst gera. Við höfum til þess burði og munum gera það á næstu árum. En þó við getum framkvæmt megum við illa við auknum rekstri.“

Elliði segir að ýmsar ógnir stafi að samfélagi eins og Vestmannaeyjum. Sérstaklega beri þar að nefna fyrningarleið stjórnvalda og niðurskurð á heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. „Það er ekki síður þessi vakt sem við verðum að standa á næstu árum,“ segir Elliði og segir það sveitarfélaganna að gæta hagsmuna íbúa sinna þó að málaflokkurinn sé ekki á forræði sveitarstjórna. „Sveitarstjórnirnar eru brjóstvörn samfélaganna í öllum þeirra hagsmunamálum.“

## Viljum ná árangri með samvinnu



„Okkar kjörorð er og hefur verið friður og framfarir. Við höfum sem minnihluti á móti Sjálfstæðisflokknum reynt að vinna þannig að ná einingu og samstarfi í sveitarfélaginu til að ná árangri,“ segir **Páll Scheving Ingvarsson,** oddviti Vestmannaeyjalistans. „Við höfum á undanförnum árum byggt upp skólana og endurskipulagt þá ásamt því að byggja upp íþróttamannvirki. En núna liggur fyrir að við verðum að byggja upp öldrunarþjónustuna og efla hana stórlega. Það er stórt verkefni sem er fram undan og þarf að vinna að af alefli.“

Páll segir að sveitarfélagið standi vel fjárhagslega og því fylgi að sjálfsögðu tækifæri. Ólíkt mörgum öðrum sveitarfélögum liggi ekki óhagstæð lán eins og mara á Vestmannaeyingum. Til séu sjóðir eftir sölu eigna og rentur af þeim megi nýta til að hlúa að fólkinu sem í Eyjum býr og taka á móti þeim sem vilja flytja aftur heim.

Páll nefnir sérstaklega að eitt meginverkefni bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum sé að nýta sem best þá byltingu sem er að verða í samgöngumálum Vestmannaeyinga. „Markaðssetning nýrrar samgönguleiðar er eitt af stærri tækifærum bæjarins. Við verðum að nýta þau sem best. Við verðum að virkja þessa samgönguleið og markaðssetja Vestmannaeyjar. Við verðum að efla viðburði og byggja upp afþreyingartækifæri. Eyjarnar eru náttúruperla en það dugir ekki eitt og sér. Við verðum að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn og búa okkur undir fjölgun gesta sem er fyrirséð.“

## Vilja beina þátttöku bæjarbúa



„Okkar sýn kristallast í orðunum lýðræði – samvinna – gagnsæi,“ segir **Sigurður E. Vilhelmsson,** sem leiðir lista Framsóknarflokks og óháðra. „Það sem við leggjum áherslu á er að teknar verði upp íbúakosningar í Vestmannaeyjum þar sem íbúar geti farið fram á kosningar með því að safna undirskriftum frá tilteknum fjölda manna. Þetta ætti við um skipulagsmál og framkvæmdir svo dæmi sé tekið.“

Sigurður segir framboðið leggja mikið upp úr virkri samvinnu innan sveitarfélagsins. „Við viljum að bærinn hafi meira frumkvæði að samvinnu innan bæjarfélagsins og á milli sveitarfélaga. Þar höfum við sett fram hugmyndir um samvinnusjóð. Vestmannaeyjabær stendur vel fjárhagslega og við viljum nýta hluta þess fjármagns til að styrkja framkvæmdir einstaklinga og félagasamtaka. Bærinn gæti þá í gegnum samvinnusjóðinn veitt framlag á móti öðrum styrkjum eftir að verkefnin hefðu farið í gegnum matsferli annarra sjóða. Við viljum jafnframt að bærinn kanni möguleika á að setja á fót samvinnufélag til byggingar þjónustuíbúða fyrir aldraða.“

Sigurður og hans fólk vill auka gagnsæi innan stjórnsýslunnar í Vestmannaeyjum. Til þess að það megi verða skuli sett á fót embætti umboðsmanns íbúa. „Sá yrði tengill íbúa við kerfið. Viðkomandi væri starfsmaður bæjarins en óháður stjórnkerfinu sem gæti tekið við kvörtunum og erindum frá íbúum og leiðbeint þeim. Eins gæti umboðsmaður íbúa tekið á móti fólki sem hingað flyst; upplýst það um réttindi og skyldur og auðveldað því að aðlagast samfélaginu hér.“ Annað hlutverk umboðsmanns íbúa væri að hafa umsjón með að þróa íbúalýðræðið og halda utan um íbúakosningar, segir Sigurður, sem viðurkennir að áherslur listans beri keim af umræðu í samfélaginu að undanförnu. „Þetta er krafa samfélagsins og við höfum séð hvert það leiðir okkur að fámennir valdahópar ráða ferðinni.“

hagsbóta, hefja vernd náttúru og umhverfis til vegs á Íslandi og treysta byggð um allt land. Hreyfingin er samstarfsvettvangur og baráttutæki þeirra, sem vilja útrýma kynjamisrétti og tryggja jafnrétti, kvenfrelsi... // sjá meira á www.vg.is/stefna/

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill beita sér fyrir róttækum þjóðfélagsumbótum almenningi til

Græn Reykjavík

Verið öll velkomin!

Málþing um umhverfi, skipulag og samgöngur í borginni
**laugardaginn 15. maí kl 14-16, í Sjóminjasafninu í Reykjavík að Grandagarði 8.**

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra
Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt
Sigrún Helga Lund frá samtökum um bíllausan lífstíl

Sóley Tómasdóttir stýrir fundi.




VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

Kosningaskrifstofa VG í Reykjavík | Suðurgata 10 | opið kl. 13-18 alla daga | sími 517 0723 | reykjavik@vg.is | www.vg.is

# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir heimili

Nú eiga viðskiptavinir Landsbankans með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin er afturvirk og því einnig í boði fyrir einstaklinga sem þegar hafa nýtt sér höfuðstólslækkun lána. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

**AÐRAR LAUSNIR FYRIR EINSTAKLINGA**

- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu
- Sértæk skuldaaðlögun

ENNEMM / SÍA / NM42148




*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

**LAUSNIR FYRIR HEIMILI** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

**FRÉTTASKÝRING:** Hvernig er lagt til að stjórnkerfinu verði breytt?

# Aukin ábyrgð og stærri og færri ráðuneyti

**Starfshópur forsætisráðuneytisins leggur til umfangsmiklar breytingar á stjórnsýslunni og stjórnarskránni í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Áhersla er lögð á færri og stærri ráðuneyti, söfnun upplýsinga og að ráðherrar beri aukna ábyrgð.**



**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS** Starfshópurinn, sem Gunnar Helgi Kristinsson veitti formennsku, leggur til ýmsar breytingar á starfsemi Stjórnarráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfshópurinn tekur í meginatriðum undir aðfinnslur rannsóknarnefndarinnar. Hans var að útfæra hugmyndir um hvernig brugðist yrði við þeim og útfæra nánar þær breytingar sem ráðast ætti í og beina sjónum sínum að stjórnsýslunni og stjórnarráðinu.

Niðurstaða starfshópsins er að mjög mikilvægt sé að tillögum í skýrslunni sé fylgt. Ýmis atriði eru komin á rekspöl, til að mynda er starfandi nefnd um endurskoðun á lögum um Stjórnarráð Íslands og tengdri löggjöf. Starfshópurinn leggur til að ýmsum atriðum verði vísað til þeirra nefndar.



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**

Auk þeirra tillagna rannsóknarnefndarinnar sem starfshópurinn mælist til að farið sé eftir, leggur hann til beinar aðgerðir í níu liðum.

Þegar þeir eru skoðaðir sést að efling ráðuneyta er ofarlega í huga hópsins. Hann leggur mikla áherslu á að þau verði stærri og öflugri stjórnsýslueiningar og embættismönnum verði betur gert kleift að sinna skyldum sínum. Það á einnig við um ráðherra, en því er velt upp hvort ekki eigi að rýmka heimildir þeirra til að ráða sér pólitíska aðstoðarmenn.

Þá er einnig lögð rík áhersla á að ábyrgð sé skýrð; bæði ráðherra og embættismanna. Ljóst verði að vera hverju sinni hvar hún liggi.

**Efla upplýsingar og eftirlit**

Í því skyni er lagt til að komið verði upp óháðu eftirliti með ráðuneytum. Lagt verði mat á frammistöðu æðstu stjórnenda. Þá þurfi að lögfesta skyldur og ábyrgð embættismanna betur, ekki síður en ráðherranna sjálfra.

Meðal þess sem starfshópurinn leggur til að gert verði er að stuðla að svokölluðum samstöðuskapandi stjórnmálum. Með því er átt við að sá hópur sem kemur að ákvörðunum verði víkkaður út. Þar er horft til þess að stjórnarandstaðan sé höfð með í ráðum. Í því skyni leggur hópurinn til að hlutverk Alþingis verði eflt.

Þá er mikið lagt upp úr því að upplýsingasöfnun sé ábótavant. Gera verði gangskör að því að bæta hana, bæði hvað varðar formlega og óformlega fundi. Það nái einnig til munnlegra upplýsingar. Hópurinn varar þó við því að upplýsingalög megi ekki koma í veg fyrir samráð, eða samstarf, á milli stjórnvalda.

Starfshópinn skipuðu þau Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sem gegndi formennsku, Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Ómar H. Kristmundsson, prófessor í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands, Kristín Benediktsdóttir hæstaréttarlögmaður og Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Með hópnum starfaði Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Upplýsingalög

Hópurinn vill að tekið sé tillit til athugasemda í skýrslu rannsóknarnefndarinnar varðandi söfnun upplýsinga. Endurskoða verði ákvæði um skráningu munnlegra upplýsinga. Víkka þurfi gildissvið þeirrar reglu svo hún taki einnig til annarra mikilvægra upplýsinga en þeirra sem varða úrlausn stjórnsýslumál.

Hópurinn áréttar hins vegar að tryggja verð að upplýsingalög standi ekki í vegi fyrir því að stjórnvöld geti haft samráð og samstarf sín á milli, til dæmis með nefndum og hópum.



**LÍTIÐ SKRÁÐ** Rannsóknarnefndin gagnrýndi að lítið hefði verið skráð niður af mikilvægum fundum, til dæmis á mili forsætisráðherra og seðlabankastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Samstöðuskapandi stjórnmál

Smæð stjórnsýslunnar hér á landi er vandamál að mati starfshópsins. Þeim grundvallarstaðreyndum verði ekki breytt, heldur verði að takast á við þau verkefni sem þær skapa. Þau lúti að innra skipulagi og starfsháttum stjórnkerfisins annars vegar og hins vegar að áherslubáttum þess í samskiptum út á við. Mörg atriði verði að hafa í huga.

■ Stuðlað verði að samstöðuskapandi stjórnmálum og meirihlutaræði minnkað. Það verði gert með því að efla eftirlits- og umræðuhlutverk þingsins. Þá er hugsanlegt að veita skilgreindum minnihluta rétt til að beina málum í ákveðinn farveg, til dæmis þjóðaratkvæðagreiðslu.

■ Ráðuneyti sameinuð og efld. Þær skipulagsheildir sem stjórnkerfið er byggt upp af verði styrktar, vegna veiks stoðkerfis.

■ Samþætting utanríkisráðuneytisins við aðra stjórnsýslu. Þannig nýtist þekking þar öllu stjórnkerfinu, þegar kemur að samskiptum út á við.

■ Hugmyndir og þekking verði flutt inn að utan. Stjórnkerfið læri af reynslu erlendis frá, til dæmis í Evrópuráðinu, hjá Sameinuðu þjóðunum og af norrænu samstarfi.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SAMRÁÐ** Starfshópurinn leggur til að komið verði á samstöðuskapandi stjórnmálum og dregið úr meirihlutaræði.

## Skráning bætt

Starfshópurinn leggur á það áherslu að gagnrýni rannsóknarnefndarinnar á málaskráningu og skjalavörslu hjá Fjármálaeftirlitinu sé heimfærð á alla stjórnsýsluna. Efla þurfi innleiðingu á notendavænni upplýsingatækni í opinberri stjórnsýslu og auka möguleika á að nýta hana sem stjórntæki í daglegri starfsemi.

## Lög verði skýr

Hópurinn vill breyta stjórnsýslulögum til að tryggja skýrari lagasetningu. Sú óskráða regla um að athafnir og ákvarðanir stjórnvalda þurfi að vera efnislega ákveðnar og skýrar, verði lögfest. Með því er tryggt að einstaklingar, sem eiga samskipti við stjórnvöld, á hverjum tíma skilið lögin og metið réttarstöðu sína.

## Ítarlegar breytingar lagðar til á Stjórnarráðinu

Umfangsmestu breytingarnar sem starfshópurinn leggur til eru á starfsemi Stjórnarráðs Íslands. Hópurinn vildi vísa tillögunum til nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um Stjórnarráðið. Nú hefur ríkisstjórnin samþykkt frumvarp sem lagt verður fram á yfirstandandi þingi. Breytingarnar eru í átta liðum.

■ Ábyrgð ráðherra - skerpt á stjórnunar- og eftirlitsskyldum.

■ Skyldur ráðherra - útfæra nánar hvað varðar upplýsingaskyldu, sannleiksskyldu og frumkvæðisskyldu.

■ Verkstjórn - hlutverk forsætisráðherra sem verkstjóra ríkisstjórnar tryggt í sessi. Honum ber að upplýsa alla ráðherra um málefni þeirra ráðuneyta. Sú framkvæmd sem skapast hefur með ráðslagi oddvita ríkisstjórnarflokkanna ýtir undir þörfina.

■ Ríkisstjórnarfundir - reglur verði skýrari, skilgreind hvað teljast mikilvæg stjórnarmál og þurfi fyrir ríkisstjórn.

■ Ráðherranefndir - lagarammi skýrður og hver munur er á slíkum nefndum og fundum einstakra ráðherra um stjórnsýsluleg efni.

■ Pólitískir starfsmenn - kannað hvort og með hvaða hætti möguleiki ráðherra til að ráða sér pólitíska starfsmenn verði efldur.

■ Ráðuneytum fækkað - einfaldar samstarf í ríkisstjórn.

■ Embættismenn - sérstakar skyldur æðstu embættismanna gagnvart ráðherrum lögfestar.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ODDVITARNIR** Skýrari reglur þarf um verkstjórn forsætisráðherra.





Málþing um erindi Pierre Bourdieu við okkar tíma

MENNTAVÍSINDASVIÐ

**17. maí kl. 13.00–17.00**
**Stofa H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð**



Pierre Bourdieu

Menntavísindasvið Háskóla Íslands stendur fyrir opnu málþingi um kenningar franska félagsfræðingsins **Pierre Bourdieu**. Leitað verður svara við spurningunni:

**„Heldur hugtak Pierre Bourdieu um menningarauð gildi sínu á 21. öld?"**

Fyrirlesarar verða **Diane Reay**, prófessor við Cambridgeháskóla og **Donald Broady**, prófessor við Uppsalaháskóla, en þau eru í hópi virtustu sérfræðinga um kenningar Bourdieus. Andmælandi verður **Jon Lauglo**, prófessor við Osloárháskóla. Öðrum þátttakendum verður gefinn kostur á fyrirspurnum og að taka þátt í umræðum.

Málþingið er haldið á vegum Rannsóknarstofu í bernsku- og æskulýðsfræðum – BÆR og norræns doktorsnemanámskeiðs í félagsfræði menntunar. Það fer fram á ensku.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð Sólland og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2770

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

## Stefnumótun og löggjöf

Í skýrslu hópsins segir að stefnumótun sé mikilvægur þáttur af starfi Stjórnarráðsins. Hún tengist stefnumörkun sem fer fram af hálfu stjórnmálaflokka. Nokkur atriði verði að skoða í þessum málum.

■ Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með fjárstuðningi við stjórnmálaflokka og honum verði hagað með markvissari hætti. Hann styðji við stefnumótun og félagsstarf.

■ Meginhagsmunir þeir sem lögum er ætlað að tryggja verði tíundaðir í aðdraganda lagasetningar.

■ Stutt verði við það starf sem skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneytinu vinnur og vinnubrögð við undirbúning stjórnarfrumvarpa þannig bætt.

■ Komið verði á fót ytra eftirliti, með formlegu ferli, eða miðstöð, svo þingmenn geti fengið álit á hvort löggjöf standist stjórnarskrá og helstu alþjóðasáttmála sem Ísland á aðild að.



**RÉTTUR ÞINGMANNA** Starfshópurinn vill efla eftirlitshlutverk alþingismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stjórnarskráin

Starfshópurinn vill breyta að minnsta kosti fyrstu tveimur köflum stjórnarskrárinnar. Hann vill að tekið verði á fjölmörgum atriðum.

■ þingræðisreglu
■ stöðu forsetans
■ ábyrgð ráðherra á stjórnarathöfnum.
■ verkaskiptingu milli ráðherra
■ hlutverki forsætisráðherra í Stjórnarráði Íslands.
■ þýðingu ríkisstjórnarfunda
■ ákvæði um embættismenn



**FRELSISSKRÁ ÚR FÖÐURHENDI** Hópurinn vill breyta stjórnarskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ENDURSKOÐA ÞARF LÖG** Starfshópurinn telur að endurskoða verði lög um Seðlabanka Íslands til að skerpa eftirlit með fjármálamarkaði. Þá þurfi að taka pólitíska afstöðu til þróunar fjármálamarkaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Efla verður eftirlit með fjármálamarkaði

Efla verður til muna eftirlit með fjármálamarkaði að mati starfshópsins. Tekur hann þar undir með rannsóknarnefnd Alþingis. Athugasemdir hennar voru í fjórum meginþáttum:

■ við reglur um eftirlit á fjármálamarkaði.
■ við starfsemi Fjármálaeftirlitsins.
■ við starfsemi Seðlabanka Íslands.
■ við stefnumótun stjórnvalda á sviði fjármálamarkaðar.

Starfshópurinn bendir á að í frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra um breytingar á lögum um fjármálastarfsemi, sé að nokkru komið til móts við tillögur rannsóknarnefndarinnar. Fylgja þurfi þó eftir tillögum um starfsemi Fjármálaeftirlitsins og að starfsskilyrði þess séu tryggð. Þá vill hópurinn endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Þá þurfi að taka pólitíska afstöðu til þróunar fjármálamarkaðar.

## Fagþekking efld og eftirlit einnig

Hópurinn skoðaði einnig lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og starfsmannastefnu ríkisins almennt. Hann vill skerpa á ýmsum atriðum í því skyni að efla fagþekkingu. Huga verður þó „að hinu víða samhengi starfskjara, fjölda starfsmanna, uppbyggingu þeirra skipulagsheilda sem um er að ræða, stjórntækja yfirmanna gagnvart starfsmönnum og svo því hvaða mælitæki og hvata hægt er að nýta til að viðhalda nauðsynlegri færni og aðhaldi að opinberum starfsmönnum." Tillögur hópsins snúa að ýmsu.

■ Frammistaða æðstu stjórnanda verði metin reglulega af hlutlausum aðila.

■ Mannaflsþörf Stjórnarráðsins verði metin.

■ Ráðuneyti sameinuð og fækkað. Úr verði öflugri einingar.

■ Dregið verði úr afskiptum ráðherra við ráðningar æðstu embættismanna.

■ Leiðsögn verði skipulögð fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins sem snertir pólitísk viðfangsefni, án þess að það bitni á kröfu um óhlutdrægni.


# Vekjum Reykjavík!

**KJÓSUM MEIRI KRAFT OG ÖRUGGA ATVINNU**

Atvinnulausir Reykvíkingar hafa aldrei verið fleiri. Samfylkingin sættir sig ekki við það. Borgin þarf að vakna, taka forystu og beita öllu afli til að minnka atvinnuleysið og flýta endurreisninni.

**Samfylkingin vill binda enda á aðgerðaleysið og hrinda markvissum og mikilvægum aðgerðum í framkvæmd.**

1. Átak í nýsköpun og nýtingu á tómu húsnæði
2. Endurnýjun í eldri hverfum og efling innviða
3. Samstillt vaxtarátak á öllu höfuðborgarsvæðinu
4. Tvöföldun viðhalds og auknar verklegar framkvæmdir
5. Vaxtarátak í græna geiranum

Við verðum líka að liðsinna fólki meðan á atvinnuleit stendur, veita því öryggi og hlúa að félagslegri virkni. Annars getur atvinnuleysið valdið miklu andlegu tjóni!

**Kynntu þér aðgerðaráætlun okkar á xsreykjavik.is**




**KOMUM VINNUFÚSUM HÖNDUM TIL STARFA. KJÓSUM SAMFYLKINGUNA!**



Vnr. 55095007/107-8

**Blákorn**

Blákorn 5, 10 eða 40 kg.

Verð frá **1.190**



Vnr. 55095013

**Illgresiseyðir**

CASORON illgresiseyðir, 1kg.

**2.850**



Vnr. 86363040-550

**Pallaolía**

KJÖRVARI pallaolía. Glær, græn, hnota, fura, rauð fura eða rauðviður, 5 l.

**5.990**

1 l AF VIÐARSKOLI FYLGIR MEÐ 5 l AF PALLAOLÍU.*



Gleðilegt sumar

**39.900**

Vnr. 50657144

**Gasgrill**

STERLING gasgrill með tveimur brennurum, grillflötur 50x32 cm, efri grind 50x24 cm og hitamælir. Postulínshúðuð grillgrind, neistakveikjari, hitadreifiplata og hliðarborð. 8,8 kW.



Einfalt í uppsetningu, samsetningu og flutningum!

**22.900**

Vnr. 50632115

**Gasgrill**

COMBO gasgrill með tveimur brennurum, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Mjög einfalt í uppsetningu. Grillflötur 42x35 cm. Stærð uppsett 104x46x33 cm, stærð samsett 10x46x87 cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og slanga fylgja og hitadreifiplata, lok, 3,6 kW.

## FRÁBÆR KAUPAUKI MEÐ GRILLUM:

sodastream



SodaStream tæki ásamt gashylki sem dugar í 60 lítra. 1 l plastflaska fylgir með grillum yfir 39.900 kr.*

**Verðmæti: 13.990 kr.**

## 20% AFSLÁTTUR

AF GRILLPRO GRILLFYLGIHLUTUM*



28" REIÐHJÓL



Frábært tilboð

**23.990***

Fullt verð: 29.990

Vnr. 49620200

**Götuhjól**

28" götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra með brettum og bögglabera.



Vnr. 88040056

**Trampolín** **59.900**

Trampolín, 4,3 m, með öryggisneti.



Frábært tilboð

**19.990***

Fullt verð: 26.990

Vnr. 41622100

**Garðsett**

Garðhúsgagnasett, borð, 4 grænir stólar og sólhlíf.

ÓDÝRT

## 20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLU GAGNVÖRÐU PALLAEFNI, GIRÐINGAEININGUM OG GARÐHÚSUM

ÓDÝRT

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

*Gildir laugardaginn 15. maí og sunnudaginn 16. maí í öllum verslunum BYKO meðan birgðir endast.

# Frábært sumar-fjör í BYKO!




## Líf og fjör í BYKO Breidd og Kauptúni í dag!

Pylsa og Pepsi handa öllum og hoppukastali fyrir börnin frá kl. 12-15 í BYKO Breidd og Kauptúni.




## Kynningar og ráðgjöf í BYKO Breidd:

Ráðgjöf á útimálningu og viðarvörn:
**Málningarsérfræðingur BYKO ráðleggur við val á útimálningu og viðarvörn.**



Kl. 11-14
**Sérfræðingur frá Málningu verður með ráðgjöf við hreinsun og viðhald pallsins.**



Kl. 11-14
**Garðyrkjufræðingur ráðleggur við val á áburði, mosaeyðingu og umhirðu garðsins.**



Kl. 11-14
**Kynning á flottri nýjung í BYKO! Uppblásinn nuddpottur - sjón er sögu ríkari.**



Kl. 11-14
**Kynning á SONAX bílahreinsivörum.**
**25%** kynningarafsláttur. SONAX



## Örugg skemmtun í BYKO Kauptúni!

Kl. 13-16 laugardag
**Björgunarsveitin Ársæll ætlar að kynna starfsemi sína og námskeið. Björgunarsveitarbíll verður til sýnis.**

**Heppinn viðskiptavinur vinnur gjafabréf á spennandi námskeið!**

BJÖRGUNARSVEITIN ÁRSÆLL

Kl. 13-16 laugardag og sunnudag
**Veltibíllinn verður á staðnum og mega allir upplifa bílveltu á litlum hraða til að finna hvað bílbelti eru mikilvæg í umferðinni. Bíllinn er í eigu Sjóvá, Umferðarstofu og Brautarinnar – bindindisfélags ökumanna.**

brautin
bindindisfélag ökumanna



BYKO

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Virk og gegnsæ miðlun upplýsinga skiptir miklu máli í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

## Opin og upplýst umræða

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gerði meðal annars grein fyrir stöðu umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu í skýrslu sinni um utanríkismál á Alþingi í gær. Í máli ráðherrans kom fram að undirbúningur formlegra aðildarviðræðna gengi ágætlega og þær ættu að geta hafizt fljótlega eftir að leiðtogar ESB samþykkja umsókn Íslands.

Í máli Össurar kom fram að mikilvægt væri að hafa umsóknarferlið eins opið og gegnsætt og mögulegt væri til að eyða tortryggni og misskilningi. Ráðherrann fór meðal annars yfir að í því skyni hefðu spurningar ESB um löggjöf á Íslandi og svör stjórnsýslunnar verið birt opinberlega. Í sama anda yrðu fundargerðir samninganefndarinnar og undirhópa hennar birtar opinberlega, þannig að samningsafstaða Íslands í einstökum málum yrði opinber um leið og hún lægi fyrir. Sömuleiðis yrðu önnur gögn birt, svo fremi að samningamenn teldu það ekki skaða samningsstöðu Íslands.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Til viðbótar ætlar utanríkisráðherrann að opna gagnvirka netsíðu, þar sem almenningur getur sagt skoðun sína á einstökum málum og átt í samræðum við samningamenn, sérfræðinga og „eftir atvikum ráðherrann sjálfan“. Þá er ætlunin að Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, fari í fundaferð um landið til að upplýsa þá sem áhuga hafa um næstu skref í viðræðunum.

Þessi vinnubrögð eru til fyrirmyndar og til þess fallin að stuðla að opinni og upplýstri umræðu um aðildarumsókn Íslands. Þau eru líka vonandi til þess fallin að þvert á pólitíska flokka og hagsmunasamtök taki menn þátt í að ná sem hagstæðastri samningsniðurstöðu fyrir Ísland, sem þjóðin getur svo greitt atkvæði um, í trausti þess að málið sé unnið fyrir opnum tjöldum.

Mikilvægt er að upplýsingar, sem stjórnvöld miðla um Evrópusambandið og aðildarumsóknina séu byggðar á handföstum staðreyndum en ekki óskhyggju eða spádómum. Hins vegar munu einhverjir verða til að tortryggja allt, sem frá stjórnvöldum kemur, til dæmis hvort réttu staðreyndunum sé haldið á lofti. Þess vegna er mikilvægt að tryggt verði að fleiri en ríkisvaldið geti miðlað upplýsingum.

Í skýrslu utanríkisráðherrans er rifjað upp að meirihluti utanríkismálanefndar hafi lagt til að fé verði ráðstafað til þess að félagasamtök geti tekið þátt í opinberri umræðu og miðlað upplýsingum um málið. Víða í ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB hefur sú leið verið farin að ríkisvaldið styrkir bæði samtök aðildarandstæðinga og stuðningsmanna aðildar til að koma málflutningi sínum á framfæri við almenning. Með því að hafa sama háttinn á hér yrði stuðlað að virkri upplýsingamiðlun og að málið yrði rækilega rætt frá öllum hliðum.

Að lokum getur þjóðin þá myndað sér skoðun, byggða á miklum og fjölbreytilegum upplýsingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871






AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Pólitíska kreppan

Hvers vegna neituðu Bretar og Hollendingar að ræða við íslensk stjórnvöld nema stjórnarandstaðan væri með? Hvers vegna kallaði forseti ASÍ eftir þátttöku stjórnarandstöðunnar þegar aðilar vinnumarkaðarins vildu samtöl við ríkisstjórnina?

Í fljótu bragði má ætla að kröfur sem þessar bendi til að stjórnarandstaðan beri höfuð og herðar yfir réttkjörin stjórnvöld. Önnur skýring gæti þó verið jafn sennileg. Hún er sú að hér ríki pólitísk kreppa og engin málefnalega virk ríkisstjórn finnist til að ræða við.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Við þetta vakna tvær spurningar. Sú fyrri er: Um hvað snýst málefnaágreiningurinn sem lamar landsstjórnina? Sú seinni er: Má leysa hann? Með hæfilegri einföldun má leita svara með því að líta á samstarfsáætlunina við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fimm önnur kjarnaatriði. Samstarfsáætlunin er undirstaða efnahagsendurreisnarinnar. Hluti þingmanna VG er andvígur henni í heild. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa því ekki meirihluta í eigin þingliði fyrir þeim málefnaþætti efnahagsendurreisnarinnar sem allt annað byggir á.

Hluti Framsóknarflokksins undir forystu formannsins fylgir minnihluta VG í þessu efni. Málefnalega hefur hann því staðsett sig til hliðar við raunveruleikann um stund.

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin sömdu við sjóðinn um áætlunina. Þessir tveir flokkar ættu því að geta átt málefnalega samleið um að koma henni í framkvæmd. Önnur mál hindra hins vegar samstarf þessara flokka.

## Kjarnaatriðin

Endurreisn á grundvelli samstarfsáætlunar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn snýst einkum um fimm kjarnaatriði til viðbótar:

1) Jöfnuð í ríkisfjármálum á þremur árum: Vinstri armur VG hafnar því. Samstaða milli stjórnarflokkanna getur því einungis náðst um allsendis ófullnægjandi aðgerðir. Meiri líkur eru á að Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Framsóknarflokkur gætu náð saman um það sem þarf.

2) Endurreisn viðskiptabankanna: Hér er enginn ágreiningur hvorki innan ríkisstjórnarflokkanna né við stjórnarandstöðuna.

3) Orkunýtingu: Útilokað er að stjórnarflokkarnir nái saman um það sem þarf að lágmarki að gerast í nýrri verðmætasköpun vegna andstöðu VG og hluta Samfylkingar. Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og Framsókn eiga möguleika á að ná þar saman.

4) Sjávarútvegsstefnu: Hér eru ríkisstjórnarflokkarnir algjörlega sammála um grundvallarbreytingar sem draga munu úr þjóðhagslegri hagkvæmni fiskveiða og vinna gegn endurreisn efnahagslífsins. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn geta með hvorugum stjórnarflokkanna unnið á þeim grunni.

5) Samkeppnishæfa mynt: Það merkir evru með aðild að Evrópusambandinu: Hér er djúpstæður ágreiningur. VG er á móti. Samfylkingin er fylgjandi en gæti eins fórnað málinu fyrir samstarfið við VG. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki mótað framtíðarstefnu í peninga- og gjaldmiðilsmálum og innan hans eru mismunandi skoðanir á Evrópusambandsaðild. Í Framsóknarflokknum eru líka mismunandi skoðanir þó að flokkurinn sé formlega fylgjandi aðild. Engir tveir eða þrír flokkar geta því myndað meirihluta um þetta lykilmál eins og sakir standa. Lág laun með gjaldeyrishöftum eru því eina framtíðarsýnin á samkeppnishæfni Íslands sem stjórnmálin bjóða.

## Engin útgönguleið í sjónmáli

Að þessu virtu kemur í ljós að stjórnarflokkarnir hafa aðeins starfhæfan málefnameirihluta um tvö málefnasvið af þeim sex hér eru talin. Í því sambandi verður aukheldur að hafa í huga að sameiginleg stefna þeirra í sjávarútvegsmálum gengur gegn markmiðum samstarfsáætlunarinnar um þjóðhagslega hagkvæmni.

Sjálfstæðisflokkur og Samfylking gætu átt samleið um fjögur af þessum sex málefnasviðum. Ef líta má á andstöðu hluta Framsóknarflokks við samstarfsáætlunina sem stundar leikaraskap gæti flokkurinn átt samstarf við Samfylkingu og Sjálfstæðisflokk um fjögur til fimm atriði.

Eins og sakir standa eru því engar pólitískar forsendur fyrir nauðsynlegri málefnasamstöðu um endurreisnina. Sá flokkur sem skemmst vill ganga hefur málefnaleg undirtök í stjórnarsamstarfinu og ræður för.

Ný nálgun Samfylkingar í sjávarútvegsmálum og ný nálgun Sjálfstæðisflokksins í peningamálum og Evrópumálum væru rökréttir leikir til að opna þessa lokuðu stöðu. Þeir sýnast hins vegar ekki vera í vændum. Kosningar breyta engu ef málefnastaðan er föst. Verst er að kreppan heldur áfram að dýpka ef enginn hreyfir málefnastöðuna.

Þegar dregur úr umræðum um hrunskýrsluna fara menn að kalla eftir ábyrgð á pólitísku kreppunni. Samfylkingin fórnar stærri málefnum fyrir ráðherrastóla en VG. Fyrir þá sök brennur eldurinn fremur á henni. Hins vegar hitnar tæplega að ráði undir Samfylkingunni í þessum skilningi fyrr en stjórnarandstöðuflokkarnir báðir eða annar hvor tefla fram raunhæfum kostum um aðra möguleika eða breiðara samstarf.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# GLEÐILEGT SUMAR

ILVA
einfaldlega betri kostur



+



**35%**
**afsláttur**

© ILVA Ísland 2010

**Summer.** Borð. 160x90 cm. Viðhaldsfrítt. Plasthúðuð viðaráferð. Verð 39.995,- **NÚ 25.995,-**
**Summer.** Fellistóll m/lágu baki. 7 stillingar á baki. Verð 8.995,- **NÚ 5.750,-**
**Borð + 4 stólar.** Verð 75.975,- **NÚ 48.995,-**

**= 48.995,-**



**Glas.** Glerglas. **Verð 95,-**



**Summer.** Smáréttaskeiðar.
6 stk. í pk. **Verð 1.595,-**



**Kitchen.** Kaffikanna.
3 bolla. **Verð 995,-**
6 bolla. **Verð 1.495,-**
9 bolla. **Verð 1.995,-**



**Sogrör.** Sogrör m/beygju.
**Verð 149,-**



**Summer.** Kertalugtir m/haldi.
2 stk. **Verð 3.495,-**



**Tissue.** Servéttustandur.
**Verð 2.995,-**
**Tissue.** Servéttur í box. 250 stk.
**Verð 795,-**



**Basic.** Skálasett. 3 stk. Ø13 cm.
**Verð 595,-**



**Summer.** Kertalugt. 13x13x21 cm.
**Verð 1.995,- Summer.** Kertalugt.
19x19x32 cm. **Verð 2.995,-**
*Einnig til gular eða grænar.*



**Pole.** Díóðuljós (sólarhleðsla).
17x17x24 cm. Steinn. **Verð 4.995,-**



**Summer.** Hlífðarhjálmur. 30 cm. **Verð 395,-**



**Summer.** Eldstæði. Ø75 cm.
**Verð 17.995,-**



**Cutlery.** Áhaldasett. Svört eða
hvítt. **Verð 3.995,-**



**Wood.** Ostabakki m/áhöldum.
Ø24 cm. **Verð 1.995,-**



**Summer.** Útikerti.
15x15x15 cm. **Verð 3.495,-** 12,5x12,5x12,5 cm. **Verð 2.495,-**
Ø15x15 cm. **Verð 2.995,-** Ø12,5x12,5 cm. **Verð 2.495,-**



**Light.** Gaskveikjari. 3 litir.
**Verð 995,-**



**Summer.** Dúkaklemmur.
4 stk. í pk. **Verð 895,-**
*Ýmsar tegundir.*



**Bamboo.** Skurðarbretti.
27,5x27,5 cm. **Verð 2.495,-**

ILVA kaffi
Tortilla m/osti og skinku,
(borið fram með salati).
**690,-**



VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða

ILVA
sendum um allt land

**ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500**
**laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**
**www.ILVA.is**





# Framtíð íslenskra fjölmiðla

**Fjölmiðlalög**

**Katrín Jakobsdóttir**
mennta- og menningarmálaráðherra



Eitt af því sem tekið er til umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er þáttur fjölmiðla í aðdraganda hrunsins. Í siðfræðihluta skýrslunnar segir að fjölmiðlar leiki „lykilhlutverk í lýðræðissamfélagi með því að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagsumræðu og veita aðhald þeim öflum sem vinna gegn almannahag“. Er það niðurstaða skýrsluhöfunda að íslenskir fjölmiðlar hafi ekki staðið nægjanlega vel undir þessu hlutverki. Í lokin eru dregnir fjórir lærdómar, þ.e. ábendingar um nauðsynlegar úrbætur á íslensku fjölmiðlaumhverfi:

- Leita verður leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar.
- Styrkja þarf sjálfstæði ritstjórna og setja eignarhaldi einkaaðila á fjölmiðlum hófleg mörk. Skylt ætti að vera að upplýsa hverjir séu eigendur fjölmiðla á hverjum tíma svo almenningur geti vitað hverjir eigi fjölmiðil og lagt mat á hvort þar sé fylgt fram sjónarmiðum eigenda.
- Efla þarf menntun blaða- og fréttamanna og skapa þeim skilyrði til sérhæfingar í einstökum málaflokkum. Brýnt er að stétt blaða- og fréttamanna efli faglega umræðu og fagvitund meðal félagsmanna.
- Koma þarf á faglegu eftirliti með fjölmiðlum sem hafi það að markmiði að tryggja að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni.

Í byrjun mars mælti ég fyrir frumvarpi til laga um fjölmiðla en með því er ætlunin að setja í fyrsta sinn heildarlöggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Einn tilgangur frumvarpsins er að innleiða evrópsku hljóð- og myndmiðlunartilskipunina frá árinu 2007 en þegar sú vinna var langt komin var ákveðið að endurskoða prentlögin líka sem hingað til hafa heyrt undir dómsmálaráðuneyti. Það er m.a. gert til að samræma lög og reglur sem gilda um hljóð- og myndamiðla annars vegar og prentmiðla hins vegar og tryggja að blaðamenn á ólíkum miðlum njóti sömu réttinda. Ýmis nýmæli eru í frumvarpinu sem koma til móts við sumar af þeim ábendingum sem settar eru fram í rannsóknarskýrslunni.

Í frumvarpinu er kveðið á um að ávallt sé upplýst með skýrum hætti fyrir almenning hvernig eignarhaldi fjölmiðla sé háttað. Þá er einnig ákvæði í frumvarpinu um að skipuð skuli nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði hér á landi og gera þá tillögur um viðeigandi takmarkanir á eignarhaldi. Nefndin á að skila niðurstöðum fyrir 1. september á þessu ári. Þá kveður frumvarpið á um að fjölmiðlar skuli setja sér og birta opinberlega reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra starfsmanna sinna sem sinna fréttum og fréttatengdu efni. Skulu slíkar reglur samdar í samráði við viðkomandi starfsmenn og eftir atvikum starfsmannafélag þeirra. Auk þess er ákvæði í frumvarpinu sem tryggir vernd heimildarmanna skýrar en verið hefur.

Til að hafa faglegt eftirlit með fjölmiðlum og veita þeim aðhald á að setja á fót sérstaka stofnun, Fjölmiðlastofu, sem leysir útvarpsréttarnefnd af hólmi. Hún verður sjálfstæð gagnvart framkvæmdavaldinu í starfi sínu. Henni er ætlað að vinna að því að efla fjölmiðlalæsi og fjölbreytni í fjölmiðlum og standa jafnframt vörð um tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsinga.

Verði frumvarpið að lögum er að mörgu leyti komið til móts við þær ábendingar sem settar eru fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Eitt og sér mun það þó ekki leysa þá erfiðu stöðu sem íslenskir fjölmiðlar eru í. Eftir standa stórar spurningar um hvernig fjárhagsleg og fagleg skilyrði íslenskra fjölmiðla verða tryggð til framtíðar. Það er aðkallandi að svara þeim á næstu misserum. Mikilvægt er að stjórnvöld, fjölmiðlar og fræðimenn vinni saman að bættum skilyrðum fyrir íslenska fjölmiðla þannig að hér megi verða gróskumikið fjölmiðlaumhverfi til framtíðar.

# Athugasemd

**Snjólfi Ólafssyni svarað**

**Guðmundur Andri Thorsson**
rithöfundur



Snjólfur Ólafsson prófessor í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands bregst ókvæða við í Fréttablaðinu í gær vegna greinar sem ég skrifaði 10. maí um að ef til vill þurfi að endurskoða endurskoðendurna í ljósi þess sem þeir lokuðu augunum gagnvart í starfsháttum bankanna og fyrirtækja á borð við FL-group – og þáðu laun fyrir. Í greininni nefndi ég að fram hefði komið að viðskiptahættir mannsins sem braskaði með bótasjóð Sjóvár hefðu verið kenndir gagnrýnislaust í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Þetta segir Snjólfur vera þvætting. Hann vill að ég taki þetta aftur og biðjist opinberlega afsökunar.

Heimild mín fyrir þessari kennslu er frétt í DV þann 26. apríl síðastliðinn. Þar segir undir fyrirsögninni „Fræði Karls Wernerssonar voru kennd í Háskólanum“ að ein spurning í prófi á námskeiðinu „Stjórnun og skipulagsheildir“ árið 2008 hafi verið á þessa leið: „Stjórnarformaður Milestone Karl Wernersson hefur útvíkkað starfsemina og farið inn á ný athafnasvið og stuðlað að fjölbreytingu (fjölþættingu) í rekstri Milestone. Nefndu dæmi um annarsvegar tengda og hinsvegar ótengda fjölbreytingu (fjölþættingu) sem Milestone hefur farið í síðan það var stofnað?“ Í framhaldinu dregur blaðamaðurinn, Ingi Vilhjálmsson, þá ályktun að nemendur hafi verið látnir kynna sér viðskipti Karls og læra af þeim, og þykir það til marks um þá lotningu sem hafi ríkt gagnvart útrásarvíkingum þegar sá dans dunaði.

Ég reyni í minni grein að draga úr því að hér hafi verið um siðblindu eða heimsku einstakra kennara að ræða, heldur tengi tíðaranda og ríkjandi hugmyndafræði þess tíma en læt þess getið að eitthvað hljóti að vanta í nám þar sem slíkt sé „kennt með velþóknun“. Þetta er partur af viðleitni minni til að leita rótanna að ófarnaði Íslendinga á síðustu árum til að reyna að læra af þeim: kannski var alveg út í hött að láta sér detta í hug að einhver svör kynni að vera að finna í viðskiptadeildum Háskólanna þar sem það fólk lærði unnvörpum, sem lék íslenskt efnahagslíf jafn grátt og raun ber vitni.

Sé frétt DV úr lausu lofti gripin er að sjálfsögðu auðsótt mál að biðjast afsökunar á því að hafa haft Viðskiptadeild HÍ fyrir rangri sök. Eigi fréttin við rök að styðjast fellur grein Snjólfs um sjálfa sig.

Undir lok greinar sinnar lætur Snjólfur á sér skilja að þau sem gagnrýni mest séu yfirleitt á svipuðum villigötum og hann segir mig vera; hann gerir m.ö.o. lítið úr þeim gagnrýnisröddum sem víða hljóma í samfélaginu um þessar mundir. Við skulum endilega gæta þess að garga ekki mikið hvert á annað en ég held hins vegar að við þurfum gagnrýni – heiðarlega, beitta, hófstillta og uppbyggilega gagnrýni. Meira að segja hákirkjur á borð við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands þurfa gagnrýni.

Eða þarf kannski ekkert að endurskoða hjá endurskoðendunum? Ekkert sem vantað hefur í námið í viðskiptafræðinni?





## Aðalfundur SPOEX 2010

38. aðalfundur Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga verður haldinn miðvikudaginn 19. maí í Fundarsal Öryrkjabandalagsins Hátúni 10.B Vesturturni.9 hæð og hefst fundurinn kl. 20.00.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundastörf.
Kosning Formans og eins varamans í stjórn
Kaffiveitingar í boði

Mætið öll og fræðist um málefni samtakanna.

Stjórnin.


# Að læknast af geðröskun

**Geðheilbrigðismál**

**Steindór J. Erlingsson**
vísindasagnfræðingur

**Auður Axelsdóttir**
iðjuþjálfi





Á undanförnum sjö árum hefur starfsemi Hugarafls, félags notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og fagaðila, stuðlað að mikilli breytingu á viðhorfum fagaðila og almennings til einstaklinga með geðraskanir (notenda) og þess sem þeir hafa fram að færa í umræðunni um geðheilbrigðismál. Þessu hefur félagið áorkað með blaðskrifum, sjónvarpsviðtölum, ráðstefnuhaldi, fræðslu í skólum og fleiru. Grundvöllur alls þessa er mjög öflugt innra starf þar sem notendur og fagaðilar vinna á jafningjagrunni. Hugarafl, sem starfar hjá Geðheilsu-eftirfylgd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis, byggir starf sitt á valdeflingarhugtakinu (empowerment). Útfærsla þess er sótt til National Empowerment Center í Bandaríkjunum. Er það því mikil lyftistöng fyrir félagið að fá framkvæmdastjóra miðstöðvarinnar, geðlækninn Daniel Fisher, til þess að tala á málþinginu „Að læknast af geðröskun“ sem haldið verður laugardaginn 15. maí kl. 13.00-16.00 í Háskólanum í Reykjavík í Nauthólsvík.

Fisher náði bata af geðklofa. Áður en hann varð geðlæknir lagðist hann nokkrum sinnum inn á geðsjúkrahús. Hann er einn fárra geðlækna í Bandaríkjunum sem ræðir opinberlega um hvernig honum batnaði af geðsjúkdómi sínum og er fyrirmynd fyrir aðra sem berjast við að ná sér. Hefur hann helgað líf sitt því að eyða goðsögninni um að ekki sé hægt að ná sér af geðröskunum. Bati hans og starf á þessu sviði urðu til þess að hann var valinn í nefnd Hvíta hússins um geðheilsu.

Fisher hefur verið ötull talsmaður batamódelsins og valdeflingar, sem hreyfanlegt teymi Geðheilsueftirfylgdar (þrír fagmenn og tveir notendur) vinnur eftir. Þessi hugmyndafræði byggir á því að einstaklingur nái tökum og valdi á eigin lífi og geti fundið styrkleika sína til að takast á við daglegt líf. Það er trú á bataferlið sem skiptir sköpum og því að það byggi ekki eingöngu á að losna við einkenni sjúkdóms. Það er lögð áhersla á persónulega nálgun og mikilvægi þess að læra á tilfinningar sínar til að geta tileinkað sér bjargráð þegar harðnar á dalnum og til að varðveita árangur. Nálgunin hefur reynst vel í starfinu öllu hvort sem um er að ræða einstaklings- eða fjölskylduvinnu, einnig í hópastarfinu hjá Hugarafli. Lögð er áhersla á bjargráð í bataferlinu og stuðningur er veittur á jafningjagrunni.

Lesandi góður við hvetjum þig til að mæta á málþing Hugarafls hinn 15. maí, kl. 13.00-16.00. Auk Fishers munu Auður Axelsdóttir og Steindór J. Erlingsson flytja erindi á málþinginu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.hugarafl.is.




**ÞÁTTUR MANNAUÐSSTJÓRNUNAR**
Í BANKAHRUNINU

Hádegismálstofa **þriðjudaginn 18. maí** kl. 12:00 – 13:30, í Háskólanum í Reykjavík við Nauthólsvík (stofa: Bellatrix).

**DAGSKRÁ:**

| | |
|---|---|
| 12:00 – 12:30 | **Studdi mannauðsstjórnun við ranga stefnu bankanna?** Ásta Bjarnadóttir, Háskólanum í Reykjavík. |
| 12:30 – 12:50 | **Studdi mannauðsstjórnun ekki við rétta stefnu eftirlitsstofnana?** Arney Einarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík. |
| 12:50 – 13:10 | **Hvaða lærdóm getur mannauðsstjórnun dregið af hruninu?** Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Háskóla Íslands. |
| 13:10 – 13:30 | **Fyrirspurnir og umræður.** |

**Allir velkomnir!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# Reykjavíkurframboðið

óháð framboð um hagsmuni reykavíkinga



## Kosningamiðstöðin opnar í dag laugardag kl. 14.00

### -glæsileg kosningamiðstöð í Glæsibæ

Boðið verður upp á kosningakaffi og meðlæti á staðnum. Fólki gefst kostur á að hitta frambjóðendur og afla sér upplýsinga á málefnaborðum um það hvers vegna þau ættu að kjósa REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ í staðinn fyrir fjórflokkana sem stýrt hafa þeim hagsmunasirkus sem verið hefur í gangi undanfarin ár í borginni og á landsvísu.



# Kjóstu **eigin** hagsmuni

... ekki hagsmuni fjórflokksins í Reykjavík

**STEFNUMÁL** Reykjavíkurframboðsins

1. REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ ætlar að taka til baka allar skerðingar á þjónustu, velferð og framkvæmdum sem fjórflokkurinn hefur staðið fyrir á undanförnum misserum.
2. Borgin fái 7 milljarða á ári, næstu 4 árin, í aukið ráðstöfunarfé með því að nýta eignina í Vatnsmýrinni. Þetta er um 12% aukning á ráðstöfunarfé í reikningum borgarinnar á árinu 2009.
3. Með auknu ráðstöfunarfé verður ráðist gegn atvinnuleysi með nýsköpun, auknum framkvæmdum og viðhaldsstörfum. Með þessu fylgja sjálfvirkt tengdar greinar í verslun og allri annarri þjónustu.
4. REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ mun klára Sæmundarskóla og Norðlingaskóla vegna fjölskyldna sem eiga sjálfsagða kröfu á skólaaðgengi fyrir börnin sín.
5. Stöðvuð verði óhagkvæm útþensla byggðar og borgin byggð inn á við.
6. Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur, með miðborgarbyggð í Vatnsmýri, ljúki 2010.
7. Samgöngukerfi borgarinnar verði bætt og slysagildrum útrýmt.
8. REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ vill koma á þriðja stjórnsýslustiginu í formi hverfaráða með eigin völd og mjög aukin fjárráð til staðbundinna verkefna.

### Stöðvum hagsmunagæslu fjórflokksins

Reykjavíkurframboðið ætlar að draga úr valdi og hagsmunatengslum fjórflokksinns og auka lýðræði í borginni með því að færa völd frá borgarstjórn og borgarráði, til fólksins.

### Bætum skipulagið

Reykjavíkurframboðið ætlar að bæta skipulag í borginni með þéttingu byggðar og með því að draga verulega úr óhagræði í samgöngum og umferð.

### Verndum velferðarkerfið

Reykjavíkurframboðið vill verjast niðurskurði í velferðarkerfinu og koma í veg fyrir hækkun skatta. Lausnin liggur í verðmætu landi Vatnsmýrarinnar upp á 70 milljarða.

**www.reykjavikurframbodid.is**

Glæsibær – Álfheimum – Sími 566 7000 – Fax 588 9229

**REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ** er framboð sem berst fyrir Reykvíkinga. Við erum óháð og munum beita okkur að fullu fyrir heimabyggð. Hættum að fórna hagsmunum borgarbúa sem skiptimynt í valdabrölti fjórflokksins á landsvísu. Þessar kosningar á krepputíma snúast um velferð og lífsgæði.

**REYKJAVÍKURFRAMBOÐIÐ** vill verja hagsmuni borgarbúa, auka hagsæld, bæta þjónustu og skipulag. Allt þetta viljum við gera ÁN lántöku sem á að greiða með skattahækkununum og ÁN beinnar hækkunar skatta og gjalda.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS SAMA VÖRUVERÐ UM LAND ALLT
498 KR.KG
FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
598 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1598 KR.KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MEÐAL BANANI ER U.Þ.B.. 225G EÐA 59 KR.STK.
NÝ UPPSKERA AF RAUÐUM EPLUM FRÁ ARGENTÍNU
BANANAR OG RAUÐ EPLI 259 KR.KG.
B·K·I KAFFE Classic MELLEMRISTET
5000 KAFFIPAKKAR EFTIR Á ÞESSU VERÐI:
398 KR.
BKI CLASSIC KAFFI MELLEMRÖSTED 500g
Nautaveisla HAKK
898 KR.KG
N.V FERSKT HAKK
SPAGHETTI BOLOGNESE
NÚ ER GOTT VERÐ Á BARILLA SPAGHETTI OG NAUTAHAKKI!
FÍN UPPSKRIFT Á BONUS.IS
UPPSKRIFT/SPAGHETTI BOLOGNESE
Barilla 1Kg
259 KR. 1 KG
BARILLA SPAGHETTI 1 KG
GRAIN
36 WHEAT BISKS
398 KR. PK
WHEAT BISKS 36 KÖKUR
Matur fyrir fjóra
BÓNUS LASAGNE
998 KR. 1KG.
BÓNUS LASAGNE 1 KG
MATUR FYRIR FJÓRA.
René
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 STK 398 KR.
AÐEINS 11 KR. KAFFIBOLLINN.
BÓNUS SAMLOKA +33 CL. GOSDÓS
198 KR.
PEPSI
FERSKAR SAMLOKUR BÓNUS
18 SALERNISRÚLLUR
598 KR. PK
BÓNUS
ELDHÚSRÚLLUR
BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6 STK.
SÆLGÆTISBARINN
ENGINN AFSLÁTTUR
AÐEINS GOTT VERÐ ALLA DAGA
898 KR.KG
100 GRAMMA POKI Á AÐEINS 90 KR.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS SAMA VÖRUVERÐ UM LAND A
Lamba-Sirloin eru sneiðar úr mjaðma hluta lambalærisins
998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBA- SIRLOIN
2698
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBA-FILLET
129
KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g
ÍSLANDS LAMB
1598
KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR
NÝ BAKAÐ
198
KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐAR
LANGLOKUR 4 STK. Í POKA
KJARNAFÆÐI
30%
AFSLÁTTUR
K.F FERSKT KRYDDAÐ
HEIÐA-LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
1398 kr.kg
MYLLU JÓLAKAKA 420g
50 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFAN
259
KR.STK
30%
AFSLÁTTUR
KF LAMBALÆRISSNEIÐAR
GRILL-VILLIJURTA-KRYDDAÐAR
MERKT VERÐ 2220 KR.KG.
1554 kr.kg
RISA UNGNAUTABORGARI
Í BRAUÐI Á AÐEINS 171 KR.
139
KR.PK
BÓNUS XL- HAMBORGARA-
BRAUÐ 4 STK
1359
KR.KG
KF FROSNIR UNGNAUTA-
HAMBORGARAR 10 x 120G
Hunt's
Hunt's
205
KR. FL
HUNTS BBQ SÓSUR 612g
BBQ ORGINAL & HONEY MUSTARD
398
KR. FL
CAJ-P ORGINAL
BBQ OLÍA 500ml
PEPSI
MAX
179
KR. 2 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# Gaman að vera aftur í boltanum

**Andri Sigþórsson** byggði upp vinsæla bakarís- og kaffihúsakeðju í Noregi eftir að knattspyrnuferlinum lauk. Hann er nú fluttur heim og ræddi við ***Kjartan Guðmundsson*** um ferilinn, meiðslin, viðskiptin og nýja starfið sem fótboltasérfræðingur hjá RÚV.

Það hefur alltaf verið nóg að gera hjá mér. Það er ekki minn stíll að hanga og gera ekki neitt," segir Andri Sigþórsson, fyrrum atvinnu- og landsliðsmaður í knattspyrnu, sem flutti aftur til Íslands fyrir áramótin síðustu eftir langa dvöl í Noregi. Þar lék hann í nokkur ár með Molde, en eftir að hann neyddist til að leggja skóna á hilluna vegna þrálátra meiðsla venti hann kvæði sínu í kross og byggði upp frá grunni bakarís- og kaffihúsakeðjuna Brauð & Bollur, sem naut mikilla vinsælda. Þegar mest var voru starfræktir átta slíkir staðir vítt og breitt um fylkið Mæri og Raumsdal í vesturhluta Noregs, og segir Andri reynsluna koma sér vel í núverandi starfi sem stjórnarformaður í fjölskyldufyrirtækinu Bakarameistaranum. Auk þess birtist Andri vikulega á sjónvarpskjáum landsmanna þar sem hann rýnir í Pepsi-deildina í knattspyrnu ásamt öðrum knattspyrnusérfræðingum RÚV.

Hann segir gott að vera kominn heim þrátt fyrir stöðuna í efnahagsmálum og þau vandræði sem henni fylgja í fyrirtækjarekstri. „Í Noregi var ég mikið til einn að vasast í öllum málum fyrirtækisins, svo það er virkilega gaman að koma heim og vinna með fjölskyldunni eins og ég ólst upp við. Sjónvarpsstarfið gerir það líka að verkum að ég er byrjaður að mæta reglulega á völlinn aftur og hitti þar marga gamla vini og kunningja. Það er frábært og ég er mjög spenntur fyrir þessu," segir Andri.

### Slagsmál hjá Bayern München

Andri er alinn upp í Vesturbænum, nánar tiltekið í KR-blokkinni svokölluðu á mótum Meistaravalla og Nesvegar, þar sem hann bjó til tólf ára aldurs þegar fjölskyldan fluttist í Bústaðahverfið. Hann þótti snemma óvenju efnilegur knattspyrnumaður og eyddi að eigin sögn meiri tíma í KR-heimilinu en heima hjá sér í uppvextinum.

„Mig minnir að ég hafi verið ellefu ára þegar forystumenn knattspyrnudeildarinnar komu að máli við mig og báðu mig vinsamlegast um að hætta að æfa handbolta, en fram að því hafði ég æft í tveimur flokkum í handbolta og fótbolta, auk þess sem ég var rokinn út á völl í hverjum einustu frímínútum og hvenær sem færi gafst á að sparka í bolta. Eftir á að hyggja var þetta gríðarlegt álag á líkama ungs drengs og ég er ekki frá því að þetta hafi haft sín áhrif á það hversu títt ég meiddist þegar á unglings- og fullorðinsaldur var komið. Þetta gerði það líka að verkum að fjölskyldan gætti þess vel að Kolbeinn bróðir minn yrði ekki undir svona miklu álagi í sínu knattspyrnuuppeldi," segir Andri, en Kolbeinn, sem leikur með AZ Alkmaar í Hollandi, er einn allra efnilegasti knattspyrnumaður landsins og skoraði meðal annars í sínum fyrsta landsleik gegn Færeyjum í mars síðastliðnum.

Andri segir aldrei hafa komið til greina að skipta yfir í Víking þegar fjölskyldan flutttist í Fossvoginn, til þess hafi KR-ræturnar verið of sterkar. Hann þurfti þó ekki að hugsa sig tvisvar um þegar honum var boðið til þýska stórliðsins Bayern München til reynslu strax að grunnskólanámi loknu, sextán ára gömlum.

„Ég var svo ákveðinn í að komast strax til útlanda að spila að ég hreinlega gleymdi að skrá mig í menntaskólanám, sem kostaði miklar yfirheyrslur heima fyrir," segir Andri og hlær. „Einbeitingin var slík og kappið svo mikið að á fyrstu æfingunni hjá Bayern lenti ég í slagsmálum, var skammaður og bjóst við að verða sendur beinustu leið heim með næstu vél. Síðar barst mér þó til eyrna að karakterinn sem ég sýndi hefði gert útslagið með það að mér var strax boðinn samningur."

### Afskrifaður átján ára

Með unglinga- og varaliði Bayern lék Andri í þrjú ár með leikmönnum á borð við Dietmar Hamann, Christian Ziegler og Samuel Kuffour. Íslendingnum og Gana-manninum síðastnefnda varð sérlega vel til vina og Andri hefur haldið góðu sambandi við félagið æ síðan. „Þegar ég lít yfir ferilinn voru árin hjá Bayern að mörgu leyti þau bestu. Ég byrjaði vel og skoraði mikið, en lenti því miður snemma í slæmum ökklameiðslum sem gerðu það að verkum að þýsku læknarnir afskrifuðu mig átján ára gamlan, sögðu mér hreinlega að gáfulegast væri að hætta að spila knattspyrnu," segir Andri.

Hann sætti sig þó ekki við þau málalok og þegar hann flutti aftur til Íslands árið 1996 hafði Luka Kostic, þáverandi þjálfari KR, umsvifalaust samband með það fyrir augum að koma leikmanninum aftur í stand. „Luka hafði trú á mér og saman lögðum við mikla og þolinmóða vinnu í endurhæfinguna. Hún skilaði sér vel og ég kom inn á í mínum fyrsta leik með KR í fyrstu deild snemmsumars 1997. Ég skoraði í þeim leik og gerði alls fjórtán mörk í fjórtán leikjum þetta sumar. Það veitti mér sjálfstraust og ég naut þess betur að spila fótbolta en nokkru sinni fyrr," segir Andri.

Næstu árin hélt Andri áfram að raða inn mörkunum fyrir uppeldisfélagið og átti meðal annars frábært tímabil árið 2000. Andri skoraði fjórtán af 26 mörkum KR-inga í efstu deild það sumar og þar af fjögur mörk í lokaleiknum sem tryggði KR-ingum Íslandsmeistaratitilinn. Hann segir þá stund tvímælalaust meðal þeirra stærstu á ferlinum.

„Það var æðisleg tilfinning að eiga svona stóran þátt í að vinna titilinn með uppeldisfélaginu. Viðbrögðin frá KR-ingum um allan bæ voru líka frábær. Til að mynda var ég beðinn um eiginhandaráritanir af mörgu fullorðnu fólki, sem gerist nú ekki oft hér á Íslandi, og ég skrifaði nafnið mitt á ótrúlegustu staði," segir hann og skellir upp úr.

### Mannlega þættinum ekki sinnt

Eftir tímabilið 2000 lék Andri með austurríska félaginu Salzburg í eitt ár. Þaðan lá leiðin til Molde í Noregi, þar sem hann byrjaði vel, en árið 2002 þríbrotnaði hann á hné í leik og þurfti að leggja skóna endanlega á hilluna ári síðar.

Andri segir þennan tíma hafa verið þann versta á sinni ævi. „Þeir hjá klúbbnum gerðu allt sem þeir gátu til að koma mér aftur í gang, en þegar ljóst var að ekki var hægt að lappa upp á mig misstu þeir alveg áhugann á mér. Svona lagað er mjög algengt í atvinnumennsku. Þegar vel gengur vilja allir allt fyrir þig gera, en þú gleymist fljótt þegar þú ert meiddur. Vonbrigðin sem fylgja því að þurfa að hætta að spila svona ungur eru gríðarleg. Það helltist yfir mig vonleysi og mér fannst ég ekki eiga neinn að nema nánustu fjölskyldu og fólk í kringum Bayern München, sem virtist hafa mestar áhyggjur af því hvernig ég hefði það. Ég man til dæmis ekki eftir því að hafa fengið eitt einasta símtal frá fólki sem tengist fótboltanum á Íslandi og hefði gjarnan kosið ögn meiri stuðning úr þeirri áttinni. En þetta sýnir vel hvernig þessi knattspyrnuheimur er. Mannlega þættinum er alls ekki sinnt nægilega vel," segir Andri.

### Farsæll rekstur í Noregi

Eftir að knattspyrnuferlinum lauk neyddist Andri því til að endurskipuleggja líf sitt, liðlega 25 ára gamall. Hann segist hafa lent í millibilsástandi þar sem hann sat heima hjá sér í marga mánuði án þess varla að hreyfa sig, sem hafði slæm áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Svo kom að því að hann tók þá ákvörðun að hætta alfarið að hugsa um knattspyrnu.

„Heima hjá mér hafði alltaf nánast eingöngu verið talað um tvo hluti, fótbolta og bakarí, enda stofnuðu foreldrar mínir Bakarameistarann mánuði áður en ég fæddist. Ég vissi um bakarí og kaffihús sem var til sölu og ákvað að festa kaup á því, fyrst og fremst til að hafa eitthvað að gera. Þegar ég sökkti mér ofan í reksturinn eygði ég fljótlega möguleika á því að byggja upp litla keðju, ekki ósvipaða Bakarameistaranum, með áherslu á íslenskt bakkelsi, smurt brauð, hádegismat, pastarétti og fleira sem þekkist á Íslandi. Á þessum tíma var það alveg nýtt í Noregi að sameina bakarí og kaffihús með þessum hætti," segir Andri.

Brauð & Bollur var rekið með svokölluðum sérleyfum, þannig að Andri átti heildarhugmyndina að stöðunum, gerði samninga við birgja og þar fram eftir götunum, og leigði svo út reksturinn á hinum ýmsu stöðum. „Ég hefði getað opnað tuttugu staði en kaus að vanda vel valið á viðskiptafélögum og samþykkti ekki nema allra bestu staðsetningar. Fjórum árum síðar var Brauð & Bollur orðið eitt stærsta fyrirtækið í fylkinu í þessum bransa, með yfir hundrað starfsmenn. Yfirbyggingin var hins vegar lítil, ég og ein aðstoðarkona, og því gríðarleg vinna sem fylgdi þessu. Ég sé ekki eftir að hafa selt þegar möguleikinn bauðst," segir Andri.

### Verð vonandi betri og betri

Andri fluttist því heim síðasta haust ásamt Önnu, norskri eiginkonu sinni, og dætrum þeirra tveimur; Amöndu, sex ára, og Alexöndru sem verður fimm ára í vikunni, en fyrir átti Andri ellefu ára gamlan son, Eyþór. Hann tók strax við stjórnarformennsku í Bakarameistaranum og þegar RÚV falaðist eftir starfskröftum hans við knattspyrnuumfjöllun í sumar leit Andri á það sem góða leið til að tengjast fótboltanum aftur eftir nokkuð langt hlé.

„Ég var örlítið ryðgaður til að byrja með en vonandi verð ég bara betri og betri eftir því sem líður á sumarið. Ég tel mig hafa ýmislegt til málanna að leggja varðandi boltann og vonandi eru áhorfendur á sama máli," segir Andri Sigþórsson að lokum.



**ÆSKUSTÖÐVARNAR** Andri ólst upp spölkorn frá KR-vellinum og lék með liðinu við góðan orðstír þrátt fyrir þrálát meiðsli. Hann verður á fullu í boltanum með RÚV í sumar og ætlar líka að skella sér á nokkra leiki á HM í Suður-Afríku ásamt félaga sínum og sonum þeirra beggja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MARKASKORARI** Andri var einn efnilegasti knattspyrnumaður landsins á sínum tíma. Hér er hann í góðu færi með KR-ingum á Shell-mótinu í Vestmannaeyjum um miðjan níunda áratuginn.

## STÓRSTJARNA Í TÖLVULEIK



Í kringum aldamótin varð nafn Andra vel þekkt í röðum knattspyrnuáhugamanna, en hann þótti þá með betri kaupum sem hægt var að gera í knattspyrnutölvuleiknum Championship Manager.

„Þetta var mjög furðulegt og ég fékk aðdáendabréf frá öllum heimshornum um hríð. Sjálfur spilaði ég þennan leik bara einu sinni við Eið Smára þegar ég dvaldi við æfingar hjá Bolton. Við köstuðum upp teningi til að útkljá hvor fékk að kaupa mig, en Eiður var yfirleitt geymdur á bekknum í leiknum. Svo snerist dæmið fullkomlega við í raunveruleikanum," segir Andri og hlær.

LOKSINS NÝ

# HÁLENDISHANDBÓK

{ 2010 }




## Sparaðu 500 kr. með því að kaupa bókina fyrir 15. júní







■ NÝJAR LEIÐIR OG FERSKAR UPPLÝSINGAR
■ NÝJAR LJÓSMYNDIR ■ NÝIR ÁFANGASTAÐIR

heimur

Borgartún 23 · 105 Reykjavík · Sími 512 7575 · Fax 561 8646



**VIÐ ÞJÓÐVEG 1** Aska lá yfir öllu þegar þrír ungir Hvolsvellingar lögðu leið sína fram hjá söluskálanum Hlíðarenda á Hvolsvelli. Einn piltanna er með grímu fyrir vitin enda rykmengun mikil.

# *Svört rigning á Hvolsvelli*

Í fyrsta sinn frá því að gos hófst í Eyjafjallajökli fyrir mánuði féll í gær aska á Hvolsvelli og nágrenni. *Pjetur Sigurðsson* ljósmyndari fylgdist með íbúum sem tóku öskunni af æðruleysi .



**SLÖKKVILIÐIÐ HREINSAR** Ekki dugði minna en brunaslanga þegar Félagsheimilið Hvoll var hreinsað í gær. Upplýsingamiðstöðin á Hvolsvelli er til húsa í Hvoli.



**VERKAR SKÓLABÍLINN** Ásmundur Þórisson skólabílstjóri verkar skólabílinn í rólegheitum við heimili sitt að Norðurgarði á Hvolsvelli enda féll skólahald niður og þar með aksturinn.



**SUNDLAUGIN RYKSUGUÐ** Hrafnkell Stefánsson, forstöðumaður Sundlaugarinnar á Hvolsvelli, gerir tilraun til að hreinsa laugina eftir öskufallið.



Allar
garð- og
garðskálarósir
20%
afsláttur
50ltr
ÚRVALS
GRÓÐURMOLD
vnr. 10333653
mold
1099
1599
BETRA VERÐ
UM HELGINA
100 cm,
stórir og flottir
Sýpris
999
1490
Snædrífa
890
1590
Páskaliljur
beint í garðinn
199
399
Vökvunar-
könnur
margir litir, tvær stærðir
verð frá
990
Svalakassar
margir litir, margar stærðir
verð frá
490
Dalía
699
879
VINNAN Í GARÐINUM
Handbók
Blómavals
Aðeins
1490
Vinnan
í garðinum
Frostþolnir
útipottar
Hæð 31cm 2990
Hæð 24cm 1999
Hæð 18cm 1490
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

# Ævintýraleg víðátta á Íslandi

Þegar **Leslie Steven Dchuna** kom til Íslands í fyrsta sinn heillaði mannlaus víðáttan hann enda mikil andstæða við heimahaga hans á Indlandi. Leslie, sem býr og starfar á Snæfellsnesi, sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* hvernig því háttaði til að hann settist að á Íslandi eftir nám í Sviss og störf í Bandaríkjunum og í föðurlandinu Indlandi.

Ég hafði aldrei hugsað um Ísland áður en ég kynntist Helgu. Ég hafði heyrt þess getið en aldrei gefið mér tíma til þess að skoða það á korti. Svo þegar ég settist við tölvuna og skoðaði það á Google Earth sá ég hversu virkilega langt það var frá Indlandi, ég hafði ekki gert mér grein fyrir því,“ segir Leslie spurður um hvort hann hafi þekkt mikið til Íslands áður en hann flutti til landsins.

Helga, sem hér er minnst á, er Helga Hrund Bjarnadóttir, eiginkona Leslies í dag. Þau kynntust í Hótel- og veitingaskóla í Genf í Sviss fyrir nokkrum árum, höfu samband og nú nokkrum árum síðar býr Leslie á æskuslóðum Helgu í Staðarsveit á Snæfellsnesi.

Leslie er prúðmannlegur í fasi sem er vel viðeigandi í starfi sem veitingastjóri Hótels Búða. Þar nýtir hann þá menntun sem hann aflaði sér í Genf. En þó að Leslie sé ekki nema 29 ára gamall hefur hann búið víða og menntað sig í tveimur ólíkum greinum.

### Fæddur í Kúveit

„Ég er fæddur í Kúveit og alinn þar upp þar til Persaflóastríðið skall á árið 1990. Nokkrum dögum áður en það braust út var ég sendur til borgarinnar Bangalore í suðurhluta Indlands í heimavistarskóla. Arabískan var orðin mér töm, ég var í arabískum skóla og lærði þess vegna siði þeirra og venjur. Faðir minn vildi að ég kynntist indverskum siðum og sendi mig þangað í skóla,“ segir Leslie sem segir það hafa verið meginorsök vistaskipta hans frekar en hættu á yfirvofandi átökum. Foreldrar hans höfðu ætlað að líta til hans strax eftir að hann og yngri systir hans voru send á milli landa en urðu innlyksa vegna innrásar Íraka inn í Kúveit.

„Faðir minn var í höfuðborginni og horfði á skriðdrekana koma inn í borgina, hann gat hins vegar ekki haft samband við fjölskylduna sem vissi ekkert um ferðir hans næstu mánuðina.“ Móðir Leslies var hins vegar stödd í Tyrklandi þegar innrásin átti sér stað og gat ekki snúið til baka vegna stríðsins. „Þetta var henni mjög erfitt, loks gat hún slegið lán hjá ókunnugum manni og komst til Indlands. Hún heilsaði upp á mig og fór svo til Bombay, þar sem hún beið föður míns í óvissu og þremur mánuðum síðar bankaði hann upp á, hafði þá eina handtösku meðferðis.“

Leslie var næstu árin í heimavistarskóla í Bangalore og hitti foreldra sína aðallega í fríum. Systir hans var í heimavistarskóla fyrir stúlkur í næsta nágrenni þannig að þau systkinin hittust oftar. Að skóla loknum hóf Leslie nám í þrívíddarteiknun og grafískri hönnun. Hann lauk BA-prófi í þeim fræðum og hóf strax rekstur fyrirtækis í grafískri hönnun. „Ég rak það fyrirtæki í nokkur ár en það sameinaðist svo öðru tölvufyrirtæki. Ég var orðinn frekar leiður á tölvum á þessum tíma og ákvað að prófa veitingahúsarekstur. Keypti stað í Bangalore sem ég rak í félagi við vin minn sem sá um eldhúsið,“ segir Leslie sem er alinn upp við fyrirtækjarekstur. Fjölskylda hans á fiskveiðiskip og verksmiðjur í borginni Mangalore, höfuðborg samnefnds héraðs í suðvesturhluta Indlands, og í Kúveit en faðir hans sneri þangað aftur að loknu Persaflóastríðinu.

### Mörg tungumál við matarborðið

Menningaráhrifin eru því margvísleg og segir Leslie oft skrautlegt þegar fjölskyldan hittist. „Við endum yfirleitt á því að tala þrjú til fjögur tungumál. Móðir mín talar konkani, faðir minn telugu [hvort tveggja opinber mál á Indlandi], arabíska er okkur öllum töm og svo enska, þannig að við endum yfirleitt í mörgum tungumálum.“

Veitingahúsareksturinn í Bangalore gekk vel en þegar félagi Leslies flutti til Ástralíu ákvað hann að mennta sig í veitingarekstri og leigði út rekstur staðarins á meðan. „Planið var alltaf að fara aftur heim og taka upp þráðinn og reyndar langaði mig til að stækka veitingastaðinn.“

Þegar Leslie sneri aftur var reyndar komið babb í bátinn. „Sá sem ég leigði staðinn eyðilagði reksturinn og ég hafði ekki lengur áhuga á þessum veitingastað. Þá lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem ég vann á lúxushóteli.“

En þar langaði Leslie ekki til að setjast að enda var málum svo komið að íslensk kona átti hug hans og hjarta, áðurnefnd Helga. „Þegar við byrjuðum að hittast átti sambandið ekki endilega að vera til frambúðar. Það hélt svo áfram og við sáum að ef við ætluðum að láta á það reyna fyrir alvöru yrði það að vera núna,“ segir Leslie sem flutti til Íslands í ársbyrjun 2009. „Fyrstu tveir mánuðirnir voru erfiðir, það var ekkert að gerast hjá mér. En svo fengum við þetta tækifæri með Hótel Búðir, fjölskylda Helgu ákvað að leigja reksturinn og við tókum verkið að okkur.“ Leslie er veitingastjóri hótelsins en Helga hótelstjóri.

### Barist um landið á Indlandi

Leslie þekkti Snæfellsnesið, hafði unnið á Hellnum sumarið 2007. „Fyrsta sinn sem ég kom til Íslands varð ég heillaður af þessu svæði,“ segir Leslie sem er vanur öllu meiri mannmergð á sínum heimaslóðum en þekkist á Íslandi, hvað þá í íslenskri sveit. „Fyrst þegar ég kom hingað þá fannst mér víðáttan ævintýraleg. Ég hugsaði með mér að það væri gott að geta tekið eitthvað af þessu landi og flutt til Indlands. Þar er land gríðarlega verðmætt og barist um minnstu skika. Það er fólk alls staðar á Indlandi, jafnvel þar sem manni dytti ekki í hug að það væri,“ segir Leslie sem segir þrengslin hafa aukist mikið undanfarin ár, hann sjái hreinlega muninn undanfarin ár. „Ég gæti til dæmis ekki búið í Bombay, þar er of mikið af fólki.“

Andstæðurnar eru því miklar og eins og gefur að skilja saknar Leslie margs á Indlandi, fjölskyldu, vina, lífs og fjörs á hverju horni. „En mér þykir gott að vera hér, fjölskyldan hennar Helgu hefur líka tekið mér frábærlega. Maturinn hérna er mjög góður og svo elska ég íslenska vegi, hér er hægt að aka heillengi án þess að mæta bíl.“

Fram undan er mesti annatíminn í hótelrekstri á Íslandi, sumarið. Þá verður Leslie líka faðir í fyrsta sinn, en þau Helga eiga von á frumburðinum í júlí. „Fjölskyldan mín kemur svo í heimsókn í haust en þau hafa ekki komið til Íslands,“ segir Leslie sem er spenntur að sýna þeim heimkynnin á Íslandi og litla barnið. „Svo er stefnan tekin á Indland síðar, okkur langar líka að prófa að búa þar.“



**LESLIE STEVEN DCHUNA** Fluttist til Íslands fyrir ári og kann vel við sig á Snæfellsnesi en hann er veitingastjóri á Hótel Búðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

## Þorrablót frestaðist vegna brúðkaups á Indlandi





**LITSKRÚÐUG VEISLA** Til vinstri má sjá brúðina Helgu í handaskreytingu daginn fyrir brúðkaupið. Á myndinni fyrir ofan gefur að líta Leslie með Helgu og vinkonum hennar sem voru brúðarmeyjar í brúðkaupinu.

Þau Leslie og Helga kona hans giftu sig á Indlandi enda kom ekkert annað til greina en að halda brúðkaupið þar. „Fjölskyldur okkar urðu að hittast, þær höfðu bara átt samskipti í gegnum Netið fram að því,“ segir Leslie sem segir fjölskyldu og vini Helgu hafa tekið vel í uppátækið, 38 Íslendingar fylgdu brúðinni til Indlands. Raunar búa svo margir úr fjölskyldu Helgu í Staðarsveit að þorrablóti sveitunganna var frestað, haldið í lok þorra í stað byrjunar eins og venja er.

Brúðkaupið, sem haldið var í Mangalore-héraði, stóð yfir í þrjá daga og var að indverskum hætti.

Þann fyrsta var fylgt hefðum svæðisins, sem er fiskimannasamfélag á vesturströnd Indlands, en faðir Leslies er ættaður þaðan. Þá er brúðurin böðuð í kókoshnetusafa, sem á hefðinni samkvæmt að búa hana undir að eignast fjölskyldu. Annan daginn dvöldu gestir í húsi fjölskyldu Leslies í sveitinni í góðu yfirlæti. Helga, vinkonur hennar, sem voru brúðarmeyjar, og aðrar konur sem vildu, voru skreyttar á handleggjum samkvæmt indverskum venjum.

Þriðja daginn voru þau svo gefin saman í kirkju og þá var haldin veisla að athöfn lokinni.



# VIÐ EIGUM ÖLL SAMLEIÐ!





## VERNDUN LÍFRÍKIS SJÁVAR ER EITT AF BRÝNUSTU VERKEFNUM SAMTÍMANS

Við Ísland lifa óvenju margar tegundir hvala eða um **20** af alls um **80** þekktum hvalategundum á jörðinni.

Hvalaskoðun er hagkvæmasta og mannúðlegasta nýting hvalastofna við Ísland. Átta hvalaskoðunar-fyrirtæki eru starfandi á Íslandi.

**Virðum náttúruna og njótum hennar!**

13 milljónir manna í 119 löndum fóru í hvala-skoðun árið 2008 sem skilaði 460 milljörðum króna í tekjur

125.000 manns fóru í hvala-skoðun á Íslandi á síðasta ári.

Flestar tegundir stórhvala eru í sögulegu lágmarki



VILT ÞÚ STYÐJA ÞENNAN MÁLSTAÐ Í VERKI?

SENDU ÞÁ MYND AF ÞÉR MEÐ HVALSPORÐINN Á NETFANGIÐ: eigumsamleid@gmail.com

# Listaverk seld fyrir metfé á uppboðum

Listaheimurinn gaf heimskreppunni langt nef fyrir tveimur vikum þegar málverk eftir Pablo Picasso var slegið fyrir metupphæð, hærri en áður hefur fengist fyrir nokkurt listaverk á uppboði. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* tók saman tíu hæstu lokatilboð listaverkauppboða.



## 01 Nu au plateau de sculpteur

**Listamaður:** Pablo Picasso.
**Slegið á:** 106,4 milljónir dollara (13,9 milljarða kr.) í maí 2010.

Verkið, sem málað var árið 1932, hafði aðeins einu sinni komið fyrir almenningssjónir áður en það var sýnt á uppboðinu í New York 4. maí síðastliðinn. Nafn kaupandans hefur ekki verið gert opinbert en hann bauð í það í gegnum síma. Verkið var í eigu listaverkasafnaranna Frances og Sidney Brody í Los Angeles þar til það var selt. Nu au plateau de sculpteur sýnir Marie-Thérèse Walter, eina af fjölmörgum ástkonum málarans.

## 02 L'Homme Qui Marche I

**Listamaður:** Alberto Giacometti.
**Slegið á:** 104.3 milljónir dollara (13,7 milljarða kr.) í febrúar 2010.



Þetta verk svissneska höggmyndalistamannsins er eitt þekktasta tákn samtímalistar síðustu aldar. Verkið, bronsstytta af manni í raunstærð, varð til þegar Giacometti var beðinn um að taka þátt í sameiginlegu verkefni fyrir skýjakljúfinn Chase Manhattan Plaza og var það fyrst sýnt á Feneyja-tvíæringnum árið 1961.

## 03 Garcon a la Pipe

**Listamaður:** Pablo Picasso.
**Slegið á:** 104,2 milljónir dollara (13,69 milljarða kr.) í maí 2004.




Verk Picasso hafa alltaf verið eftirsótt af listunnendum og þetta verk Picasso frá árinu 1905 sem sýnir strák frá París með pípu er engin undantekning á því. Þó varð Picasso-sérfræðingurinn Pepe Karmel eiginlega hvumsa yfir verðinu. „Þetta sýnir bara hversu aðskilinn markaðurinn er frá hinum sönnu gildum listarinnar," sagði Karmel í samtali við Washington Post. Margir listfræðingar hafa þar orðið sammála Karmel og segja himinhátt verðið hafa fengist fyrir nafn listamannsins, fremur en að verkið sé afburðalist.

## 04 Dora Maar au chat

**Listamaður:** Pablo Picasso.
**Slegið á:** 95.2 milljónir dollara (12,5 milljarða kr.) árið 2006.



Ástkonur Picasso urðu honum oft innblástur og myndina af Dóru málaði Picasso árið 1941. Ekki er vitað með vissu hver kaupandinn var og miklar vangaveltur hafa sprottið eftir kaupin hver var að verki, sérstaklega í ljósi þess að sá hinn sami og festi kaup á Dóru keypti á sama uppboði einnig verk eftir Monet og Chagall. Kenning sem margir hallast er að georgíski kaupsýslumaðurinn Boris Ivanishvili hafi staðið að baki gjörningnum, enda seldi hann banka vikuna áður en uppboðið fór fram og átti á þeim tímapunkti því nægan pening.

## 05 Adele Bloch-Bauer I

**Listamaður:** Gustav Klimt.
**Slegið á:** 87,9 milljónir dollara (11,54 milljarða kr.) árið 2006.



Gustav Klimt lagði lokahönd á verkið árið 1907, eftir þriggja ára vinnu. Iðnjöfurinn austurríski, Ferdinand Bloch-Bauer, pantaði verkið og sýnir það konu Bloch-Bauer, Adele. Adele hafði tekið það loforð af manni sínum að verkið yrði gefið austurrísku þjóðinni að þeim látnum. Örlög verksins urðu hins vegar þau að eftir málaferli ættingjanna var það úrskurðað í þeirra augu sem síðar seldu það hæstbjóðanda.



## 06 Triptych 1976

**Listamaður:** Francis Bacon.
**Slegið á:** 86,2 milljónir dollara (11,32 milljarða kr.) árið 2008.
Þetta verk Bacons er talið það mikilvægasta af hans ferli og jafnvel eitt þýðingarmesta verk eftirstríðsáranna. Bacon notast við grískar goðsagnir í verkinu og blandar þeim saman við eigin reynslu. Rússneski auðkýfingurinn og eigandi Chelsea, Roman Abramovich, var kaupandinn að verkinu sem hann sló sér á uppboði hjá Sotheby's. Fram að því hafði verkið verið í eigu vínræktunarfjölskyldunnar Moueix sem framleiðir Château Pétrus-vínin frægu.

## 07 Portrett af Dr. Gachet

**Listamaður:** Vincent Van Gogh.
**Slegið á:** 82,5 milljónir dollara (10.83 milljarða kr.) árið 1990.



Verkið, frá árinu 1890, sýnir lækninn Gachet sem annaðist Van Gogh í lokalotu veikinda hans. Margir listfræðingar meta verkið sem besta portrett sem Van Gogh gerði. Þess má geta að ekki er vitað hvar málverkið er né hver á það en sá sem keypti það á uppboðinu árið 1990 var japanski auðkýfingurinn Ryoei Saito. Hann lést hins vegar árið 1996 og hafði gefið út þá yfirlýsingu að hann hygðist láta brenna sig með listaverkinu þegar hann dæi. Lögfræðingar Saito upplýstu að hann hafði ekki gert það.

## 08 Au Moulin de la Galette

**Listamaður:** Aguste Renoir.
**Slegið á:** 78,1 milljón dollara (15 milljarðar kr.) árið 1990.



Verk Renoir frá 1876 er talið vera eitt helsta verk impressjónismans. Verkið á að sýna mannlífið og stemninguna í Montmartrehverfinu í París. Svo vill til að japanski auðjöfurinn Saito átti bæði Dr. Gachet-verk Van Gogh og Galett-verk Renoir og ætlaði einmitt líka að láta brenna Renoir-verkið sitt í leiðinni með sér og Dr. Gachet. Sem fyrr segir er talið ólíklegt að hann hafi látið verða af því.



## 09 Morðin á hinum saklausu

**LIstamaður:** Peter Paul Rubens.
**Slegið á:** 76,7 milljónir dollara (14,7 milljarðar kr.) árið 2002.

Verkið er bein tilvísun í Matteusar-guðspjallið og er talið hafa verið málað á árunum 1611-1612. Verkið var reyndar ranglega eignað lærisveini Rubens árið 1767 og það var ekki fyrr en 2001 að verkið var aftur sagt vera hluti af meistaraverkum Rubens. Það var síðan selt hæstbjóðanda sem búsettur var í Kanada og er því nú til sýnis á Ontario-listasafninu í Toronto.

## 10 White Center (Yellow, Pink and Lavender on Rose)

**Listamaður:** Mark Rothko.
**Slegið á:** 72,8 milljónir dollara (13,9 milljarðar kr.) árið 2007.



Hins rússneskfæddi Rothko kláraði verkið árið 1950 og þótt það sé eitt af höfuðverkum abstraktstefnunnar gekkst listamaðurinn sjálfur aldrei við henni og reyndi raunar margoft að hafna henni. Það var David Rockefeller, barnabarn olíujöfursins John D. Rockefeller, sem seldi verkið til konungsfjölskyldunnar í Katar á Sotheby's uppboði árið 2007.



nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

# GRILLIN KOMIN



## GASGRILL, 2ja BRENNARA
UNIFLAME

**39.990 kr**

## GASGRILL, 3ja BRENNARA
UNIFLAME

**49.990 kr**



## GASGRILL, 4ja BRENNARA
BRINKMAN

**59.990 kr**

ATH. Grillin fást ekki að Salavegi né í Grindavík.



## LAMBALÆRI
FERSKT
TILBÚIÐ Á GRILLIÐ

30% afsláttur

**1.259 kr/kg**
áður 1.798 kr/kg



## GRÍSAKÓTILETTUR
FERSKAR

32% afsláttur

**1.393 kr/kg**
áður 2.049 kr/kg



## FYLLTAR GRÍSALUNDIR
FERSKAR

34% afsláttur

**1.979 kr/kg**
áður 2.998 kr/kg




## SVÍNAKÓTILETTUR
GRILL

30% afsláttur

**1.259 kr/kg**
áður 1.798 kr/kg




## SVÍNABÓGSSNEIÐAR
GRILL

30% afsláttur

**769 kr/kg**
áður 1.098 kr/kg




## SVÍNALÆRISSNEIÐAR
GRILL

30% afsláttur

**979 kr/kg**
áður 1.398 kr/kg

www.markhonnun.is

Tilboðin gilda 13. - 16. maí eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

# Upplifun að halda á lambi

Hjónin **Helga María Magnúsdóttir** og **Sveinn Gíslason** á Fossi í Staðarsveit bjóða áhugasömum að taka kindurnar þeirra í fóstur. Þau segja upplifun fyrir borgarbörn að koma í fjárhús og fylgjast með sauðburði og réttum. *Sigríður Björg Tómasdóttir* og *Stefán Karlsson* geta tekið undir það en þau litu í heimsókn og fylgdust með ánni Kviðu bera.



**Í SAUÐBURÐINUM** Það geta verið töluverð átök að koma lambi í heiminn og stundum þarf að hjálpa aðeins til eins og raunin varð þegar Fréttablaðið var á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

Við höfum búið hér frá árinu 1980, reyndar með hléum," segir Helga María við gestina um leið og hún býður kaffi og með því. „Árið 2000 seldum við búpeninginn og fluttum til Akraness. Svo kom Sveinn aftur 2003, þá áttum við reyndar tíu kindur sem vinir okkar höfðu hýst, út af þeim eru þær 160 sem við eigum núna."

Helga María ílentist á Akranesi en þar hóf hún nám í húsasmíði 2004 en lauk því reyndar í Reykjavík þremur árum síðar. „Ég náði smá tíma í vinnu meðan nóg var að gera en svo datt allt niður við hrunið. Þá flutti ég aftur í sveitina og ætla að sinna ferðaþjónustu, vona bara að hún hrynji ekki eins og byggingariðnaðurinn," segir Helga María og hlær.

Hláturinn er smitandi eins og þeir sem horfðu á Wipeoutið íslenska vita kannski, en Helga María tók þátt í því og var elsti þátttakandinn. „Dóttir mín skráði mig án þess að segja mér frá því. Svo var hringt í mig frá Saga film og ég kom af fjöllum, sagði reyndar fljótlega við konuna sem hringdi að mig grunaði fastlega eina dóttur mína." Dóttirin heitir Hlédís Sveinsdóttir, eigandi ísbúðarinnar Íslands og hugmyndasmiður kindur.is, sem snýst um að taka kindur í fóstur.

„Fólki finnst gaman að koma í sauðburð og réttir. Allt sem okkur finnst svo sjálfsagt og ekkert spes er núna orðið framandi stórum hluta þjóðarinnar. Það getur verið ótrúleg upplifun og spennandi að halda á lambi fyrir þrítugt fólk sem aldrei hefur komið í sveit."

Fyrir utan að bjóða gestum að koma í heimsókn þá er Helga María með ýmsar hugmyndir að afþreyingu fyrir ferðamenn. „Mig langar að bjóða upp á gönguferðir að Ullarfossi hér fyrir ofan bæ og láta túrinn enda á lautarferð. Einnig bjóða upp á ferðir á sexhjólinu sem við eigum og er mjög skemmtilegt að fara á um fjöruna hér fyrir neðan. Það er svo margt að skoða hér í sveitinni, nóg er af gistiplássum en það hefur kannski vantað afþreyinguna."

Okkur er ekki til setunnar boðið, Kindin Kviða er komin að burði. Þau drífa sig út og Fréttablaðið með og fær að fylgjast með. Vegna þess að kind, sem hafði borið daginn áður og reyndist tvílembd, hafði ekki næga mjólk fyrir bæði lömb er annað tekið og lagt hjá Kviðu. Það er svo makað slíminu af nýborna lambinu til að reyna að blekkja móðurina í von um að hún taki það að sér. „Við þurfum stundum að grípa til svona ráða hér í sveitinni," segir Helga og eftirgrennslan Fréttablaðsins tveimur dögum síðar leiðir í ljós að áætlunin hafði gengið eftir.

> Allt sem okkur finnst svo sjálfsagt og ekkert spes er núna orðið framandi fyrir stóran hluta þjóðarinnar.



**HUGAÐ AÐ NÝBORNU LAMBI** Kindin Kviða karar lambið sem fæddist degi áður og vonast var til að hún myndi trúa á lambið væri hennar.



**Í FJÁRHÚSINU** Helga María og Sveinn ásamt nokkrum nýbornum lömbum og hundinum Ragnari sem fylgdist með sauðburðinum af áhuga.

## DORRIT Á GOLSFLEKKÓTTA KIND OG HERMANN FERHYRNDA

Meðal þeirra sem hafa kindur í fóstri á Fossi í Staðarsveit eru þau Dorrit Moussaieff forsetafrú og Hermann Hreiðarsson knattspyrnumaður. Til hægri er mynd af kind Dorritar, sem heitir Rakel. „Hún er af forystukyni og er golsflekkótt og lambið hennar í ár er svartkápótt gimbur," segir Helga María sem hefur lengi haft áhuga á að varðveita margbreytileika kinda og alla liti. „Á tímabili þóttu þessar hvítu og kollóttu langfallegastar en ég vildi alltaf halda fjölbreytileikanum," segir Helga María sem er mjög ánægð með að hafa staðið á sínu. Til vinstri er kind Hermanns sem heitir Hermína Lóa í höfuðið á honum og konu hans Rögnu Lóu Stefánsdóttur. Kind Hermanns er svipmikil eins og myndin sýnir glöggt en hún er ferhyrnd, sem er óvenjulegt.





ferðalög
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]
MAÍ 2009



## Rokkabillí og pönk í Ósló

Ný hlið á nágrönnum okkar

SÍÐA 10



## Póstkort frá Pétursborg

Valdís Thor myndar fegurð höfuðborgar Norður-Rússlands SÍÐA 6



Goran Superform
brennsla | styrking | liðleiki | þyngdartap
Námskeiðin fara að hefjast. Þú getur byrjað strax í dag. Skráðu þig núna!
578 8200 | www.grandspa.is




Danskur sjónvarpsþáttur tekinn upp á

# LAUNDROMAT CAFÉ

Íslendingar gera það gott í veitingabransanum í Köben

HÁLF-BILAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR
>ORMSSON og BT í Smáralind<
Lager-SaLA
ALLT Á ÓTRÚLEGU VERÐI
STÓRKOSTLEGT ÚRVAL GJAFAVÖRU
VERSLUNIN LOKAR Í SMÁRALIND
ALLT Á AÐ SELJAST
• TÖLVUR • AFÞREYING • RAFTÆKI
Í ORMSSON SMÁRALIND
SÍMI: 530 2909
BT
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI: 530 2900
ÚTSALA



# MIÐBAUGUR

ÞAÐ HEITASTA Í ...
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

## AÐ FERÐAST STREITULAUST

Bráðum legg ég land undir fót í langþráð sumarfrí með fjölskylduna enda sumarið tími ferðalaga og ævintýra. Stanslausar fréttir af öskufalli hafa ekki truflað okkur mikið hingað til enda nóg annað að sýsla hjá uppteknu fólki en að stressa sig að óþörfu. Þar sem ég hef yndi af ferðalögum þá reyni ég að passa að þau gangi ætíð fyrir sig án þess að maður fari á hvolf á síðustu stundu. „Stress-management" hugtakið var áreiðanlega ekki til þegar ég var lítil en aumingja pabba mínum tókst alltaf að láta ferðalög verða gífurlega taugaveiklandi reynsla fyrir fjölskylduna. Allir voru alltaf of seinir, fólk í biðröðum fór í hans fínustu og allt varð að vera nákvæmlega á sínum stað og á réttum tíma. Í dag þegar ég á tvö ung börn sjálf brosi ég með sjálfri mér þegar ég lendi í svipuðum kringumstæðum og dreg andann djúpt. Auðvitað er margt sem fer í taugarnar á manni þegar haldið er úr landi. Flugvallarstarfsmenn, fólk að troðast inn í biðraðir, grenjandi krakkar og seinkun á flugvélum auk fjölda annarra pirrandi smáatriða. Hversu mörg pör hafið þið eflaust séð rífast á flugvelli? En málið er bara að stress gerir nákvæmlega ekkert til að hjálpa til.

Það er mikilvægt að reyna að muna alla þá spennandi hluti sem maður á í vændum þegar maður kemur á áfangastað og að því rólegri og yfirvegaðri sem maður er því betra. Þegar ég ferðast með blessunarlega rólyndum unnusta mínum og lendi í einhverjum fáránlegum ferðaaðstæðum þá er eina leiðin stundum bara að hlæja. Með þessu „zen" hugarfari hef ég komist í gegnum tólf tíma flugferð við hlið blindfullra og ælandi japanskra viðskiptamanna, staðið í tveggja tíma biðröð með krakkana á Kastrup og dílað við hundleiðinlegt innritunarfólk sem ætlaði að láta mig tæma ferðatöskuna í litla plastpoka eða láta mig borga tugi þúsunda í yfirvigt, án þess að missa kúlið. Tvennt er vert að hafa í huga. Fyrst verður maður að muna að ekkert ferðalag gengur streitulaust fyrir sig þar sem alls kyns óvænt atvik geta komið upp. Að síðustu er vert að hafa hugfast gott mottó, að hlutirnir hafa alltaf tilhneigingu til að reddast.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Hallur Karlsson af Friðriki Weisshappel
**Pennar** Júlía Margrét Alexandersdóttir, Kjartan
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónsson bfj@365.is






Hæsta sandalda Evrópu Í Arcachon er að finna náttúrufegurð og alls kyns afþreyingarmöguleika.

# HVÍTIR SANDAR

## OG AFSLAPPAÐ ANDRÚMSLOFT

Í Bordeaux-héraði Frakklands er flóinn Bassin D'Arcachon sem er kjörinn sumarleyfisstaður.

Ef þú ert að leita að afslöppuðu fjölskyldufríi í sól og sumri Frakklands þá er kjörið að kostum en Suður-Frakklandi sem er eins og mauraþúfa í júlí og ágúst. Hið fræga vínhérað Bordeaux liggur í um fjögurra tíma keyrslu frá París. Um sextíu kílómetra frá borginni Bordeaux er svo Le Bassin D' Arcachon, merkileg strandlengja þar sem er að finna hæstu sandöldur Evrópu. Sandurinn er svo fíngerður og hvítur að það mætti halda að maður væri staddur hinum megin á hnettinum.

Í þessum litla flóa eru mörg skemmtileg þorp, meðal annars hið ótrúlega sjarmerandi Cap Ferret þar sem er hægt að leigja sér hús eða gista á hóteli. Í Cap Ferret ríkir einstaklega afslappað andrúmsloft og er vinsæll áfangastaður hjá „smart setti" Frakklands. Þetta er ekta fiskiþorp og mörg húsanna eru á stultum úti í sjónum, en þar er líka að finna fjölmarga veitingastaði og skemmtilegt næturlíf. Af nógu er að taka hvað varðar afþreyingu í flóanum. Hægt er að skella sér á brimbretti eða seglbát, skoða ótrúlega fjölbreytt fuglalíf, heimsækja frægar vínekrur eða þá bara slaka á í sólinni. Það þarf varla að taka það fram að matar- og vínmenning héraðsins er stórkostleg og kjörið að heimsækja markaði á daginn og kaupa úrvals kjöt, fisk og grænmeti í kvöldmatinn ásamt vænni flösku af Bordeaux víni. Síðan en ekki síst er skemmtilegt fyrir fjölskyldur að klífa sandölduna le Dune du Pilat og jafnvel renna sér aftur niður. *- amb*

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**



### FJALLAVÖTN OG FAGRAR STRENDUR NORÐUR-ÍTALÍU

verða skoðaðar í júlíferð Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar. Flogið er til Mílanó 5. júlí og þaðan ekið að Comovatninu og gist í borginni Lecco í þrjár nætur. Þá er ekið til Torino og borgin og nágrenni hennar skoðað og svo gist á vínræktarsvæðinu Asti. Meðal annars verður farið í vínskoðun og keyrt til Genúa þar sem gist er í þrjár nætur og dagsferð farin til „Landanna fimm" – fimm ótrúlega fallegra smábæja á Ítalíu sem eru á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Fararstjóri í ferðinni er Guðný Margrét Emilsdóttir og flogið er heim 12. júlí. *- jma*

# ego dekor













# FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI
















Opið virka daga: 10.00-18.00
Lau: 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

# HEIMAMAÐURINN

## ▸ Kaupmannahöfn



*SÓLEY KALDAL* NEMI

**HVAÐ KOM ÞÉR MEST Á ÓVART VIÐ BORGINA ÞÍNA?** Það sem kom mér mest á óvart er einfaldlega hversu mannbætandi það er að búa í Kaupmannahöfn. Takturinn í borginni er þægilegur og afslappaður og lífið hérna er ein stór kennslustund í þolinmæði og nægjusemi. Gildismatið er annað en maður á að venjast frá Íslandi. Lífsgæðakapphlaup er ekki áberandi enda lífsgæðin frekar metin í upplifunum en hlutum.

**HVER ER UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN ÞINN?** Þeir eru tveir. Annars vegar er það Sticks'n Sushi á Nansensgade sem gerir alveg geggjað sushi. Hins vegar er það svo Atlasbar á Larsbjørnsstræde sem gerir alveg dásamlega lífræna rétti. Það ættu allir að prófa grænmetis burrito-ið þeirra.

**HVERT ER BEST AÐ FARA TIL AÐ KAUPA FÖT?** Það er rosalega skemmtilegt að rölta um Pisserenden sem er lítið svæði í kringum Studiestræde í miðbænum. Það eru alls konar skemmtilegar litlar búðir þar og hægt að finna allt mögulegt, hvort sem fólk er að leita að brúðarkjól frá fimmta áratugnum, latex korseletti eða hjólabrettaskóm.



**FULLKOMINN STAÐUR FYRIR KAFFIBOLLA?** Café Luna í Kristjánshöfn er hið fullkomna kaffihús. Þeir eru ekki aðeins með svakalega gott kaffi heldur besta bröns í heimi um helgar. Vegetarian Weekend Brunch er ævintýri fyrir alla grænmetissælkera.

**HVAR ER SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA?** Ég fer yfirleitt á Dunkel á Vester Voldgade, rétt við Ráðhústorgið, sem er skemmtistaður í anda Priksins og Kaffibarsins. Þeir eru oft með mjög góð klúbbakvöld, þar sem boðið er upp á eðal-danstónlist. Ef maður hins vegar er bara á röltinu, þá finna allir eitthvað við sitt hæfi í Kødbyen sem er orðinn þungamiðja skemmtanalífsins í Kaupmannahöfn með alls konar klúbba og bari, þar á meðal hinn íslenska Jolene.

**HVERJU MÁ MAÐUR ALLS EKKI MISSA AF Í JÚNÍ?** Distortion street festival er tónlistarhátíð í byrjun júní sem dreifist um alla borgina. Það eru alls konar uppákomur og sniðug partý tengd henni. Svo verð ég að nefna útskriftarsýningu Arkitektaskólans en það eru margir svakalega hæfileikaríkir íslenskir arkitektar að fara að útskrifast.



**Litrík hönnun** Barinn á Marques de Riscal, líkt og önnur herbergi hótelsins, er einstaklega fallega innréttaður í heitum suðrænum litum.

# RAUÐVÍN, DEKUR & AVANT-GARDE ARKITEKTÚR

Marqués de Riscal-hótelið í Rioja-héraðinu er hannað af Frank Gehry.

Þetta undurfagra hótel er hannað af arkitektinum Frank Gehry sem einnig hannaði Guggenheimsafnið í Bilbao. Byggingin er eins og listaverk og skartar silfurlituðum og fjólubláum „málmöldum" og er staðsett í miðri Marques de Riscal-vínekrunni á Spáni en hún gefur af sér eitt frægasta vín héraðsins. Herbergin á hótelinu eru einnig afar svöl með viðarpanel og marmara á gólfum og svo er hægt að baða sig í sólinni uppi á þaki þar sem einnig er að finna bar. Auðvitað er kjörið að drekka rauðvín allan liðlangan daginn, en það er meira að segja hægt að leyfa líkamanum að njóta góðs af andoxunarefnum rauðvíns með því að fara í svokallað „Vinotherapie" spa á hótelinu en þar eru allar húðsnyrtivörur framleiddar úr vínberjum og meira að segja hægt að baða sig í víni.

Veitingastaður hótelsins er frábær en þar eldar Michelin-stjörnukokkurinn Francis Paniegu Baskamat. Svo er auðvitað bráðnauðsynlegt að skreppa í vínsmökkunarferð um héraðið og til borgarinnar Elciego sem er konfekt fyrir öll skynfærin. Skál! *- amb*

*www.starwoodhotels.com*





STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

FERÐAMÁLA SKÓLINN

Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

www.mk.is

Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM






# ÚT Í HEIM, ALLA DAGA, ALLT ÁRIÐ

**Ferð.is** býður upp á framandi áfangastaði alla daga, allt árið, á frábæru verði. Hafðu samband og bókaðu draumaferðina þína. Fjölmargir gistimöguleikar í boði. Sjá nánar á **www.ferd.is**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Bangkok** | frá 150.138 kr. | **Hong Kong** | frá 152.036 kr. |
| **Beijing** | frá 136.921 kr. | **Jakarta** | frá 152.124 kr. |
| **Bombay** | frá 152.696 kr. | **Johannesburg** | frá 195.354 kr. |
| **Cape Town** | frá 209.721 kr. | **Shanghai** | frá 149.801 kr. |
| **Delhi** | frá 154.631 kr. | **Singapore** | frá 152.596 kr. |

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

FERD.IS

Út í heim með Ferð.is

ferd@ferd.is • 570 4455 • Skútuvogi 13A • 104 Reykjavík

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 49978 04/10

# PÓSTKORT FRÁ PÉTURSBORG



Litríkir turnar Hér er blóðkirkjan í allri sinni dýrð.



Horft yfir ána Útsýni yfir Vetrarhöllina.



Virðulegur byggingarstíll Drungalegur himinn á maímorgni í Pétursborg.

17.–22.08.

HELSINKI OG TALLINN



**Verð á mann frá: 140.840,-**

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergjum, morgunverður, skoðunarferð um Helskinki, sigling til og frá Tallinn og skoðunarferð þar, skoðunarferð til Porvoo og íslenzk fararstjórn.

**Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson**

Verð miðast við gengi og forsendur 23. marz 2010 og 30 manna hóp.

Leitið nánari upplýsinga og kynnið ykkur fleiri ferðir á okkar vegum á heimasíðu okkar www.ferdir.is

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar ehf.
Sími 511 1515
www.ferdir.is outgoing@gjtravel.is

# ÞAR SEM TSARIN

Perlan í austri, Pétursborg, er merkileg fyrir ríkulega sögu og stórfenglegan arkitektúr. V
stödd í borginni og fangaði fegurð hennar fyrir Ferðalög.

St. Pétursborg er stórmerkileg. Þótt hún virðist vestræn á marga vegu kemur fljótt í ljós að það býr margt að baki þessarar merkilegu borgar.

Borgin er ekki nema 300 ára gömul en á þeim skamma tíma hefur hún gengið í gegnum miklar raunir, allt frá því að Pétur mikli byggði hana sem glugga Rússlands að Evrópu, þar til kommúnisminn féll árið 1991 og allt til dagsins í dag. Fólkið hér er áhugavert. Það er ekki sérlega gefið fyrir þjónustulund og flestir halda sér út af fyrir sig. Ég tók eftir því frá fyrsta degi að fólk er ekkert sérstaklega hjálpsamt. Síðar var mér gert ljóst að þetta ríkir sterkt í þjóðarsálinni vegna áhrifa Stalíns. Þegar hann var við völd var ekki óalgengt að ef fólk skipti sér af einhverju eða var hreinlega fyrir gat gerst að það yrði kært fyrir landráð eða hreinlega tekið af lífi.

Hálfmállaus vegna vanþekkingar minnar á rússnesku rölti ég gegnum götur ballettakademíunnar að styttu Katrínu miklu sem horfir tignarlega í áttina að Nevskí sem er aðalgata Pétursborgar. Hinn 9. maí síðastliðinn var haldin þar heljarinnar skrúðganga til að fagna lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Það gefur augaleið að mikið var um fagnaðarlæti sérstaklega þegar verið var að hylla þá sem lifðu af



Skrúðganga á Nevskí Endaloka síðari heimsstyrjaldarinnar minnst.




**KRABBAMEINSFÉLAG ÍSLANDS** og Hönnunarmiðstöð Íslands efna til samkeppni um hönnun á bleiku slaufunni 2010, tákni Krabbameinsfélagsins í baráttu gegn krabbameini kvenna. Frestur til að skila inn tillögum er til 18. júní 2010 og tilkynnt verður um úrslit viku síðar. www.krabb.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



**Patti.is**

**Landsins mesta úrval af sófasettum**

KYNNUM NÝJU LÍNUNA



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

10% afsláttur út maí

Rín 2H2 Verð frá 257.310 kr

**Láttu þér líða vel í sófa frá Patta**

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16




Gitte segir sífellt fleiri vilja taka ábyrgð á eigin heilsu og að sumir leggi stund á nám í náttúrulækningum eingöngu í eigin þágu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vill vera lifandi dæmi þess sem hún boðar

**Gitte Lassen, annar skólastjóri Heilsumeistaraskólans, bregður ekki út af vananum þessa helgi frekar en aðrar og hefur heilsuna í fyrirrúmi. Hún ætlar á Esjuna í dag en gætir þess að slaka á á morgun.**

„Við kennarar og stjórnendur Heilsumeistaraskólans leggjum ríka áherslu á að vera lifandi dæmi þess sem við boðum og sömu kröfu gerum við til nemenda okkar sem byrja námið á því að vinna í eigin heilsu,“ segir Gitte Lassen sem ætíð hefur heilsuna í fyrirrúmi. Hún hyggst ganga á Esjuna með syni sínum og bekknum hans í dag en slaka á á morgun enda hreyfing og hvíld mikilvæg fyrir heilsuna.

Eftir Esjugönguna liggur leið Gitte á veitingastaðinn Gló þar sem stendur til að kynna nýtt viðurkennt nám í náttúrulækningum. „Við erum að hefja fjórða starfsárið okkar en námsskráin var viðurkennd af menntamálaráðuneytinu í nóvember á síðasta ári. Þetta mun vonandi þýða að í framtíðinni geti nemendur okkar fengið námslán auk þess sem ég held að það skipti fólk miklu máli að geta valið nám í náttúrulækningum sem er opinberlega viðurkennt.“

Helstu námssvið Heilsumeistaraskólans eru alþýðu-náttúrulækningar, grasalækningar og augnfræði. Námið er kennt sem lotunám og stendur kennslan að jafnaði yfir í fjóra daga, annan hvern mánuð í þrjú ár. Námið er skilgreint sem 86 eininga sérnám í heildrænum meðferðum og segir Gitte fólk geta nýtt það með ýmsum hætti. „Sumir kjósa að starfa við þetta eða að fara í frekara sérnám en auk þess er talsvert um að fólk leggi stund á þetta nám eingöngu í eigin þágu. „Það eru sífellt fleiri sem vilja taka ábyrgð á eigin heilsu en vita ekki alveg hvernig á að bera sig að. Upplýsingarnar liggja víða en hjá okkur eru þær á einum stað.“

Kynningin hefst í dag klukkan tvö og verður farið yfir námið og ýmis praktísk atriði og fólki gefst kostur á að sjá kennara og stjórnendur skólans. Þá mun einn nemenda skólans segja álit sitt á náminu. Nánari upplýsingar eru á www.heilsumeistaraskolinn.com

*vera@frettabladid.is*


**Gallabrjálæði**

| Gallabuxur háar í mittið st. 36-48 | Gallakvartbuxur | Gallapils |
|---|---|---|
| ~~Áður 8.990~~ | ~~Áður 7.990~~ | ~~Áður 7.990~~ |
| Nú 6.990 | Nú 5.990 | Nú 5.990 |



FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201





LAGERSALA LIN DESIGN

Úrval rúmteppa, púða, dúka, rúmfatnaðar ásamt ýmsu öðru með allt að 80% afslætti. **Vandaður sængurfatnaður frá 4.990 kr.**

Lagersalan er á **Malarhöfða 8,** í brekkunni fyrir aftan Ingvar Helgason. Opið laugardag & sunnudag 10 – 16

**AÐEINS ÞESSA EINU HELGI.**

**www.lindesign.is/lagersala**

Lin DESIGN



**HEGÐUN FORELDRA** endurspeglast hjá barninu og því hafa þeir geysilega þýðingu fyrir barnið sem fyrirmynd. Komi þeir fram af virðingu, heiðarleika, vinsemd, gestrisni, rausn og hrósa því, er líklegt að barnið verði þannig líka. www.doktor.is



Halaleikhópurinn tekst á við margvísleg verkefni.

## Ný íslensk ópera, stuttverk, uppistand, gjörningur og tónlist

ÝMISLEGT ÁHUGAVERT VERÐUR UM AÐ VERA Á VORHRISTINGI HALALEIKHÓPSINS Á SUNNUDAGINN KLUKKAN 17 Í HÁTÚNI 12.

Meðal þess sem verður í boði eru nokkur stuttverk, gjörningur og tónlist. Til að mynda Aftur á svið eftir Fríðu Bonnie Andersen í leikstjórn Árna Salomonssonar. Leikarar eru: Hekla Bjarnadóttir, Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Stefanía Björk Björnsdóttir, Þröstur Steinþórsson, Ásdís Úlfarsdóttir, Silja Kjartansdóttir, Tobias Hausner og Margrét Lilja Arnarsdóttir.

Þá Snemma beygist krókurinn eftir Nínu Björk Jónsdóttur, leikstjóri Árni Salomonsson. Leikarar eru: Guðríður Ólafsdóttir, Sóley Björk Axelsdóttir og Kolbeinn Jes Vilmundarson.

Flutt verður 4. þáttur úr nýrri íslenskri óperu Reköldin eftir Dag Sigurðarson og Einar Melax. Leikstjórn: Einar Melax og Gunnar Gunnarsson. Leikarar eru: Kristinn Sveinn Axelsson, Sólberg R. Haraldsson, Tobias Hausner, Daníel Þórhallsson og Rúnar Sigríðarson.

Prinsinn Páskar fremur gjörning og verður með uppistand auk þess sem dúettinn Conductive flytur tónlistaratriði og Freddy segir sögur úr símaklefa.

# Svolítið eins og sjónljóð

**Við útitaflið í Lækjargötu fer fram brúðuleiksýning undir beru lofti í dag. Kanadíska brúðuleikkonan Julie Desrosiers stendur á stultum í stóru pilsi þaðan sem hún dregur allar persónur ævintýrisins Garðabrúðu.**

„Þetta er Grimmsævintýrið Garðabrúða. Mig langaði til að gera sýninguna sjónræna svolítið eins og sjónljóð,“ segir kanadíska brúðuleikkonan Julie Desrosiers sem hefur meðal annars sýnt Garðabrúðu á Spáni og í Quebecríki í Kanada og stefnir á að fara til Austurríkis í sumar.

Í sýningunni dregur Julie persónur ævintýrisins upp úr gríðarstóru pilsi en sjálf stendur hún á háum stultum. „Allt kemur frá pilsinu. Ég leik Garðabrúðu svo það er ég sem segi söguna og allar persónurnar koma úr mér, frá pilsinu,“ segir Julie og bætir við að þannig sé saga Garðabrúðu rakin í sýningunni.

Aðspurð þarf Julie aðeins að hugsa sig um hvaðan hugmyndin að sýningunni sé upprunnin. „Ég las söguna og fannst hún tala til mín. Sagan segir mikið um ómeðvitaða hluti og hluti í undirmeðvitundinni í lífi okkar. Sagan fékk mig til að hugsa um hvernig ég gæti gert hana sjónrænt. Mig langaði til að tjá tilfinningar frekar en að segja bara sögu,“ upplýsir Julie sem segir sýninguna tæplega eins árs.

Julie segir að sagan hrífi jafnt börn sem fullorðna. „Ég held að sýningin sé fyrir alla vegna þess að ég leik úti á götu. Ég held samt að mjög ung börn geti kannski orðið hrædd,“ segir Julie og skýrir það svo: „Sýningin er mjög sjónræn. Ég held samt að þau kunni að meta sýninguna vegna þess að hún er úti á opnu svæði.“

Julie bendir á að stundum geti verið erfitt að skilja sýninguna. „Meira að segja fullorðið fólk skilur ekki alveg allt. Ég er reyndar ekki viss um að fólk þurfi að skilja alla sýninguna. Mér finnst frekar að hún sé eins og málverk sem ekki þarf endilega að skilja heldur frekar að upplifa.“

Garðabrúða er liður í Listahátíð í Reykjavík og verður sýnd við útitaflið í Lækjargötu þrisvar sinnum í dag klukkan 13, 14.30 og 16.

*martaf@frettabladid.is*



MYND/ÚR EINKASAFNI

Julie dregur persónur ævintýrisins upp úr gríðarstóru pilsi en stendur sjálf á háum stultum.



„Mig langaði að tjá tilfinningar frekar en að segja bara söguna,“ segir Julie um sýninguna. MYND/ÚR EINKASAFNI




Auglýsingasími
512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft…

Kynning

## Vinnur að bættum hag langveikra barna

UMHYGGJA VINNUR AÐ BÆTTUM HAG LANGVEIKRA BARNA OG FJÖLSKYLDNA ÞEIRRA. Í FÉLAGINU STARFA FORELDRAR LANGVEIKRA BARNA, FAGFÓLK INNAN HEILBRIGÐISKERFISINS OG ANNAÐ ÁHUGAFÓLK UM MÁLEFNIÐ.

Helstu markmið félagsins eru að tryggja foreldrum og öðrum aðstandendum aðstöðu og réttindi til að dvelja hjá veiku barni sínu án þess að verða fyrir verulegri tekjuskerðingu. Einnig að upplýsa börn og aðstandendur, heilbrigðisstarfsfólk, stjórnvöld og almenning um réttindi og skyldur í málefnum langveikra barna.

Umhyggja var upphaflega stofnuð haustið 1980. Eitt af fyrstu verkum félagsins var að koma því til leiðar að foreldrar fengju að vera hjá börnum sínum þegar þurfti að leggja þau inn á sjúkrahús. Á þessum fyrstu árum félagsins var markmið þess að standa vörð um réttindi barna á sjúkrahúsum. Smám saman þróaðist starfsemi Umhyggju og fleiri og fleiri foreldrar gengu í félagið. Stærsta breytingin var árið 1996 þegar átta foreldrafélög gengu í Umhyggju. Í dag eru félögin orðin átján.

Á síðustu árum hefur stjórn félagsins beitt sér af miklum krafti í að tryggja betur réttindi fjölskyldna langveikra barna. Má þar telja að koma sér á framfæri við stjórnvöld og sitja í nefndum á vegum Alþingis um þetta málefni, einnig á félagið fulltrúa í nokkrum stjórnum og félögum sem varða mál langveikra og fatlaðra barna.

Áþreifanleg tekjuskerðing á sér stað hjá mörgum fjölskyldum sem lenda í þeirri aðstöðu að börnin þeirra veikjast af alvarlegum og langvarandi sjúkdómum. Í ljósi þess var ákveðið að stofna Styrktarsjóð Umhyggju. Hlutverk hans er að styrkja fjölskyldur langveikra barna sem verða fyrir mikilli tekjuskerðingu vegna veikinda barna sinna. Mörg dæmi eru þess að foreldrar hreinlega missa eignir sínar þar sem þeir hafa ekkert val um annað en að hætta allri atvinnuþátttöku. Sjóðurinn er að mestu fjármagnaður af einstaklingum og fyrirtækjum. Allir félagsmenn aðildarfélaga Umhyggju geta sótt um í sjóðinn.

Það er mikið álag hjá fjölskyldum langveikra barna, sorgin er oft stór þáttur í hinu daglega lífi, oft miklir fjárhagserfiðleikar og andleg líðan foreldranna og systkina veika barnsins er oft mjög slæm. Oft eru veikindin svo mikil og erfið, að langvarandi vanlíðan á sér stað. Umhyggja ákvað að ráða til sín sálfræðing í 40% starfshlutfall fyrir um það bil einu ári síðan. Hann hefur mikla reynslu og veitir þessum fjölskyldum mikla hjálp. Félagið veitir þessa þjónustu án endurgjalds. Allt starf félagsins er fjármagnað af fyrirtækjum og einstaklingum, án allra styrkja frá því opinbera.

Á næstu vikum hefst dreifing á nýjum vörum frá barnamerkinu NUK sem framleiddar eru í samstarfi við Disney. Af því tilefni ákvað NUK á Íslandi að láta gott af sér leiða og styðja við bakið á Umhyggju, félagi langveikra barna. 10% af söluverði Disney-varanna rennur óskert til Umhyggju.

### Börn njóta ágóðans

10% af söluandvirði Disney-varanna frá NUK renna til Umhyggju, félags langveikra barna á Íslandi.

Umhyggja nýtir styrk sem þennan til að efla Styrktarsjóð félagsins en hlutverk hans er að styðja við langveik börn og fjölskyldur þeirra sem orðið hafa fyrir verulegum fjárhagsörðugleikum vegna veikinda barna.



Sandkassinn við Norræna húsið til vinstri og Tilraunalandið til hægri. Líf og fjör verður bæði úti og inni á Vatnsmýrarhátíðinni í dag milli 14 og 16. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sandkassinn er listrænn skúlptúr sem settur var upp fyrst í Stafangri þegar hún var menningarborg Evrópu.

# Mokað í listrænum sandkassa í Vatnsmýri

**Vatnsmýrarhátíð verður sett í dag klukkan 14 við Norræna húsið af frú Vigdísi Finnbogadóttur. Hátíðin, sem stendur til klukkan 16, er helguð vísindum og leik, umhverfi og náttúru, börnum landsins og barnamenningu.**

„Við ákváðum að slá upp hátíð í tilefni af því að Tilraunalandið er að flytja út og verður utandyra fram í september," segir Ilmur Dögg Gísladóttir, kynningarfulltrúi Norræna hússins, sem stendur fyrir Vatnsmýrarhátíð í dag milli klukkan 14 og 16. Hátíðina setur frú Vigdís Finnbogadóttir og er ljóst að þar geta bæði börn og fullorðnir haft af ýmsu gaman.

Að sögn Ilmar ættu flest börn á höfuðborgarsvæðinu að kannast við Tilraunalandið sem var opnað 9. apríl síðastliðinn. Tilraunalandið er til húsa í bráðabirgðaskála við Norræna húsið, en um 300 börn hafa komið þangað daglega til að spreyta sig á ýmsum þrautum. „Nú dreifir sýningin úr sér og verður úti á túni líka. Þar verða þrautir í stórum stærðum og vísindi kynnt í gegnum leik og gagnvirkni," segir Ilmur Dögg.

Í dag verður einnig vígður all sérstæður sandkassi með sex metra hárri yfirbyggingu. „Þar verður skemmtilegt fyrir krakka að leika sér en í sandkassanum verða skóflur og annað skemmtilegt dót," upplýsir Ilmur en mikil upplifun er að sitja í sandkassanum undir heljarmiklu þaki og við tjörnina þar sem gæsirnar synda og kvaka.

Hinn sérstaka sandkassa fékk Norræna húsið að gjöf frá Stafangri í Noregi. „Hann var hannaður af Happy Space-teiknistofunni í Svíþjóð og var fyrst settur upp þegar Stafangur var menningarborg Evrópu," upplýsir Ilmur Dögg. Sandkassinn er án efa stærsti manngerði sandkassinn á höfuðborgarsvæðinu og er jafnframt listrænn skúlptúr sem þjónar í senn hlutverki sólúrs og vita. „Við köllum hann hreiðrið í enda passar það vel við barnadagskrána okkar í ár sem kallast Fjöregg," segir Ilmur Dögg

Margt fleira verður á seyði á Vatnsmýrarhátíðinni. Trúðar úr leikritinu Bláa gullinu bregða á leik, Blikandi stjörnur taka lagið og lúðrasveitin Svanur spilar. Þá stýrir Mads Holm, kynningarfulltrúi fyrir nýnorræna matargerð, bragðtilraunum í gróðurhúsinu á staðnum en þeir sem mæta snemma fá einnig að bragða á bragðgóðu hollustugóðgæti.

solveig@frettabladid.is




**VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA** er yfirskrift vortónleika Kyrjanna sem haldnir verða í dag í Seltjarnarneskirkju klukkan 17. Flutt verða sígild lög sem Ellý Vilhjálms og Haukur Morthens sungu. Meðal annars Hæ Mambó og Tondeleyó.



















Siggeir er á heimavelli á Stokkseyri þar sem hann þekkir hverja þúfu. Hann verður með leiðsögn um þorpið klukkan 16 í dag og mælir með að fólk mæti tíu mínútum fyrr, við Ásgeirsbúð. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ekki allt einnota

**Á Stokkseyri hafa gamli og nýi tíminn fallist í faðma. Þó að atvinnuhættir hafi gerbreyst þá byggir margt á því sem fyrir var og sagan lifir. Hana ætlar Siggeir Ingólfsson að segja gestum á Árborgardögum.**

„Ég ætla að fræða nútímafólk um hvað hefur verið að gerast hér á ströndinni, meðal annars í sambandi við sjósókn og verslun. Stokkseyri og Eyrarbakki eru sérstakir byggðakjarnar sem eiga sér langa sögu,“ segir Siggeir sem starfar sem yfirverkstjóri umhverfisdeildar Árborgar.

Hásteinn Atlason var fyrsti íbúi Stokkseyrar, samkvæmt Landnámabók en Siggeir segir þorpið hafa byggst mikið upp af fólki ofan úr sveitum og austan úr Skaftafellssýslum sem kom þangað á vertíðir og ílentist. Bátatúnið vitnar um iðju heimamanna á fyrri tíð, þar voru smíðaðir árabátar í stórum stíl. Að sjálfsögðu kemur útgerðin við sögu hjá honum í göngutúrnum og hann gleymir ekki Þuríði formanni. „Ég tek Þuríði sérstaklega fyrir enda var hún einhver merkilegasta kona sem uppi hefur verið,“ segir hann með aðdáun í röddinni og kveðst sýna verbúðina sem minnir á hana. „Svo spinn ég inn í þetta sögur af prakkarastrikum og ýmsum samskiptum mínum við menn og málleysingja þegar ég var peyi að alast upp hér,“ heldur hann áfram og kveðst geta bætt við frásögn af persónulegri upplifun af draugum.

Siggeir hefur talsverða reynslu af því að fræða ferðamenn um þorpið sitt og er að velta fyrir sér að gera meira af því að fara með hópa í söguferðir um ströndina. „Fólki þykir svo gaman að heyra um lífið í gamla daga, hvernig þetta raunverulega var – það er margt sem kemur því á óvart í sambandi við lífsbaráttuna áður fyrr. Það var ekki allt einnota þá og því megum við ekki gleyma.“

Siggeir segir göngutúrinn taka klukkutíma og korter. Hann byrjar við Ásgeirsbúð, rétt hjá kirkjunni og mæting er klukkan 15.50. „Það er stutt frá þar sem Stokkseyrarbærinn stóð sem nú er horfinn af sjónarsviðinu,“ segir þessi sögufróði verkstjóri. *gun@frettabladid.is*







# Með heppnina með sér

**Gæludýr verða oft útundan þegar eigendur þeirra bregða undir sig faraldsfæti um helgar en ekki tjóir að skilja þau eftir yfirgefin dögum eða vikum saman. Nú býðst þeim freistandi dvöl í íslenskri sumarsveit.**



MYND/JÓN BENEDIKTSSON

Helga með Dimmu, Snata og Lassie heima á Mel. Til marks um gott atlæti málleysingjanna hjá Helgu er tíkin Dimma sem landsmenn muna eftir að fannst grafin eftir illa meðferð. Helga tók tíkina að sér, sem nú hefur fundið innri ró og gleði á ný.

„Hugur minn dvelur gjarnan hjá dýrum því mér finnst gefandi að liðsinna þeim og sjálf hef ég átt mörg gæludýr um dagana, ekki síst hunda, sem eru mínir bestu vinir," segir Helga Kristjánsdóttir, húsfreyja á Mel í Þykkvabæ, þar sem hún rekur gæludýragæsluna Lucky í indælli sveit skammt frá sunnlenskum fjörum.

Hún segir gæludýragæslu gamlan draum sem nú hafi ræst, en áður hefur hún tekið að sér hunda sem átt hafa erfitt vegna vanrækslu.

„Ég ákvað að nefna gæludýragæsluna Lucky eftir hundinum mínum sáluga. Nafnið þýðir heppinn, og bæði vorum við sannarlega heppin að finna hvort annað. Hann hélt á vit feðra sinna á jólum fyrir tveimur árum og þar sá ég á eftir mínum besta vini um dagana. Þá hafði ég átt hann í áratylft, eða allt frá því ég fann hann á hundahótelinu Leirum þangað sem hann hafði komið vanræktur og fundist yfirgefinn úti í móa," segir Helga sem býr með þremur hundum en gætir einnig málleysingja annarra til lengri eða skemmri tíma.

„Ég sérhæfi mig í hundum en tek einnig að mér fugla, ketti og önnur dýr sem ekki eiga samastað þegar eigandinn skreppur í ferðalag eða vantar tímabundið samastað fyrir vin sinn. Þá sækjum við og sendum ef eigendur eru ekki í aðstöðu til að ferðast með dýrin til okkar," segir Helga sem verður vitni að miklum mun á gæludýrum eftir dvöl á Mel, en það sýni sig að þeim sé hollt að komast á sveitaheimili með tilheyrandi hreyfingu í náttúrunni um leið og þau njóta samvista við manneskjuna.

„Þetta er óskaplega heimilisleg gæsla og þannig vil ég hafa hana. Frelsið ræður ríkjum og ég fer með hundana í fjöruferðir, kvöldgöngur og jeppaferðir. Það er heimilislífið hefðbundið með góðu fæði og atlæti. Ég loka hundana aldrei í búrum, en leyfi þeim þess í stað að vera í kringum mig og horfa með mér á sjónvarpið," segir Helga sem keypti draumajörðina Mel árið 2005 en bjó áður í höfuðstaðnum.

„Ég er Reykvíkingur, en ein af þeim sem tollir aldrei í bænum. Mamma var ráðskona í sveit og þegar ég fór að fá smjörþef af sveitinni vildi ég bara vera þar. Með aldrinum hefur svo þrá eftir sveitinni aukist, því mér leiðist ys og þys en vil hafa nóg fyrir stafni, eins og gengur í sveitum," segir Helga sem sinnir einnig myndlist og ritlist í sveitasælunni, en hún vinnur að bók með hundasögum sem hún á margar góðar.

„Dýrin eru glöð og róleg eftir sveitadvölina og hundar sem vanalega hlýða ekki innkalli eru farnir að hlýða eftir útrás í sveitinni. Ég skila svo hundunum hreinum og kembdum því við erum mikið að sulla í vatni og njóta náttúrunnar. Það fer ég með smádýr út undir bert loft í hlýju veðri og hef fugla þar sem fólk labbar um svo þeir séu ekki alltaf einir," segir Helga sem í framtíðinni hyggst einnig bjóða hestum beit og gæslu á grösugum engjum Mels. *thordis@frettabladid.is*



Mögnuð stund. Tuttugu og þrír ljósmyndarar sýna myndir af náttúruhamförum og eldgosi í Gallerí Fold á morgun. MYND/SKARPHÉÐINN ÞRÁINSSON

## Úr iðrum jarðar

TUTTUGU OG ÞRÍR LJÓSMYNDARAR VERÐA MEÐ SAMSÝNINGU Í GALLERÍ FOLD.

Opnuð verður samsýning 23 ljósmyndara í Gallerí Fold við Rauðarárstíg í dag klukkan 15. Yrkisefni þeirra eru náttúruhamfarirnar og eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Á sýningunni eru margar þekktar ljósmyndir sem birst hafa í stærstu fjölmiðlum um heim allan auk annarra sem koma nú fyrir sjónir almennings í fyrsta skipti. Sýningin nefnist Úr iðrum jarðar. Ljósmyndararnir koma úr ýmsum áttum og nálgast myndefni sitt með ólíkum hætti en sameinast í áhuga sínum á náttúru landsins og hinum mannlega þætti sem birtist í baráttu fólks við náttúruöflin.

Sýningin stendur í allt sumar og munu nýjar myndir berast ef breytingar verða á gosinu eða fleiri gos hefjast.







**SUÐURLAND Í ÖLLU SÍNU VELDI** er heiti á ljósmyndasýningu félagsmanna Bliks á Hótel Selfossi í dag frá klukkan 13 til 18 á morgun frá 11 til 18.



OPIÐ frá kl 10.00 - 20.00 alla daga
Garðyrkjustöðin Kvistar
Skógarplöntur í bökkum og pottum
fura, greni og lauftré. Aspir 2 - 4 m há tré.
Reykholti Biskupstungum • s. 694 7074 • gardkvistar@simnet.is

TAKIÐ ÞÉR RJÓMA?



Þessi bolli var handmálaður í Japan árið 1933 fyrir heldrafólk á Íslandi, sem drakk rjómakaffi á hátíðisdögum. Sparistellið fór um Kóreu, með Síberíuhraðlestinni til Moskvu og gegnum Þýskaland á uppgangsárum Hitlers til Íslands. En þú getur séð það núna í Húsinu á Eyrarbakka.



HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Söfnin við Suðurströndina
Opið alla daga frá 15. maí til 15. sept. milli kl 11 - 18. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
sími 483 1504 | husid@husid.com | www.husid.com

# Ekki safn en vísir að því

**Einar Elíasson festi fyrir nokkrum árum kaup á niðurníddu flugskýli við Selfoss. Með tímanum hefur hann gert það upp og komið fyrir vísi að safni. Þetta Ekki safn verður opið almenningi um helgina.**

„Upphaflega byggði flugklúbbur Selfoss þetta skýli fyrir 35 árum úr drasli. Þegar ég fór á eftirlaun var skýlið að niðurlotum komið og ég ákvað að kaupa það og gera upp,“ segir Einar Elíasson sem hefur síðastliðin fjögur til fimm ár unnið að uppbyggingu flugskýlis nr. 1 á Selfossflugvelli. Þar hefur hann komið upp vísi að safni sem hann ætlar að opna almenningi um helgina. Opið verður milli klukkan 14 og 18 á laugardag og sunnudag.

Í flugskýlinu geymir hann meðal annars þrjá fornbíla sem hann á sjálfur og tvær flugvélar, aðra í sinni eigu og hina í eigu Jóns Guðbrandssonar dýralæknis. „Síðan ákváðum við að hafa ekki bert kvenfólk á veggjum eins og gjarnan er gert í karlaathvörfum heldur hafa í staðinn myndir af körlum,“ segir Einar glaðlega en á veggjum flugskýlisins eru hátt í tvö hundruð andlitsmyndir af körlum, vinum Einars og kunningjum og landsfrægum mönnum í bland. „Þetta er flottar myndir og vekja talsverða athygli og kátínu,“ upplýsir Einar en um helgina verður einnig myndasýning með um 500 karlmannsandlitum.

Einar hefur auk þess safnað að sér ýmsum minjum um Kaldaðarnesflugvöll sem er einn sá elsti á landinu. „Bretar byggðu hér flugvöll fyrir sjötíu árum en þeir komu hingað austur fyrir fjall daginn eftir að þeir komu til Reykjavíkur. Þeir óku strax niður á Kaldaðarnes og spurðu hvar flugvöllurinn væri. Þá kannaðist enginn við slíkt. Hins vegar höfðu flugvélar lent á bökkum Ölfusár en fyrsta flugferð frá Reykjavík og út á land var á Kaldaðarnesbakka árið 1919,“ upplýsir Einar. Völlur Bretanna eyðilagðist að hans sögn í flóði árið 1943 og var þá starfsemin flutt til Keflavíkur. Eftir stóðu þó leifar af þeim 500 byggingum sem 3.000 manna herlið Breta notaði. Einar hefur verið iðinn við að safna þessum stríðsáraminjum í fyrirhugað Kaldaðarnessafn.

Einar opnar nú um helgina aðgang að flugskýlinu fyrir almenning. Ekki vill hann kalla það safn heldur Ekki safn. „Ég varð að finna eitthvað nafn og þar sem þetta er ekki orðið safn, en gæti orðið það með tímanum, fannst mér þetta tilvalið nafn,“ segir Einar sem setur sér engin tímamörk um hvenær safnið verður fullbúið. *solveig@frettabladid.is*



Einar Elíasson við einn af fornbílum sínum. Á bak við hann gefur að líta hluta af þeim körlum sem prýða veggi flugskýlisins. MYND/KRISTJÁN BERGSTEINSSON



TALLINN
Eistlandi á frábæru verði í beinu flugi 12.-20. júlí
Miðaldaborg frá 11. öld á frábæru verði 34.990 kr., flug og skattur. Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Hótel per mann 4.700 kr.
Í Eistland má finna sólarstrendur, kastala, hallir, friðsæl sveitaþorp, fjölbreytt menningar og listalíf. Þá er þar úrval veitingahúsa og skemmtistaða.



Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is




Forsíðumynd eftir Sigmund úr Fálkanum 1.nóv. 1961

;ALLT
HEILSA
Þriðjudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

**Þökkum kærlega fyrir stuðninginn!**

Við erum stolt af því hversu vel þjóðin tók söfnunarátaki okkar og þakklát fyrir þær hlýju móttökur sem sölufólk vasaljóssins fékk um land allt.

BLÁTT ÁFRAM!

---

SAMSKIP

## Óskum eftir að ráða starfsfólk í sumarafleysingar.

Vinsamlegast kynnið ykkur störf í boði á vef Samskipa;

**www.samskip.is**

---

Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna UNIFEM

## Sumarstörf hjá UNIFEM

UNIFEM á Íslandi leitar að jákvæðu og dugmiklu fólki (18 ára og eldri) til að sinna fjáröflun og kynningarstörfum fyrir samtökin í júní og júlí. Starfið felst í því að kynna starf UNIFEM með götukynningu og úthringingum og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Um er að ræða hálft starf sem fer að mestu leiti fram seinni part dags. Viðkomandi þarf að vera opinn, framfærinn, áreiðanlegur og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Áhugi og þekking á þróunarmálum, kvenréttindum og málstað UNIFEM er kostur.

**Umsóknarfrestur til 20. maí 2010.**
Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá og umsókn á eva@unifem.is. Nánari upplýsingar í síma 552 6200.

**UNIFEM á Íslandi – Laugavegi 42 – 101 Reykjavík**

---

# Kirkjubæjarskóli leitar eftir kennurum

**Laus er til umsóknar kennarastaða við Kirkjubæjarskóla á Síðu.**

Við leitum að metnaðarfullum og samstarfsfúsum kennara í almenna bekkjarkennslu og sérkennslu. Einnig vantar okkur kennara til að kenna eftirfarandi greinar:

| | |
|---|---|
| textílmennt | (ca. 25%) |
| heimilisfræði | (ca. 25%) |
| smíði/hönnun | (ca. 25%) |

Upplýsingar veitir Kjartan Kjartansson, skólastjóri s: 487 4633/865 7440. Nánari upplýsingar um skólann og Skaftárhrepp eru á http://www.kbs.is og www.klaustur.is Umsóknir má senda á netfang skólans skoli@klaustur.is eða í pósti merktar, Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustur, fyrir 25. maí.

---

# Flúðaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa.

Hrunamannahreppur

**Kennara vantar í íþróttakennslu og almenna kennslu. Auk þess vantar tónmenntakennara og kórstjóra, samtals um 50% starf.**

Flúðaskóli er einsetinn dreifbýlisskóli með 180 nemendur frá 1. - 10. bekk, með jákvætt og metnaðarfullt skólastarf.

Skólinn er staðsettur í frábæru umhverfi og mikil áhersla er lögð á að vera í nánum tengslum við náttúruna og samfélagið.

Umsóknarfrestur er til 29. maí 2010.
Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 480 6611 / 847 1359, netfang gudrunp@fludaskoli.is

Flúðaskóli
virðing vitneskja

---

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3200 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

# Við leitum að **Tæknihöfundi**

**Starfið:**

- Tilheyrir Útgáfusviði innan vöruþróunarferlis, en fer fram í Söluverkahópi í náinni samvinnu við véla- og rafhönnuði.
- Felst í gerð tæknihandbóka fyrir söluverk. Tæknihandbækur söluverka innihalda sértækar upplýsingar til viðskiptavina og þjónustuaðila fyrir viðkomandi söluverk, s.s. varahlutalista, rafmagnsteikningar o.fl.

**Menntun og reynsla:**

- Góð enskukunnátta skilyrði, skrifleg og munnleg.
- Tæknimenntun æskileg.
- Reynsla af notkun teikniforrita, AutoCad/SolidWorks.
- Færni í notkun MS Office forrita, sérstaklega Word og Excel.
- Tæknilegt innsæi og áhugi á tæknilegum málefnum.
- Áhersla er lögð á fagleg og nákvæm vinnubrögð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lára I. Hallgrímsdóttir, sviðsstjóri Útgáfusviðs í síma 563-8000.

*Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk. Vinsamlega sækið um starfið á heimasíðu Marel, www.marel.com/jobs*

www.marel.com | marel

---

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**
**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**



FRÉTTABLAÐIÐ

**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**

# DISTICA

– markviss dreifing –

***Distica hf. sérhæfir sig í innflutningi, vörustjórnun og dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, dýraheilbrigðisvörum sem og vörum fyrir heilbrigðisstofnanir og rannsóknarstofur. Fyrirtækið byggir á meira en 50 ára reynslu í starfsemi sinni og eru starfsmenn þess tæplega 70 talsins.***

## *Starfsmaður í viðskiptaþjónustu*

Viðskiptaþjónusta Distica óskar eftir að ráða dugmikinn og nákvæman einstakling með ríka þjónustulund og einstaka hæfni í mannlegum samskiptum í 80% starf í pantanamóttöku.

**Helstu verkefni:**

- Sala og vöktun pantana í innkaupakerfi og í síma
- Vöktun og uppfærsla biðlista lyfja
- Uppfærsla og viðhald birgðaskrár
- Upplýsingagjöf og samskipti við viðskiptamenn
- Leiðrétting reikninga

**Menntun og reynsla:**

- Lyfjatækninám eða sambærileg menntun
- Mjög góð tölvufærni
- Góð enskukunnátta og kunnátta í dönsku er kostur
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg

***Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Gunnarsdóttir starfsmannastjóri, vilborg@distica.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk. Umsóknir ásamt ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið starf@distica.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.***

***Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is***

---

# *Hópstjóri* vöruhúss og viðskiptagreindarteymis

Arion banki leitar að öflugum einstaklingi til starfa sem hópstjóri fyrir „Business Intelligence" hóp í Hugbúnaðardeild á Upplýsinga- og tæknisviði bankans. Við leggjum áherslu á að ráða starfsmann sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi, hefur góða íslensku- og enskukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og á auðvelt með að vinna í hóp.

### *Starfssvið*

- Fagleg ábyrgð á uppbyggingu og þróun vöruhúss gagna og viðskiptagreindar í Arion Banka.
- Þátttaka í stjórnunarteymi hugbúnaðardeildar.
- Innleiðing „best practices" í hugbúnaðargerð ásamt eftirfylgni með því að unnið sé eftir gæðakerfi sviðsins.
- Dagleg stjórnun hópsins.
- Stýrir verkefnum hópsins og forgangsraðar þeim.

### *Menntunar- og hæfniskröfur*

- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun og minnst 5 ára löng starfsreynsla.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Þekking á högun og tækni sem beitt er á sviði Vöruhúss gagna og viðskiptagreindar sem og samþætting kerfa.
- Þekking á Agile og SCRUM og forritunarþekking kostur (t.d. MS-SQL, SSIS, .NET).

### *Umsóknarfrestur er til og með 25. maí.*

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Per Christian Christensen,** forstöðumaður Hugbúnaðardeildar, **s. 444 7212,** netfang **per.c.christensen@arionbanki.is**.

Sótt er um starfið á heimasíðu bankans www.arionbanki.is.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁕ arionbanki.is

Arion banki er framsækinn banki sem veitir viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta.

Hjá bankanum starfa um 950 manns á 29 starfsstöðvum um land allt. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Arion banki

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
# Störf í leikskólum

Við leikskóla Hafnarfjarðar eru lausar stöður leikskólakennara frá 1. ágúst 2010. (nema Kató).
Þá er laus staða matreiðslumeistara frá 15. júní og staða sérkennslustjóra frá 1. ágúst við leikskólann Vesturkot.

Allar upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla en sjá nánar á heimasíðu www.hafnarfjordur.is/leikskolar

---

# PRENTSMIÐUR
## GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Við leitum að einstaklingi með mikla reynslu af hönnun, umbroti og myndvinnslu.Hann þarf að vera mjög vel að sér í helstu forritum, sem notuð eru í prentiðnaði, þekkja prentferli, frágang prentgripa, geta unnið við stafrænar prentvélar og eftirvinnslu.

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, hafa mikla hæfileika í mannlegum samskiptum og get unnið hratt.

Í boði er skemmtilegt og fjölbreytt starf í fyrsta flokks umhverfi, með skemmtilegu fólki.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Sigurðsson í síma 896 2235 eða á tölvupósti prent@smidjan.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Stafræna prentsmiðjan er þjónustufyrirtæki í fremstu röð í prentiðnaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú 7 manns í skemmtilegu umhverfi með nýjum og öflugum tækjabúnaði til prentunar. Prentsmiðjan býður upp á hönnun, umbrot, offsetprentun, stafræna prentun og allar helstu prentlausnir sem í boði eru í dag.

STAFRÆNA PRENTSMIÐJAN

BÆJARHRAUNI 22 / 220 HAFNARFIRÐI / SÍMI: 544 2100 / FAX: 544 2102 / PRENT@SMIDJAN.IS / WWW.SMIDJAN.IS

---

# Skrifstofustjóri Jarðvísindastofnunar

**Skrifstofustjóri sér um daglegan rekstur Jarðvísindastofnunar undir stjórn forstöðumanns stofnunarinnar. Meðal verkefna eru reikningshald stofnunarinnar, áætlanagerð og ferðaheimildir.**

Krafist er góðrar bókhalds- og tölvukunnáttu, sérstaklega Excel-kunnáttu. Þekking á Oracle bókhaldskerfi ríkisins er kostur. Góð enskukunnátta er nauðsynleg og æskilegt er að viðkomandi hafi vald á einu Norðurlandamáli og skrifi góða íslensku. Viðkomandi þarf að hafa háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, opinberrar stjórnsýslu eða annarra greina sem nýtast í starfi. Reynsla af bókhalds- og skrifstofustörfum nauðsynleg.

Umsóknarfrestur er til 24. maí nk.

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 101117

## FIÐLUKENNARI ÓSKAST

í tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu. Umsóknir óskast sendar á box@frett.is merktar "Fiðla"

---

### Móttöku og sölustarf fyrir einstakling með ríka þjónustulund!

DANCO

Danco ehf., heildverslunn m/ gjafavörur, umbúðir og sérvöru leitar að starfskrafti í fullt starf. Viðkomandi sinnir viðskiptavinum í sýningarsal og afgreiðslu pantana.

Æskilegur aldur 25–40ára. Ráðning 15. júní.

Umsóknir m/mynd berist til Danco ehf., v/Suðurbraut 220 Hafnarfjörður eða siggi@danco.is

---

ALLRA

*Ráðgjafi / sölufulltrúi óskast*

- Leitum að duglegum og heiðarlegum einstaklingum, með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, drifkraftur og skipulögð vinnubrögð eru góðir eiginleikar. Þarf að geta unnið í hóp án vandkvæða.
- Allra Ráðgjöf er ungt og framsækið fyrirtæki sem miðlar fjárhagslausnum og tryggingum.
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál !

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sendist á **atvinna@allra.is**

---

AKUREYRI TRAVEL

## Sölufulltrúi

**– Ferðaskrifstofa Akureyrar.**

Ferðaskrifstofa Akureyrar, óskar eftir að ráða sölufulltrúa í fullt starf. Vinnutími er frá 09:00-17:00 alla virka daga.

**Hæfniskröfur:**
Amadeus kunnátta æskileg
Góð almenn tölvukunnátta
Viðkomandi þarf að vera vel skrifandi og talandi á ensku
Þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir Ragnheiður Jakobsdóttir s. 4600600 og ragnheidur@aktravel.is
Umsóknir skula sendar á ragnheidur@aktravel.is

**Umsóknarfrestur til 20.maí 2010.**

---

Capacent Ráðningar

## MARKAÐS- OG FJÁRÖFLUNARSTJÓRI

Krabbameinsfélagið

Krabbameinsfélag Íslands var stofnað 27. júní 1951 og er byggt upp af þrjátíu aðildarfélögum. Tilgangur Krabbameinsfélagsins er að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.

**Krabbameinsfélag Íslands óskar eftir að ráða markaðs- og fjáröflunarstjóra til starfa. Markaðs- og fjáröflunarstjóra er ætlað að efla starfsemi félagsins, styrkja ímynd þess og auka fjáröflunarmöguleika.**

**Starfssvið**
- Stjórnun og áframhaldandi uppbygging markaðs- og fjáröflunarsviðs
- Ytri og innri markaðssetning
- Hugmyndavinna og leit að tækifærum til stuðnings starfi félagsins
- Gerð markaðsáætlunar og eftirfylgni
- Samræming fjáröflunaraðgerða
- Upplýsingamiðlun og kynning verkefna
- Samskipti við styrktaraðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði markaðsfræða eða viðskipta æskileg
- Umfangsmikil reynsla af markaðs- og fjáröflunarmálum
- Hugmyndaauðgi og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði, drift og skipulagshæfni
- Mjög gott vald á íslensku og ensku ásamt einu Norðurlandamáli
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þorbjörg Guðjónsdóttir (thorbjorg.gudjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

## VERKEFNASTJÓRI

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landssamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum. Í þeim tilgangi er öflugur hópur sjálfboðaliða til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring. Við stofnun Slysavarnafélagsins Landsbjargar urðu til ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi með um 18 þúsund félögum sem starfa í björgunarsveitum, slysavarna- og unglingadeildum.

**Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar að verkefnastjóra.**

**Starfssvið**
- Umsjón og eftirfylgni verkefna
- Stýring og skipulag viðburða
- Fyrirlestrar/greinaskrif
- Samskipti við samstarfsaðila og félagsmenn
- Vinna fyrir stjórn og tengd verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf æskilegt
- Nám og/eða reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking/reynsla af björgunarsveitastarfi kostur
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Reynsla af fyrirlestrarhaldi
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Jákvæðni og hæfni til að vinna í hópi

Umsjón með starfinu hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

## Laus störf í leik- og grunnskólum Kópavogs

KÓPAVOGSBÆR

- **Kópavogsbær er með lausar stöður kennara til umsóknar bæði í leik-og grunnskólum bæjarins.**

Um er að ræða bæði hlutastöður og heilar stöður.
Leitað er eftir fólki sem er tilbúið til að taka þátt í metnaðarfullu og skemmtilegu starfi hjá bænum.
Hægt er að nálgast nánari upplýsingar og sækja um stöðurnar á nýjum umsóknarvef bæjarins sem er á heimsíðu hans, slóðin er ***www.kopavogur.is***

**Nýr umsóknarvefur hjá Kópavogsbæ á heimasíðu bæjarins**
***www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum VSV

## Viðgerðarmaður óskast.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum óskar eftir að ráða viðgerðarmann til að sinna almennu viðhaldi í frystihúsi félagsins. Góð þekking á flökunarvélum æskileg.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá berist Vinnslustöðinni hf., Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjum, merkt Anna S. Hjaltadóttir eða á netfangið anna@vsv.is

Nánari upplýsingar veitir Anna S. Hjaltadóttir í síma 862 0441 og í netfanginu anna@vsv.is

# Húsvörður

Húsfélag eldri borgara í Reykjavík óskar eftir að ráða húsvörð til starfa.

**Hæfniskröfur:**
- Handlaginn, tækniþekking, reglusamur, þjónustulundaður og reyklaus.

Starfið hentar vel samhentum hjónum á aldrinum 50 – 55 ára.

Húsvörður fær til afnota húsvarðaríbúð.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ST. JÓSEFSSPÍTALI SÓLVANGUR

## Hjúkrunarfræðingar

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga á lyflækningadeild, handlækningadeild og á hjúkrunardeildir Sólvangs í sumarafleysingar og til framtíðar.

### Í boði er:

- **Einstaklingsmiðuð aðlögun, fræðsla, hlutastörf, næturvaktir á handlækningadeild og lyflækningadeild.**
- **Góður starfsandi og teymisvinna þar sem markmiðið er að veita skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á.**

St. Jósefsspítali Sólvangur er vinnustaður sem leggur áherslu á umhyggju fyrir starfsfólki, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og að sérhver starfsmaður fái að njóta sín í stafi.

Upplýsingar gefur Dórothea Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 5550000 netfang: dora@stjo.is
Erla Helgadóttir, hjúkrunarstjóri Sólvangs í síma 5906500, netfang: erla@solvangur.is,

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast til Dórothea Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóra hjúkrunar, Suðurgötu 41, og Erlu Helgadóttur, hjúkrunarstjóra Sólvangs, Sólvangsvegi 2, 220 Hafnarfirði

Umsóknarfrestur er til 31.maí 2010. Sótt er um rafrænt á eyðublöð heimasíðu stofnunarinnar www.stjo.is, undir laus störf.

Laun ofangreindra starfa er samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.
Umsóknareyðublöð fást á www.stjo.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Primera Air

We are a dynamic airline proudly offering high quality, profitable services to the leisure market.

# WE ARE LOOKING FOR 3 STAFF MEMBERS TO JOIN OUR TEAM

**In general we are looking for candidates that:**
- are skilled in Excel, Word, Outlook and have a good general knowledge of computers
- have the ability to multi task and work in a fast paced, demanding environment
- are fluent in English, both spoken and written
- have good people and communication skills
- are able to work both independently and as a part of a team
- are committed to quality and thorough approach to their work

## COST CONTROLLER
**FINANCE DEPARTMENT**

The Cost Controller's main responsibility is posting and controlling the companies travel cost paid with credit cards. The job also includes reconciliation of invoices, supervision of rejected invoices and other related projects as appointed by the Accounting Manager.

**Skills and Experience required**
- Have experience of accounting work environment.
- Have an excellent knowledge of the Navision Business Solutions System.
- Business degree will be considered an advantage.
- Be good with numbers and attentive to details.

## SOFTWARE DEVELOPER
**IT DEPARTMENT**

As a Software Developer, you will be responsible for designing, coding, testing and implementing various interfaces between existing systems. The IT Department supports all departments of the airline and works primarily on system installations and integration.

**Skills and Experience required**
- B.S. in Computer Science or related technical degree.
- Demonstrable software development experience.
- Be able to interpret written business requirements and technical specification documents.
- Perform coding to written technical specifications.
- Troubleshooting and software testing.

## CREWING OFFICER
**OPERATIONS DEPARTMENT**

The Crewing Officer monitors the flight crew rosters on a daily basis assuring that the Company's flight program is crewed according to regulatory requirement, flight time limitations and Company requirements.

**Skills and Experience required**
- Be flexible, teamwork minded and stress resistant (shifts 12 hours a day).
- Have experience from similar work environment from within the aviation industry.
- Have good administrative and problem solving skills and be capable of lateral thought.
- Be able to prioritise and maintain efficiency under pressure.

For more detailed job descriptions, please visit our website **www.primeraair.com**. To apply, please fill out an online application form and attach CV and a photo. The application deadline is **23 May 2010**. Should you have additional questions, feel free to contact us.



Primera Air

Primera Air | Hlíðasmári 12 | 201 Kópavogur | Tel. 527 6000 | Fax. 527 6001 | primeraair.com

## FISKMARKAÐUR FYRIR ALMENNING VIÐ GÖMLU HÖFNINA Í REYKJAVÍK

**Alla laugardaga í sumar** verður starfræktur fiskmarkaður fyrir almenning við Gömlu höfnina í Reykjavík. Fyrirhugað er að bjóða upp á breitt úrval ferskra sjávarafurða. Sölubásar eru lausir til úthlutunar fyrir seljendur fiskafurða. **Fyrsti söludagur verður 5. júní á Hátíð hafsins.**

**Áhugasamir hafi samband við Ernu Kaaber í síma 8207121 eða sendi póst: erna@fishandchips.is**

Þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna

UNIFEM

## Sumarstörf hjá UNIFEM

UNIFEM á Íslandi leitar að jákvæðu og dugmiklu fólki (18 ára og eldri) til að sinna fjáröflun og kynningarstörfum fyrir samtökin í júní og júlí. Starfið felst í því að kynna starf UNIFEM með götukynningu og úthringingum og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Um er að ræða hálft starf sem fer að mestu leiti fram seinni part dags. Viðkomandi þarf að vera opinn, framfærinn, áreiðanlegur og vera sjálfstæður í vinnubrögðum. Áhugi og þekking á þróunarmálum, kvenréttindum og málstað UNIFEM er kostur.

**Umsóknarfrestur til 20. maí 2010.**
Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá og umsókn á eva@unifem.is. Nánari upplýsingar í síma 552 6200.

**UNIFEM á Íslandi – Laugavegi 42 – 101 Reykjavík**

**Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi auglýsir eftir**

## Forstöðumanni í búsetuþjónustu / frekari liðveislu á Akranesi

**Svæðisskrifstofa Vesturlands óskar eftir þroskaþjálfa, í 50% starf forstöðumanns í búsetuþjónustu / frekari liðsveislu á Akranesi**

Forstöðumaðurinn er þátttakandi í þverfaglegri þjónustu svæðisskrifstofunnar. Lögð er stérstök áhersla á gott samstarf við neytendur þjónustunnar og starfsfólk við uppbyggingu og framkvæmd þjónustunnar.
Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða samstarfshæfileika og virði aðra á jafnréttisgrundvelli.

**Umsóknarfrestur er til 31. maí n.k.**

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þorgrímsson framkvæmdastjóri í síma 4331700 netfang: magnus@sfvesturland.is. og Jórunn Guðmundsdóttir í síma 4331714. Laun skv. gildandi kjarasamningum. Skriflegar umsóknir sendist til Svæðisskrifstofu Vesturlands Bjarnarbraut 8 - 310 Borgarnes

Iceland Travel

# Verkefnastjóri

**Iceland Travel** er leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið er hluti af Icelandair Group og hefur í rúm 30 ár sérhæft sig í móttöku erlendra ferðamanna frá öllum heimshornum sem og skipulagningu ráðstefna á Íslandi.

**Ferðaskrifstofan VITA** var stofnuð í júní 2008 og er rekin af Iceland Travel. Helsta markmið ferðaskrifstofunnar er að bjóða upp á fjölbreytt úrval ferða í leiguflugi með góðri þjónustu og tryggum flugkosti á samkeppnishæfu verði.

Hjá Iceland Travel og VITA starfa um 75 manns sem þjóna rúmlega 40 þúsund viðskiptavinum á ári hverju.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Valdimarsdóttir starfsþróunarstjóri í síma 585 4300.

Áhugasamir sendi umsóknir á rafrænu formi á netfangið ragnheidurv@icelandtravel.is fyrir 31. maí nk.

Öllum umsóknum svarað og fullum trúnaði heitið.

Umsóknir skal senda á ragnheidurv@icelandtravel.is

### Verkefnastjóri á innkaupasviði

Við leitum að drífandi aðila til að starfa í innkaupateymi félagsins. Ábyrgð innkaupateymis er að tryggja samkeppnishæfni félagsins á markaði hverju sinni. Viðkomandi starfar sem helsti tengiliður birgja og starfsmanna Iceland Travel.
Um kefjandi starf í alþjóðlegu umhverfi er að ræða.

### Starfssvið

Samningagerð og samvinna við birgja
Þátttaka í birgða- og tekjustýringu
Þátttaka í verðlagningu
Upplýsingamiðlun

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Góð greiningarhæfni
- Geta til að starfa sjálfstætt og í hóp
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla af íslenskri ferðaþjónustu er kostur

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50323 05/10

Iceland Travel og VITA eru hluti af Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Iceland Travel

vita

Skútuvogi 13 a
104 Reykjavík
585 4300

icelandtravel.is

**Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?**

**Við tökum vel á móti öllum ábendingum.**

**www.visir.is/posthusid – sími 585 8330**

FRÉTTABLAÐIÐ



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Meginhlutverk Útflutningsráðs er að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að selja vörur sínar, þjónustu og þekkingu erlendis.

Þjónustu Útflutningsráðs er skipt í fimm fagsvið: Upplýsingar, Ráðgjöf og fræðslu, Sýningar, Nýja markaði og Fjárfestingarstofuna.

# Markaðsstjóri

## Útflutningsráð, í samvinnu við Fiskifélag Íslands, óskar eftir að ráða markaðsstjóra íslenskra sjávarafurða.

**Meginverkefni:**

- Kynning á ábyrgum fiskveiðum Íslendinga
- Kynning á vottun ábyrgra veiða (Iceland Responsible Fisheries)
- Önnur sameiginleg markaðsverkefni íslenskra fiskútflytjenda
- Gerð kynningarefnis, rekstur vefsíðu, þátttaka í sýningum og ráðstefnum, sem og kynningarfundir innanlands og utan
- Náin samvinna við innlenda og erlenda hagsmunaaðila

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

- Menntun á sviði markaðsmála eða skyldra greina
- Þekking og reynsla tengd sjávarútvegi
- Góð tungumálakunnátta, mjög góð enska nauðsynleg, önnur mál æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góðir tjáningarhæfileikar í ræðu og riti

**Nánari upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



# Vélvirkjar

## Getum bætt við nokkrum vélvirkjum í sumarafleysingar hjá Norðuráli á Grundartanga

**Hvaða kröfur gerum við?**
- Sveinspróf í vélvirkjun eða að umsækjandi sé kominn vel á veg með sveinsprófið
- Áhugi, góð samskiptahæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

**Hvað veitum við?**
Við bjóðum þér traust og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefnin eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á búnaði Norðuráls, með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

**Hvernig sækir þú um?**
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína við fyrsta tækifæri. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Vélvirkjar Sumarafleysingar.

**Trúnaður**
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri
í síma 430 1000.

NORÐURÁL Century ALUMINUM

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á sjötta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, iðnfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## ....Starfsfólk óskast.....

Matsölustaður í miðborg Reykjavíkur óskar eftir vönu fólki í eldhús og sal Líflegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir duglegt fólk. **Upplýsingar hjá Ragnari í síma 8623441 eða info@balthazar.is**

## HIÐ ÍSLENSKA BIBLÍUFÉLAG

óskar að ráða **framkvæmdastjóra** í hálft starf.

Framkvæmdastjóri annast rekstur félagsins í samræmi við lög þess og markmið, m.a. að efla útbreiðslu og notkun Biblíunnar.
Sjá nánar starfslýsingu og lög félagsins á vefsíðunni http://biblian.is/.

Þörf er einlægs áhuga á markmiðum félagsins, traustrar undirstöðumenntunar, reynslu af sjálfstæðu starfi, góðra samskipta- og skipulagshæfileika, getu til að flytja mál vel í ræðu og riti, þ.m.t. góðs valds á íslensku máli en einnig ensku og Norðurlandamálum vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir dr. Sigurður Pálsson virka daga kl. 18-19 í síma 551-1097 eða 891-7541.

Laun miðast við menntun og starfsreynslu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst skv. nánara samkomulagi.

UMSÓKNIR um starfið ásamt yfirliti um náms- og starfsferil sendist Fréttablaðinu, merkt, **Framkvæmdastjóri-0105 fyrir 14. maí nk.**

## Skólastjóri á Raufarhöfn

Laus er staða skólastjóra samrekins Grunn- og leikskóla Raufarhafnar. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi sem er tilbúinn að leiða og þróa kraftmikið skólastarf.

**Starfssvið**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Fagleg forysta skólans og stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Kennaramenntun
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Stjórnunarhæfileikar, samskiptahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi

**Upplýsingar um starfið veitir Huld Aðalbjarnardóttir menningar- og fræðslufulltrúi Norðurþings í sími: 464-6123 eða á netfanginu huld@nordurthng.is**

## Grunnskólakennari og leikskólakennari

Grunnskólinn á Raufarhöfn er heildstæður samrekinn leik- og grunnskóli með um 40 nemendur. Við erum að fara að flagga Grænfánanum bráðlega og erum í innleiðingarferli Uppbyggingarstefnunnar (uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga).

Við leitum eftir vel menntuðum og metnaðarfullum kennurum sem vilja taka þátt í þróun skólastarfs með öðrum starfsmönnum skólans. Við leggjum áherslu á sveigjanlega kennsluhætti, samvinnu og vellíðan starfsfólks og nemenda.
Laus er staða leikskólakennara sem getur hafið starf fljótlega við leikskóladeildina og staða grunnskólakennara á unglingastigi.

**Áhugasamir kennarar hafi samband við Jóhönnu Dögg Stefánsdóttur skólastjóra í síma 695-7117 eða sendi umsókn á netfangið johanna@raufarhofn.is**

**Umsóknarfrestur um framangreindar stöður framlengist til 10. júní 2010.**

Heimasíða skólans er: http://grunnskoli.raufarhofn.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi og miklum sköpunarkrafti manns og náttúru.

# Blikksmiður óskast!

Óskum eftir blikksmið, eða aðila vönum blikksmíðavinnu. Þarf að geta byrjað strax. Vinsamlegast sendið póst á box@frett.is, merkt;

**Blikksmiður-1508**

ALÞINGI

## Aðallögfræðingur Alþingis

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir aðallögfræðingi.

**Starfssvið:**
- Almenn lögfræðistörf fyrir skrifstofu Alþingis.
- Rannsóknir og athuganir á sviði stjórnskipunarréttar.
- Undirbúningur og aðstoð við ýmis lögfræðileg verkefni fyrir forseta Alþingis og skrifstofuna.
- Ýmis önnur verkefni á skrifstofu forseta Alþingis.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lögfræði (kandídats- eða meistarapróf). Sérstök þekking á sviði stjórnskipunarréttar er æskileg.
- Gott vald á íslensku máli og færni í að skrifa greinargerðir og minnisblöð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, góð framkoma og þjónustulund.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Staðan er laus nú þegar. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna Alþingis.

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Magnússon aðstoðarskrifstofustjóri (stjórnsýsla) í síma 5630500.

Umsóknir ásamt greinargóðum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast skrifstofu Alþingis, Kirkjustræti 10, 150 Reykjavík, merktar "aðallögfræðingur", eigi síðar en 4. júní nk. Umsóknir má einnig senda með tölupósti á netfangið starfsmannahald@althingi.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# Vefstjóri TM

**Tryggingamiðstöðin auglýsir starf vefstjóra. Starfið heyrir undir forstöðumann markaðs- og kynningarmála á samskiptasviði TM.**

**Starfssvið:**
- // Mótun og þróun vefstefnu TM
- // Umsjón og ábyrgð á ytri vefjum TM
**Sala á ýmsum varningi verður í porti við Antiksöluna, Skúlatúni 6 laugardaginn 15. maí og sunnudaginn 16. maí frá kl. 10-17.**
**Úrval nytsamlegra muna í boði.**

**Áhöld og tæki til pizzugerðar.**
Til sölu á uppboðsvef bilauppbod.is Nánari Uppl. s. 522 4610

**Skrifstofubúnaður til sölu. Selst ódýrt.**
Kraftvélar ehf Dalvegi 6-8 / 201 Kópavogi / Sími 535 3500.

2 iðnaðarhurðir frá Hjöðni til sölu annars vegar 3,87 x 4.28 og 3.97 x 4.28 báðar eru með rafmagnsopnara og fjarstýringu uppl: 866 7630.

4 tonna glussalyfta tveggja pósta til sölu uppl: 866 7630.

Til sölu vídeó spólur, Ca 50,000 stk Skoða skipti eða beina sölu uppl 892 2879.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón & Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir notaðri þvottvél - Upplýsingar í Síma 897-3136

Vínskápur óskast keyptur, get staðgreitt í gjaldeyri. Vinsamlegast sendið uppl. á einarg100@gmail.com

20 feta gámur óskast ekki verra ef hann er einangraður. Einnig óskast 1500 ltr Rotþró S 6640368

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Verslun

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. Kassagítar Tilboð kr. 49.900.- m/pikup, kassagítar kr. 11.900.- innbyggður tuner, 10W magnari, poki, snúra, ól, auka strengjasett og e Media kennsluforrit í tölvu. Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 33.900.- Þjóðlagagítar frá 17.900.- Þjóðalagagítar með poka. ól. stilliflautu. emedia kennsludisk á kr. 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Sími 824 7610 & 660 1648.

Píanó til sölu selst ódýrt. uppl í s: 8685503

Píanó til sölu. Uppl. í S. 824 0060.

## Til bygginga




10f gámur vel útbúinn & góð beygjuvél uppl istal@simnet.is / 896 4511

## Fyrirtæki

Til sölu búðarvarningur td ilmspjöld í bíla, skór barna/full, ýmis gjafavara og búðar innréttingar uppl 892 2879

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - AFRICANA - NUDD JB HEILSULIND S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

**SPA - DREAM OASIS Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

## Snyrting

**Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •**
Sími 551 2042 / 694 1275
www.hairandbodyart.net
Lynette Jones

## Námskeið



Viltu læra að hlaupa á léttari máta? Námskeið í Laugardal, Hafnarfirði, Mosfellsbæ www.smartmotion.org

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**NORSKA - NORWESKI - ICELANDIC ANGIELSKI dla POLAKÓW**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30 or19:45-21:15, start 25/5, 28/6, 3/8. Level II: 4 w: Md to Fr; st. 18:00-19:30, st: 25/5, 28/6. Level III: 4w:13-14:30 st:25/5, 28/6. Level V: 4w: Md-Fri 8-9:30 st.25/5 Level VIII Sat/Sun 17-18:30 st 29/5. NORSKA: stig I: 4 vikur, mán til fös 19:45-21:15, stig I: 25/5, stig II: 28/6 ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I, 5 weeks, Md to Thu: 10:00-11:30 or 19:15-20:45 st. 31/5. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice




## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. ,07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu fallegt ljóst leður sófasett. 3ja sæta sófi og 2 stólar. Uppl. í S 821 5133

## Dýrahald



13 vikna HRFÍ papillon til sölu. Uppl í S. 564 1210 & 659 1210



Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

**Hundagalleríið auglýsir**
**Vorum beðinn um að selja Chin rakka. Sanngjarnt verð. Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is S. 566 8417 Tökum visa/euro**



**Hreinræktaður Chihuahua**
Chihuahua hvolpur til sölu. Ættbókarfærður og örmerktur. Blíður hundur með frábært skap. Upplýsingar í síma 892 8778.



Golden retriever hvolpar til sölu fáir eftir. Tilbúnir til afhendingar sprautaðir, örmerktir og ættókafærðir hjá íshundum Foreldrar innfluttur, í ekta Golden lit! www.123.is/madda S. 863 8596.

Rottweiler hvolpar til sölu. Uppl í S. 849 1580

Til Sölu hreinr. Rottweiler rakki fæddur 16 mars 2010 heilsuf.skoðaður örm. bólus. uppl. s. 8494644

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934.

**Siberian Husky hvolpar**
Með ættbók frá HRFÍ. www.prinsinn.dyraland.is Uppl í S. 822 0144.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Lax-Bleikja-Gæs**
Til sölu veiðileyfi í Hjaltadalsá og Kolku í Skagafirði. Einnig kornakur í gæs í haust. Uppl. á www.svfr.is og í s. 868 4043.

## Hestamennska

**Landsmót hestamanna**
Til leigu sumarhús fyrir landsmót hestamanna dagana 29.-4. júlí. S. 868 4043.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Búseturéttaríbúðir - Leiguíbúðir
Sími: 520 5788 - Veffang: www.buseti.is
BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

ALLT FASTEIGNIR
Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is
S. 565 1233
Fasteignir óskast

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus
LEIGUMIÐLUN

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Góð 90 fm 3 herb íbúð í Grafarvogi til leigu frá 1. júlí. Verð 120 þ. Bý erlendis, vsl. sendið email á klukkurimi@hotmail.com eða s. +45-41626623.

4herb íbúð til leigu í 3m. frá 1.jún.-31.ágúst. Er í Fossvoginum. Uppl í síma 6985070

3 herb. 80 fm íbúð í Selási til leigu. Örstutt í leikskóla,skóla,sundlaug og ræktina.Íbúðin er björt og með suðursvalir.V. 120þ + hússj. S. 898 3078.

Góð íb. á Manhattan, New York til leigu í sumar. Gisting fyrir 4, nálægt lestarstöð, 60$ nóttin. Uppl: Ólöf í ohgunnars@gmail.com

Til leigu 95 fm. 4 herb. íbúð í Breiðholti. Laus strax. 125 þús. á mán. Hússjóður, hiti og rafmagn innifalið. Uppl. Gunnar, sími 6952589

KJALARNES til leigu 180m2 endaraðhús með stórum garði. Dýr leyfileg. S. 6603398

Herbergi Hringbraut 107, til leigu tvö aðskilin herbergi, WC. og aðgangur að eldhúsi með eigendum s. 866 6344

3ja, 86 fm. á 6. hæð + bílag. við Austurströnd á Seltj. 130 þ. pr. mán. 894 3143.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til langtímaleigu 5.herb á 3.hæð í norður bæ HFJ. Stutt í alla þjónustu. Uppl í S. 897 4458.

2 herb. íbúð til leigu á sérhæð í Grafarvogi með öllu frá 1. jún. til 15. ág. Sanngjarnt verð uppl. í s. 846 8479.

## Húsnæði óskast

67 ára kona með smáhund óskar eftir einstaklings íbúð í Kópavogi GSM 697-3004

Ung og barnlaus hjón óska eftir 2ja herbergja íbúð til leigu miðsvæðis í Reykjavík frá júnílokum. Erum mjög reglusöm og ábyrg, reykjum hvorki né drekkum. Vinsaml. hafið samband í síma 823-5444 eða 867-3667.

Lítil fjölskylda óskar eftir 3 - 4 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Greiðslugeta allt að 120 þús. Reglusemi og skilvísni heitið. Uppl. í 770-0365 eða sigurveig20@gmail.com

30 ára framhaldsskólakennari óskar eftir að leigja litla íbúð í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi næsta vetur. Sími 848 0112.

KK á fimmtugsaldri óskar eftir litilli íbúð eða herbergi á Rvk. Vinnur að hluta til erlendis, reyklaus og ekkert vesen. Uppl. í s. 694 7336.

Hjón með 4 börn óska eftir 4-6 herb íbúð langtíma á höfuðborgarsvæði frá og með 1 Júlí. Meðmæli ef þess er óskað. Greiðslugeta 100-140Þ. Uppl Elísa 8698473.

Óska eftir 3 - 5 herbergja íbúð frá 1. júni nükomandi í síðasta lagi. Helst langtímaleigu. Uppl. í s. 8957601.

Óskað er eftir 3-4 herb. íbúð í vesturhluta Kóp. (Kársnes-hverfi) Uppl. í S 696 2886.

4ja herb. íbúð óskast til leigu í Lindar eða Salahverfi. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 894 3955.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

**Þú getur gert kraftaverk**
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Efnalaug • Fatahreinsun**

**Óskum eftir vönum starfskrafti til starfa sem fyrst, um framtíðarstarf er að ræða.**

**Upplýsingar veittar í síma 857 4471.**

**Sölufólk/sumarafleysingar.**

**Fyrirtæki í matvælaiðnaði getur bætt við sölufólki vegna sumarafleysinga. Aðeins vant fólk kemur til greina.**
**Krafist er stundvísi og samvisusemi í starfi.**
**Áhugasamir sendi umsókn á thjonusta@365.is merkt (Sölufólk/sumarafleysingar maí 2010)**

**Comfort Snyrtistofa**
Álfheimum 6,
óskar eftir Snyrtifræðingi /Nema
Umsóknir berist til berglind@comfortsnyrtistofa.is

Ung hjón Íslensk/Luxenbourgisk óska eftir Au-pair til gæslu tvegga barna (1-3 ára) og aðstoðar við létt heymilisstörf í Lúxemborg. Viðkomandi þarf að vera reglusöm, orðin 18 ára eða eldri og hafa gaman að börnum. Æskilegt að viðkomandi hafi bílpróf. Upplýsingar í síma 0031 620 188205 eða e-mail orn.sigurdsson@gmail.com

Hornið vill ráða matreiðslumann / matargerðarfólk, vaktavinna. Sími 8640499 eða hornid@hornid.is.

**Vanur verkstæðismaður óskast**
Vandað trésmíðaverkstæði óskar eftir góðum verkstæðismanni til starfa. Þarf að geta hafið störf strax. Nánari uppl. s. 617 3330

The Purple Rabbit vill kaupa djörf myndbönd íslenzkra kvenna. Nánari upplýsingar á PurpleRabbit.is.

Vantar þig auka- eða aðaltekjur? Nýtt á markaði - ný tækni. Hafðu samband. S: 699 4420

Aukatekjur, frjáls vinnutími ! Okkur vantar hressa einstaklinga í okkar hóp; sjálfstætt starf, góðar árangurstengdar tekjur. Áhugasamir um nánari upplýsingar sendi tölvupóst með nafni og síma á info@natures.is

Snyrtifræðingur óskast í 50-100% starf á snyrtistofu í 112 Rvk. allar uppl. í s.772 2289 eða snyrting@visir.is

### Atvinna óskast

24.ára kk með vinnuvélaréttindi, vanur allri lagnavinnu. Uppl í S. 771 7025.

18 ára menntaskólastúlka óskar eftir vinnu í sumar. Er vön afgreiðslustörfum, stundvís og ábyggileg. Upplýsingar í síma 8690888

Auglýsingasími 512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið

5 gullhringar töpuðust á Laugaveginum,þ,á,m giftingahringur,nafnið Róbert inni í honum,849 4448.

### Ýmislegt

Leita eftir gömlum munum,gömlum peningaseðlum,minnispeningum frá seðlabanka og einnig öðrum, gömul frím. og umsl.(ekki fyrstadags) einnig vasaúr,signet,orður,gömul skjöl,bækur í leðurbandi,fjölmargt annað kemur til greina. Vinsamlegast geymið auglýsinguna. arnes38@hotmail.com og 893 0878

### Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

**Glæný eldheit upptaka**
Hún er ljóshærð, grannvaxin og græneyg og í þessari afar innilegu upptöku fylgist þú með henni klifra hærra og hærra og ná síðan hreint ótrúlegum endasprett. Ofboðslega innileg upptaka! Sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8144.

Kona sækist eftir símaspjalli við karlmann/konu í einkar heitri og ítarlegri auglýsingu. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl. nr. 8791.

26 ára myndarleg ljóshærð kona leitar afþreyingar með karlmanni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8738.

Karlmaður leitar mjög ákveðið kynna við karlmann með skemmtun og afþreyingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl.nr. 8680.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.

Stefnumót.is Vandaður og siðprúður vefur fyrir fólk sem langar í félagsskap, vinskap eða varanleg kynni. Vefurinn er gjaldfrjáls. Stefnumót.is.




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

### Skemmtanir

**Cafe Catalina**

**Í kvöld spilar hljómsveitin**
**Vanir menn**
*Kíkjið á www.catalina.is*
**Siglfirðingakvöld**
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**FRÍTT inn fyrir konur..... og karla!**
**Hádegismatur alla virka daga**
Boltinn í beinni!
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

**Cafe Catalina**

**Lokadagskaffi**



**Sunnudaginn 16. Maí Kl. 15:00-17:00**
**í Austur sal Cafe Catalinu**
Boltinn í beinni!
*Kíkjið á www.catalina.is*
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

**vísir.is**
*"...ég sá það á vísi"*



N RÍKTI

Valdís Thor ljósmyndari er



**Kona kaupir blómvönd** Blómasalar eru algengir á götum borgarinnar.

umsátrið er ríkti hér í um 900 daga, frá 1941-1944. Það var borginni lokað af nasistum og ætlunin var að eyða henni af kortinu. 3,2 milljónir manna bjuggu hér þá, en ekki nema 560 þúsund urðu eftir er umsátrinu lauk. Flestir létust af hungri og í stríðsátökum.

Borgin er alveg einstök og fegurðin er í smáatriðunum. Sagan er stórmerkileg allt frá dögum keisaranna sem byggðu stórvirki á borð við Vetrarhöllina. Það var einstakt að geta heimsótt þessa ævintýralegu borg sem ég vona að eigi eftir að opnast meira í framtíðinni, enda er algjör synd að fleiri fái ekki að njóta þess sem hún hefur upp á að bjóða.

**BORG SEM BREYTTI UM NAFN** St. Pétursborg er nefnd eftir Pétri postula en ekki Pétri mikla sem þó byggði upp borgina. Árið 1914 fékk borgin nafnið Petrograd og tíu árum síðar var hún nefnd í höfuðið á Lenín, Leníngrad. Hún endurheimti ekki sitt fyrra nafn, St. Pétursborg, fyrr en árið 1991. Pétursborg hefur fengið mörg viðurnefni, þar á meðal „Feneyjar norðursins“ vegna hins mikla fjölda síkja í borginni, „Palmyra norðursins“ og að síðustu „höfuðborg Norður-Rússlands.“






# Múlalundur er fluttur að Reykjalundi




- Þarf að undirbúa fund eða ráðstefnu?
- Framleiða möppu, raða í og gera hana klára fyrir fundinn?
- Framleiða barmmerki?
- Sérprenta möppur fyrir markaðsátak í fyrirtækinu?

Þetta er aðeins brot af því sem við vinnum við alla daga!

**EGLA bréfabindi**
**Barmmerki**
**Ráðstefnu og fundarvörur**
**Plastmöppur**
**Sérprentaðar möppur**
**Gestabækur**
**Músamottur**
**Ljósmyndaplöst og bækur**
**Matseðlar fyrir hótel og veitingastaði**
**Gatapokar og umslög í öllum stærðum**
**Sjúkrahúsvörur**
**Pennahulstur og plast fyrir pennasafnara**
**Blaðabakkar**
**Ritföng**
**Ljósritunarpappír**

egla bréfabindi



Akstur til fyrirtækja innan höfuðborgarsvæðisins að kostnaðarlausu.




Múlalundur, Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ. Sími: 562-8500 www.mulalundur.is




**Stefnir á að opna þriðja kaffihúsið.** Friðrik Weisshappel á Laundromat Cafe.




**Varð óvart að Íslendingabar** Sigurður Helguson rekur Cafe Blasen á Nörregade.



**Mest stelpur sem sækja staðinn** Ómar Arnarson og Friðrik Arnarson á Cafe Salonen.

# ÍSLENSK K
# HÚSAMENN
# Í KAUPMANNA

Íslendingar hafa löngum verið duglegir við að færa viðskipti sín út fyrir landsteinana eins og mörgum er kunnugt. Danmörk hefur verið vinsæll áningarstaður fyrir landsmenn alla tíð og hafa nokkrir þeirra fest sig þar í sessi sem kaffihúsa- og bareigendur. Fréttablaðið náði tali af þremur Íslendingum sem lifa og starfa lukkulega í Kaupmannahöfn við veitingarekstur.

05.–12.07.

NORÐUR ÍTALÍA

Como – Torino – Asti – Genúa – Cinque Terre – Mílanó

**Verð á mann frá 219.900,-**

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting, ½ fæði (morgunverður og kvöldverður), allur akstur og skoðunarferðir, sigling á Como-vatni, vínsmökkun, og íslenzk fararstjórn.

**Fararstjóri er Guðný Margrét Emilsdóttir.**

Verð miðast við gengi og forsendur 04.02. 2010 og 30 manna hóp.

Leitið nánari upplýsinga og kynnið ykkur fleiri ferðir á okkar vegum á heimasíðu okkar www.ferdir.is



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar ehf.
Sími 511 1515
www.ferdir.is outgoing@gjtravel.is

## Cafe Blasen

Cafe Blasen varð tveggja ára 9. maí síðastliðinn og segir eigandi staðarins, Sigurður Helguson, að reksturinn hafi gengið mjög vel þessi tvö ár. „Mér líður stundum eins og ég sé að reka 400 manna skemmtistað,“ segir hann. „Samt er rýmið ekki mikið stærra en 40 m².“

Húsnæðið hefur hýst margs konar staði síðan þar var opnaður fyrst bar fyrir 30 árum; allt frá mótorhjólabar til veitingastaðar. Sigurður segir stefnuna í byrjun ekki hafa verið að opna Íslendingabar þó svo að Blasen sé einn aðalsamkomustaður Íslendinga í Kaupmannahöfn. „Þegar maður er Íslendingur með íslenskt tengslanet smitar þetta út frá sér,“ segir Sigurður. „Það vantaði líka svona bar í Kaupmannahöfn.“

Sigurður segir Dani koma á Cafe Blasen til þess að virða fyrir sér íslenskt skemmtanalíf, en séu ekki eins þrautseigir og Íslendingarnir. „Danirnir koma kannski einu sinni í mánuði, þeir hafa ekki orku í meira. Íslendingar koma hverja helgi – báða dagana.“ Margir íslenskir tónlistarmenn hafa heiðrað staðinn með nærveru sinni, og má þar nefna Hjaltalín, Heru, Múgsefjun, Didda Fel og 7berg.

*Cafe Blasen stendur við Nörregade 6, stóra umferðargötu í hjarta Kaupmannahafnar.*

## Cafe Salonen

Cafe Salonen leggur mikið upp úr matseðlinum og er með fjölbreytt úrval lítilla, góðra rétta. „Við búum mest allt til sjálf,“ segir Friðrik Arnarson, annar eigenda Cafe Salonen, en hann rekur staðinn ásamt bróður sínum, Ómari Arnarsyni. „Annað reynum við að kaupa beint frá býlum og minni stöðum sem leggja mikið upp úr gæðum hráefnisins. Við kaupum t.d. brauðið frá litlu, ítölsku bakaríi rétt handan við hornið.“

Reksturinn hefur gengið vel og er staðurinn vinsæll. Friðrik segir kúnnahópinn vera mjög fjölbreyttan, þó svo að kvenþjóðin sé þar í meirihluta. „Einhverra hluta vegna eru það mest stelpur sem sækja staðinn,“ segir hann. „Það er kannski eitthvað við stemninguna og hollustuna á matseðlinum sem heillar.“ Friðrik segir staðinn í anda gamla Sirkuss og Kaffibarsins. Hann er opinn til 1 á nóttunni og það er mikið um lifandi tónlist, DJ-a og trúbadora.

*Cafe Salonen stendur við Sankt Pedersstræde (rétt við Strikið).*

## The Laundromat Cafe

Fyrsta Laundromat-kaffihúsið opnaði á Nörrebro í ágúst 2004 og hefur reksturinn gengið vonum framar. „Upprunalega hugmyndin var að opna stað þar sem gestir geta sest niður og fengið sér kaffibolla og bita á meðan beðið er eftir þvottinum,“ segir Friðrik Weisshappel, eigandi staðanna, sem eru nú orðnir tveir. „Við opnuðum svo annað kaffihús á Österbro 2006 sem er alveg jafn vin-




MYNDIR / HALLUR KARLSSON

# AFFI-
# NING
# AHÖFN

sælt.“ Markmið Laundromat Cafe er að vera sér á báti, þar sem hagsýni mætir huggulegheitum. Gestir geta spilað, lesið bækur og tímarit, unnið eða sinnt náminu.

Friðrik segir áherslumun vera á stöðunum tveimur, þrátt fyrir að vera undir sama vörumerki. Á Nörrebro sækja mest leikarar, námsmenn og tónlistarfólk en meira er um fjölskyldufólk á Österbro, þar sem er stórt og vinsælt leiksvæði fyrir börnin. Á þessu ári hefur verið 14 prósenta aukning í rekstri staðanna og segist Friðrik stefna á að opna þriðja kaffihúsið í Kaupmannahöfn um leið og húsnæði finnst.

Á næstu dögum fær Friðrik danska sjónvarpsleikkonu til sín í starfsþjálfun á Laundromat. Danska ríkissjónvarpið er um það bil að hefja tökur á nýjum sjónvarpsþætti sem nefnist Lykke og er skrifuð af höfundum vinsælu glæpaþáttanna Kroniken. En aðalpersóna þáttanna mun starfa á The Laundromat Café. „Hún verður að læra hvernig teskeiðarnar eiga að snúa og hvernig á að stilla saltinu upp eins og við viljum hafa það hérna,“ segir Friðrik. „En þetta er auðvitað ótrúlegur heiður og gríðarlegur markaðslegur ávinningur fyrir okkur.“

*The Laundromat Cafe stendur við Elmgade 15 á Nörrebro og við Århusgade 38 á Österbro í Kaupmannahöfn.*

## HÁLENDISHANDBÓKIN KOMIN ÚT Í ÞRIÐJA SINN

Hálendishandbókin eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson er nú komin út í þriðja sinn, en hún kom fyrst út árið 2001.

Í þessari nýju útgáfu eru ýmsar upplýsingar uppfærðar til samræmis við breytingar sem orðið hafa frá útgáfu síðustu bókar, auk nýrra ljósmynda og lýsinga á nýjum áfangastöðum.

Höfundurinn Páll Ásgeir Ásgeirsson hefur skrifað fjölda leiðsögubóka fyrir ökumenn og göngumenn um óbyggðir og hálendi Íslands auk þess að vera þekktur leiðsögumaður í ferðum Ferðafélags Íslands um þekktar og óþekktar slóðir í íslenskri náttúru.

Fjölmargir ljósmyndarar eiga myndir í bókinni en flestar eru þó eftir Pál Ásgeir og Rósu Sigrúnu Jónsdóttur, eiginkonu hans og ferðafélaga. Kortagerð var í höndum Ólafs Valssonar en útgáfufyrirtækið Heimur gefur út sem fyrr.






Við leitum að góðu fólki

vísir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – vísir.is

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku




+



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is
...ég sá það á vísir.is

# BORGARFERÐIR ÓSLÓ



**Almenningsgarðar um alla borg** Ósló er græn borg og þar er ógrynni af æðislegum almenningsgörðum. Margir Óslóarbúar því sem næst flytja í garðinn á sumrin. Þar sólar fólk sig, les bækur, spilar, heldur partí jafnt sem barnaafmæli og grillar í kvöldmatinn. Tekið skal fram að myndin var tekin á dögunum. Sumarið er komið!




**Náttúrugripasafnið, Tøyenhagen, Tøyen** Dýrasafn Náttúrugripasafnsins í Ósló er uppáhald allra barna. Þar má sjá og fræðast um dýr alls staðar að úr heiminum, frá öllum tímum. Þar er meira að segja risaeðla í fullri stærð. Náttúrugripasafnið samanstendur af jarðfræðisafni, dýrafræðisafni og stærðarinnar grasagarði.



**Í heimahögum** Kvikmyndagerðarkonan Rut Hermannsdóttir bjó eitt sinn í Ósló og þekkir þar alla skemmtilega króka og kima.

FRÉTTABLAÐIÐ/ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR




**Anarkistahúsið Blitz, Pilestredet 30c, Hammersborg** Anarkistahúsið Blitz er samkomustaður pönkara og anarkista. Þangað er fólki ekki ráðlagt að koma í pels og þar er heldur ekki sniðugt að biðja um Coca Cola, enda helsta tákn kapítalismans og eitur í beinum anarkistanna. Hins vegar er þar til sölu góður matur á mjög lágu verði og þetta er eini staðurinn í Noregi þar sem enn þá má reykja innandyra.

# ROKKABILLÍBÚÐ, PÖNKARAGARÐAR

## OG ANNAÐ ÓMISSANDI

Ósló er skemmtileg blanda af stórborg og sveitaþorpi og landfræðileg lega gerir það að verkum að þar hlýnar fyrr í lofti en á Fróni. Rétt eins og Íslendingar eru Norðmenn fegnir þegar langur veturinn loksins kveður og þar iðar allt af lífi þessa dagana. Á vappi um borgina rakst *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* á fyrrverandi Óslóarmeyjuna Rut Hermannsdóttur og fékk hana til að benda ókunnugum ferðalangi á nokkra snilldarstaði til að heimsækja.



**Los Lobos, Thorvald Meyersgata 30, Grünerløkka** Í rokkabillíbúðinni Los Lobos er að finna fallega 50's kjóla, skyrtur, jakka og önnur klæði, tónlist frá sama tímabili og guðdómlega innanstokksmuni sem passa við lúkkið. Eigandi búðarinnar er norska sjónvarpsstjarnan Jan Vardøen sem á stóran hlut í þeirri uppbyggingu sem hefur orðið í Grünerløkka-hverfinu undanfarin ár.

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN - NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Draumastarfið í draumalandinu?

Einstaklega gefandi og skemmtileg starfsgrein sem er að sama skapi krefjandi og áhugaverð.

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

Umsóknarfrestur til 31. maí

www.mk.is

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL



# flugrútan



# ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST
Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrútunnar
eru í tengslum við allar komur
og brottfarir flugvéla um
Keflavíkurflugvöll.

**Alltaf laus sæti**
**www.flugrutan.is**

## Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

**Gildir frá 28. mars til 30. október 2010.**

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* | 04:20* |
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| 06:00* | 06:00* | 06:00* | --- | 06:00* | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* | 08:00* |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 | 09:30 |
| 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 | 10:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 | 12:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 16:00* | --- | --- | 16:00* | --- | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 | 21:00 |
| 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 | 22:00 |
| 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 | 23:00 |

***29. maí - 7. september 2010.**



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is / www.re.is

Bókaðu núna á www.flugrutan.is

Bókaðu núna í síma 580 5450

EXPO - www.expo.is




## NOKKRIR ÁHUGAVERÐIR STAÐIR Í SUÐUR-AFRÍKU UTAN FÓTBOLTAVALLANNA

Þótt efnahagskreppan hafi vísast bundið enda á drauma margra Íslendinga um að skella sér til Suður-Afríku í sumar í tilefni af heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu er líka öruggt mál að alltaf eru einhverjir sem sjá sér fært að láta drauminn rætast. Suður-Afríka býður þó ekki einungis upp á fótbolta í hæsta gæðaflokki í sumar heldur er þar að finna gnótt af hlutum og stöðum sem ættu að vekja athygli ferðalanga.

### Kruger-þjóðgarðurinn



Náttúrufegurðinni í Suður-Afríku er við brugðið og trauðla fæst betra sýnishorn af henni en í hinum rúmlega aldagamla Kruger-þjóðgarði, sem settur var á fót til að vernda villt dýralíf á Lowveld-svæðinu. Garðurinn er um 20.000 ferkílómetrar að stærð og þar er boðið upp á flestar tegundir af safaríferðum. Fílar, ljón, nashyrningar, hlébarðar og vísundar eru aðeins örfá dæmi um það sem gefur að líta í þessum stærsta þjóðgarði landsins.



### Höfðaborg

Margir telja Höfðaborg með fegurstu borgum heims og þar er yfirdrifið nóg af áhugaverðum stöðum fyrir ferðamenn að heimsækja og skoða. Ummerki um góða og slæma hluti í sögu landsins eru þar á hverju strái og einn af vinsælustu ferðamannastöðunum er Robben-eyja, þar sem Nelson Mandela, fyrsta lýðræðislega kjörnum forseta Suður-Afríku, var haldið föngnum í hámarksgæslu í áraraðir. Strandirnar þar þykja gríðarlega tilkomumiklar og ferðamenn flykkjast unnvörpum á Góðrarvonarhöfða, sem er suð-vestasti hluti Afríku og býr yfir mikilli náttúrufegurð.






# Yfirburðir Fréttablaðsins algjörir!

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Nýjasta könnun Capacent Gallup staðfestir hinn gríðarlega mun sem er á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

77,5%



27,7%



MORGUNBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Allt sem þú þarft...



# Þeytist milli menningarviðburða

**MYNDBROT ÚR DEGI** **Fimmtudaginn 13. maí** | Myndir teknar á Casio EXILIM 6mp

Það er ekki ofsögum sagt að vikan hafi verið annasöm hjá **Jóhönnu Vigdísi Guðmundsdóttur**, framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík. Hátíðin opnaði með pomp og prakt á miðvikudagskvöld og tvær vikur stútfullar af alls kyns listviðburðum eru fram undan. Jóhanna leyfði Fréttablaðinu að skyggnast inn í fullbókaðan dag þar sem fjölskyldulífið fær þó að sjálfsögðu líka sinn sess.



**1** Dagurinn byrjaði auðvitað með morgunmat og fullt af góðu kaffi, enda umfangsmikill setningardagur Listahátíðar daginn áður og nóg að gera fram undan. Einkasonurinn Emil Skúli klæddi sig í aðeins of stór jakkaföt til að vera fínn við morgunverðarborðið.



**2** Kíkti við þegar 100 fermetra dúkur Listahátíðar, með mynd úr sýningu Sigurðar Guðmundssonar, Situations and other Photo Works 1970-1982, var hengdur utan á hús Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg. Ótrúlega flott. Þeir sem vilja sjá sýninguna í heild sinni kíkja við í i8 Gallery á næstunni.



**3** Fékk mér göngutúr frá Austurvelli yfir í Þjóðminjasafn og leit þar við á opnun ljósmyndasýningar Einars Fals Ingólfssonar; Í fótspor Collingwoods, og smellti af úr launsátri þegar Einar Falur leiddi þær Katrínu, mennta- og menningarmálaráðherra, og Hrefnu, listrænan stjórnanda Listahátíðar, um sýninguna.



**4** Af Þjóðminjasafninu lá leiðin í Galleríi Ágúst, á opnun Equivocal the Sequel, ljósmyndasýningar Katrínar Elvarsdóttur, þar sem Greipur Gíslason, verkefnastjóri á Listahátíð, tók þessa mynd af okkur Katrínu og uppáhaldsmyndinni minni eftir hana.





5 Það er ekki oft sem maður nær tveimur myndarlegum píanósnillingum saman á mynd og því notaði ég tækifærið og myndaði íslenska undrabarnið Víking Heiðar með norska snillingnum Leif Ove eftir tónleikana.



6 Eftir stórkostlega tónleika þríeykisins gaf norski sendiherrann á Íslandi Margit F. Tveiten systkinunum Tönju og Christian Tetzlaff ljósmynd sem tekin var af þeim í Bláa lóninu daginn áður.



7 Tókst ekki að sækja börnin í pössun fyrr en klukkan 23.00, og skóli daginn eftir. Eins gott að Sigríður Heiða, skólastjóri Laugarnesskóla, sjái þetta ekki. Bestu börn í heimi, Líba og Emil, ásamt hundinum Nadda, meira en tilbúin í háttinn.


Skáldlegur kvintett



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




**Lífsþyrstur karlmaður, ljóðrænn hestur, samkynhneigður svanur, enskumælandi máfur og fjórtán ára stelpa sem er heimspekingur.**

Í nýrri skáldsögu Sigurðar Guðmundssonar er brugðið á leik með sjálfið, listina, veruleikann – og ástina.

512 54 01
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...




†



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Sigríður Guðmundsdóttir

áður Fjarðargötu 17, Hafnarfirði, andaðist fimmtudaginn 13. maí að Hrafnistu Hafnarfirði.

Útförin fer fram þriðjudaginn 18. maí kl. 11.00 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

**Björn B. Líndal**
**Guðmundur Ingi Björnsson**
**Ingibjörg Bertha Björnsdóttir Guðmundur Petersen**
**Árni Már Björnsson Ásrún Jónsdóttir**
**Sigurbjörn Björnsson Unnur Petra Sigurjónsdóttir**
**Vilborg Anna Björnsdóttir Sigurður Flosason**
**barnabörn og barnabörn.**

†



*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Benny Hrafn Magnússon

Kópavogsbraut 66, lést þriðjudaginn 11. maí. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 20. maí kl. 13.

**Björn Hrafnsson Sólveig B. Jónsdóttir**
**María Hrafnsdóttir Jón Valur Frostason**
**Þóra Hrafnsdóttir**
**barnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Markús Kristmundur Stefánsson

frá Arnarnúpi í Keldudal við Dýrafjörð til heimilis að Fitjasmára 6 í Kópavogi,

lést á líknardeild Landakotsspítala 8. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. maí kl. 13.00.

**Hulda Jónsdóttir**
**Kristjana Markúsdóttir Jón Albert Sighvatsson**
**Ingibjörg E. Markúsdóttir Helgi Kristjánsson**
**Elín Erna Markúsdóttir Páll Gíslason**
**Auður Ásdís Markúsdóttir Viðar Einarsson**
**Stefán Markússon Guðlaug Arnórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir vandamenn.**

†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Láru Jóhannesdóttur

Ferjubakka III, Borgarhreppi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi fyrir góða umönnun.

**Sumarliði Páll Vilhjálmsson**
**Vilhjálmur Einar Sumarliðason Hjálmfríður Jóhannsdóttir**
**Eva Ingibjörg Sumarliðadóttir**
**Jóhannes Torfi Sumarliðason Anna María Sigfúsdóttir**
**Þórdís Málfríður Sumarliðadóttir Jóhann Marvinsson**
**Pétur Ísleifur Sumarliðason Guðrún Kristjánsdóttir**
**Ólöf Sesselja Sumarliðadóttir Sigurbergur Dagfinnur Pálsson**
**Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir Albert Ólafsson**
**Ágúst Páll Sumarliðason Hafdís Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**JÓHANN HAFSTEIN (1915-1980) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Þjóðfélagið verður oss kærast þegar vér unum vel sjálfu þjóðfélagskerfinu.“*

***Jóhann var meðal annars formaður Sjálfstæðisflokksins, alþingismaður, bankastjóri Útvegsbankans og iðnaðar- og dómsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 15. MAÍ 1905**

# Borgin Las Vegas stofnuð

Járnbrautarfélag seldi stóra landspildu í Nevadaeyðimörkinni til áhættufjárfesta þennan dag árið 1905 fyrir 265 þúsund dollara og borgin Las Vegas var opinberlega stofnuð. Fyrsta byggðin á svæðinu komst samt á fót árið 1854 fyrir tilstuðlan mormónakirkjunnar, en fór í eyði þremur árum seinna.



Lögleiðing fjárhættuspils 1931 og bygging Hoover-stíflunnar 1931-1935 gerðu það að verkum að borgin óx með leifturhraða á síðustu öld. Í Las Vegas eru fleiri hótel en í nokkurri annarri borg enda er hún einn af vinsælustu ferðamannastöðum heims, ekki síst vegna spilavíta og blómlegs næturlífs.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




**SENJÓRÍTURNAR** Vortónleikarnir eru í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Senjórítur syngja

Neskirkja mun óma af söng upp úr klukkan 14 í dag því þá hefjast þar vortónleikar kvennakórsins Senjórítanna þar. Í honum eru konur sem komnar eru yfir sextugt. Margar kvennanna eru búnar að syngja saman í 15 ár, frá því að kórinn var stofnaður og eru sumar komnar á níræðisaldur en söngurinn heldur þeim ungum í anda.



## 85 ára afmæli

### Osvald Kratsch

**verður 85 ára þ. 16. maí 2010. Í tilefni afmælisins býður hann vinum og vandamönnum að þiggja veitingar í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, Reykjavík, sunnudaginn 16. maí 2010 kl. 14.00-17.00. Allar gjafir eru afþakkaðar, en styrkja má Skátamiðstöðina v/Árbæ ef vill.**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Hulda Sigríður Guðmundsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Efstasundi 92, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi á uppstigningardag, fimmtudaginn 13. maí. Útför hennar fer frá Langholtskirkju föstudaginn 21. maí kl. 13.

**Guðmundur Páll Ásgeirsson Anna Sjöfn Sigurðardóttir**
**Margrét Ásgeirsdóttir Magnús Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Ólafur Hólm Einarsson

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 6. maí. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 13. Þeir sem vildu minnast hans, vinsamlega láti líknarsjóð stúku nr. 7, Þorkels mána, njóta þess.

**Stella Hólm McFarlane Gavin McFarlane**
**Einar Hólm Ólafsson Vilborg Árný Einarsdóttir**
**Birgir Hólm Ólafsson Ósk Jóhanna Sigurjónsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



**EIN AF GÖMLU MYNDUNUM** Þótt konan virðist vera að tala í GSM-síma þá passar það ekki því þeir voru ekki komnir til sögunnar þegar Breiðholtið var í uppbyggingu.

TVÆR SÝNINGAR UM BREIÐHOLTIÐ: OPNAÐAR Á MORGUN Í GERÐUBERGI

# Í ullarfötum og gúmmískóm

Tíðarandinn skín í gegn á Breiðholtsmyndum Ljósmyndasafns Reykjavíkur frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar sem opnuð verður sýning á í Gerðubergi á morgun klukkan 14. Þar sjást bæði framkvæmdir og fullbúin hús en ekki síst börn að leik og fólk að störfum. Sýningin ber heitið Breiðholt – Í upphafi og verður á 2. hæð Gerðubergs.

Á 1. hæðinni er svo Breiðholt – Í augnablikinu, ljósmyndasýning Friðgeirs Helgasonar í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík 2010. Þar eru myndir frá síðustu árum, Bónus að næturlagi, einmana rennibraut eða innkaupakerrur sem skildar hafa verið eftir á víðavangi. Á opnuninni mun Friðgeir bjóða gestum upp á Gumbó, sem er dæmigerður réttur frá New Orleans en þar vann hann lengi sem kokkur á bestu veitingahúsum borgarinnar.

„Hugmyndin hjá okkur var sú að stilla sýningunum upp saman vegna þess að Breiðholtið hefur breyst svo mikið á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að það reis,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri Gerðubergs. Hún tekur fram að breytingar eigi reyndar almennt við um íslenskt samfélag og það sjáist greinilega við að bera saman þessar tvær sýningar. Á gömlu myndunum séu til dæmis svo mörg börn úti við, ýmist í pollagöllum eða bara á ullarfötum og gúmmískóm, skítug upp fyrir haus en hamingjusöm. „Nú eiga allir krakkar flotta galla en fara helst aldrei út.“

Hólmfríður segir mikla gleði ríkjandi á myndunum frá frumbýlingsárunum í Breiðholti. Prúðbúið fólk að taka skóflustungur og bjartsýnina í fyrirrúmi. „Margar af myndum Friðgeirs eru auðvitað fallegar líka,“ segir hún. „En þær eru margar teknar að kvöldlagi þegar enginn er á ferli svo þær virka dálítið eyðilegar. Samt er Breiðholtið enn mjög fjölmennt hverfi.“

Flestar persónur á gömlu myndunum eru nafnlausar og Hólmfríður á von á að margir sem ólust upp í holtinu eigi eftir að líta inn til að gá hvort þeir sjái ekki sjálfa sig eða einhvern sem þeir þekki.

Sýningin stendur frá 16. maí til 30. júní 2010 og er opin virka daga frá 11 til 17 og um helgar frá 13 til 16 en lokað er um helgar í júní. gun@frettabladid.is

†

*Innilegar þakkir fyrir hlýjar kveðjur vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

## Guðna Jóhannesar Stefánssonar

Hámundarstöðum II Vopnafirði.

**Aðstandendur.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hálfdán Ágúst Jónsson**

Klausturhólum Kirkjubæjarklaustri,

lést á Reykjalundi miðvikudaginn 12. maí.

**Arnþór H. Hálfdánarson Guðrún J. Jensdóttir**
**Ágústa B. Hálfdánardóttir Guðni Agnarsson**
**Gunnhildur Hálfdánardóttir Guðmundur K. Pálsson**
**Jón V. Hálfdánarson Sigríður Erlendsdóttir**
**Anna M. Hálfdánardóttir Jón B. Skúlason**
**Þórkatla Hálfdánardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ingibjörg Jóhannesdóttir**

Hlaðhamri, lést á Sjúkrahúsinu Akranesi 10. maí.
Útförin auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,

**Kjartan Ólafsson**
**Jóhannes Kjartansson Sveinbjörg Guðmundsdóttir**
**Jón Kjartansson Gyða Eyjólfsdóttir**
**Sigurður Kjartansson Olivia Weaving**
**og barnabörn.**



*Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Einarssonar**

Grenigrund 18, Akranesi.

**Ásta Kristjánsdóttir**
**Ragnar Bergþór Sigurðsson**
**Guðný Sjöfn Sigurðardóttir Ingólfur Valdimarsson**
**Einar Bragi Sigurðsson**
**og afabörn.**



*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Kristín Guðmundsdóttir**

frá Súluholti, Aflagranda 40 Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 5. maí, verður jarðsungin frá Neskirkju mánudaginn 17. maí kl. 15.00.

**Þórkatla Mjöll Halldórsdóttir**
**Vildís Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**



*Við viljum færa innilegustu þakkir öllu því frábæra fólki sem veitti okkur dýrmætan stuðning, vináttu og hlýhug, við veikindi, andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns og föður,*

**Adolphs Bergssonar**

Jörundarholti 196, Akranesi.

**Helga Björg Helgadóttir**
**Rakel Adolphsdóttir**
**Andri Adolphsson**
**Auður Marín Adolphsdóttir**
**Alexandra Líf Adolphsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda L. Ingvarsdóttir**

Garðaflöt 17 Garðabæ,

lést 2. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum hlýhug og auðsýnda samúð.

**Ingvar J. Rögnvaldsson Auður Hauksdóttir**
**Kristín Ingvarsdóttir, Haukur Ingvarsson**
**Guðný Dóra Rögnvaldsdóttir Gurstad**
**Espen og Gøran Gurstad**
**Hulda Guðný, Linda Bára og Elfa Dögg Finnbogadætur**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir**

Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili
áður Hofsvallagötu 21, Reykjavík,

lést á Grund laugardaginn 8. maí.
Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 18. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, og Hvítabandið en minningakort þess fást í Kirkjuhúsinu.

**Gunnar Sigurður Konráðsson Agnes Magnúsdóttir**
**Óskar Konráðsson Jóhanna Jónasdóttir**
**Haukur Konráðsson Ólafía Jónatansdóttir**
**Kjartan Konráðsson Margrét Björnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, sonar, tengdasonar, bróður okkar og mágs,*

**Vilhjálms Hálfdánarsonar**

vélstjóra, Klapparstíg 1, Njarðvík.

Sérstakar þakkir viljum við senda til starfsfólks Krabbameinsdeilda 11-B og 11-E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Bára Jónsdóttir**
**Arnar Vilhjálmsson**
**Hjördís Elísabet Vilhjálmsdóttir Vilhjálmur Árni Kjartansson**
**Fannar Vilhjálmsson**
**Andrea Lind Vilhjálmsdóttir**
**Hálfdán Þorgrímsson Hjördís Vilhjálmsdóttir**
**Jón Jóhannsson Jóhanna Tyrfingsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Margrét Gunnlaugsdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 10. maí. Útför hennar fer frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 20. maí kl. 11.00.

**Sigríður Lóa Jónsdóttir Sigurður Ingi Ásgeirsson**
**Gunnlaugur Björn Jónsson Kristrún Jónsdóttir**
**Ingibjörg Svala Jónsdóttir Ólafur Ingólfsson**
**Sigrún Jónsdóttir**
**Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför*

**Hjartar Hafliðasonar**

húsasmíðameistara, Dalbraut 27.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dalbrautar 27 og heimilisfólksins þar, fyrir áralanga vináttu og hlýhug.

**Hafliði Hjartarson Jónína B. Sigurðardóttir**
**Ingólfur Hjartarson Lára Björnsdóttir**
**Hjörtur Hjartarson Steinunn Káradóttir**
**Gunnar Ingi Hjartarson Ragnheiður Torfadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Guðríður Halldórsdóttir,**

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist þriðjudaginn 11. maí.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 19. maí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Guðríður Halldóra Halldórsdóttir,**
**Haukur Halldórsson, Hrafnhildur Hannibalsdóttir,**
**Magús Davíð Ingólfsson**
**og ömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Haukur Sigurðsson**

Vallargötu 17, Sandgerði,

er látinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 18. maí kl. 14.00.

**Ólína Margrét Sigurjónsdóttir**
**Heiða Rós Hauksdóttir Eðvald Björnsson**
**Haukur Hauksson Birgitta Brynjúlfsdóttir**
**Snjólaug Ásta Hauksdóttir Torfi Stefánsson**
**Sædís Ósk Eðvaldsdóttir**
**Fannar Snævar Hauksson**
**Ástrós Lovísa Hauksdóttir**
**Stefán Baldvin Torfason**
**Sigurður Ingimundarson**
**og bræður.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,*

**Sigríðar Kristínar Jakobsdóttur**

Hlíðarhúsum 3,

áður til heimilis að Hjallabraut 33, Hafnarfirði.
Sérstakar þakkir færum við læknum og starfsfólki deildar 12G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Ólafur Björnsson**
**Þorbergur Björn Ólafsson**
**Ólafur Friðrik Ólafsson**
**Jóhann Helgi Ólafsson**
**Vilhjálmur Snær Ólafsson**
**Sigríður Erla Ólafsdóttir**
**Diljá Ösp Þorbergsdóttir**
**Þóra Jakobsdóttir Bjarni Ellert Bjarnason**
**Sigrún Jakobsdóttir**
**Þórdís Jakobsdóttir, Stefán Gylfi Valdimarsson,**
**Gunnlaug Jakobsdóttir, Gunnlaugur Sigurðsson.**




# Lærdómur og leiðindi

BAKÞANKAR
Davíðs Þórs Jónssonar



Þegar ég var strákur háðu gott og illt hatramma baráttu um yfirráðin í lífi mínu. Þessi öfl tóku þá jafnan á sig mynd skemmtilegs og leiðinlegs, en ég upplifði þessi átök sem glímu góðs og ills. Oft var skemmtilegt en stundum réð hið leiðinlega eitt ríkjum. Til dæmis voru handavinnu- og leikfimitímar ein samfelld sigurganga hins illa.

**Í MENNTASKÓLA** var smíði ekki lengur skyldunámsgrein, en þá tóku bara saga og stærðfræði við hlutverki málaliða myrkraaflanna í lífi mínu. Einkum mistókst stagli sögulegra staðreynda um löngu dautt kónga- og keisarapakk, sem kom mér minna en ekki neitt við, gjörsamlega að kveikja í mér nokkurn minnsta neista af áhuga. Því miður get ég ekki bætt aftan við þessa setningu orðunum „hvernig sem ég reyndi“, því satt best að segja þá reyndi ég ekki. Þetta var einfaldlega leiðinlegt og því ekki til neins að reyna að finnast það skemmtilegt, það var jafnlangsótt hugmynd og að hægt væri að ákveða að finnast hið illa gott.

**ÞESSA** sá auðvitað stað í einkunnunum mínum. Til dæmis tókst mér bæði að falla í stærðfræði 203 og tvisvar sinnum í sögu 112, í seinna skiptið eftir að hafa skrifað langa ritgerð á prófi um baráttu Olivers Cromwells við Maríu Stúart. Þau voru reyndar ekki uppi á sömu öld.

**Í NÁMI** mínu í guðfræði hef ég kynnst mörgum skemmtilegum námsgreinum, t.d. ritskýringu áhugaverðra ritningarstaða, hugmyndafræðilegri samtímasögu Nýja og Gamla testamentisins og trúarlegri tjáningu allt frá Assýríu og Babýlon til Lúthers, Schleiermachers, Bultmanns og Bonhoeffers. Þess vegna kemur það mér alltaf dálítið á óvart þegar skólasystkin mín taka sig til og skrifa lokaritgerðir í kirkjufræði eða litúrgíu. Sjálfum finnst mér hlaðborð guðfræðinnar geyma svo margt miklu safaríkara en það.

**EN ÉG** hef líka kynnst því að maður hefur dálítið um það að segja sjálfur hvað er skemmtilegt. Jafnvel þjóðkirkjuhugtakið í skrifum Karls Sigurbjörnssonar verður mun áhugaverðara rannsóknarefni ef maður nálgast það ekki með þá fyrirframgefnu hugmynd að þetta verði ábyggilega sú mest svæfandi pæling sem maður hafi nokkru sinni lagst í. Lífið er nefnilega of stutt til að maður geti leyft sér að nálgast viðfangsefni þess sem eitthvað sem maður verði að afplána til að því ljúki. Og með því móti opnar maður líka fyrir þann möguleika að maður verði í raun einhvers vísari.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

# RÝMINGARSALA

VERÐ FRÁ
49.990

acer TOSHIBA msi ASUS

# LOKADAGUR

## ALLRA SÍÐASTI DAGUR RÝMINGARSÖLUNNAR

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

**! ath kl. 17**

*Sinfóníuhljómsveit áhugamanna heldur tónleika á morgun kl. 17 í Seltjarnarneskirkju. Þetta eru sjöttu og síðustu tónleikar tuttugasta starfsárs sveitarinnar. Á tónleikunum verður flutt Serenaða í Es-dúr fyrir blásara eftir Mozart, K375, Konsert í B-dúr fyrir tvær flautur og strengi eftir Telemann og Tilbrigði eftir Brahms við stef eftir Haydn, kóral St. Antoni. Einleikarar í flautukonsertinum eru Kristrún Björnsdóttir og Jón Guðmundsson og stjórnandi er Oliver Kentish.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Af átvöxtum skuluð þið þekkja þá

Þórarinn Eldjárn hefur átt greiða leið með sín háttbundnu kvæða allar götur síðan Atli Heimir Sveinsson sló lagboða um Guðjónskvæði hans meðan skáldið sat enn í menntaskóla. Jóhann G. Jóhannsson tók fyrir fáum árum stóran slurk úr kvæðabrunni skáldsins en þess utan hefur Þórarinn sett saman fjölda ljóða til söngs í leiksýningar. Og nú er enn gerð atlaga að ljóðum hans: á morgun verða tónleikar í Gerðubergi á vegum fyrirtækis Guðna Franzsonar, Tóneyjar, og hefjast kl. 14. Þar mun Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir ásamt Caput hópnum flytja ljóð úr bókinni Grannmeti og átvextir eftir Þórarin Eldjárn við lög Hauks Tómassonar.



Lagaúrval Hauks við ljóð Þórarins hefur verið hljóðritað, en það var gert í Salnum í Kópavogi árið 2009 og er stefnt að því að diskurinn komi út á næstu dögum. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.

Guðrún Jóhanna tekst hér á við ísmeygilegan húmor, útúrsnúninga og orðaleiki og verður spennandi að heyra og sjá túlkun hennar á lögum Hauks. Aðrir flytjendur eru: Kolbeinn á flautu, Eiríkur Örn Pálsson á trompet, Zbigniew Dubik á fiðlu, Sigurður Halldórsson á selló og Snorri Sigfús Birgisson á píanó. Stjórnandi er Guðni Franzson.

**TÓNLIST** Guðrún Jóhanna gómar ljóð Þórarins við lög Hauks í Gerðubergi á morgun.

**> Ekki missa af …**

Í Populus Tremula klukkan 14 í dag opnar Maja Siska myndlistarsýningu sem hún nefnir RT10 og stendur sýningin aðeins þessa einu helgi. Nánari upplýsingar um listakonuna er að finna á slóðinni www.skinnhufa.is. Populus er á Akureyri og er sýningin hluti af menningarhelgi nyrðra.




# TÆKNIDAGUR

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HR

**Mánudaginn 17. maí í Nauthólsvík**

Gestum og gangandi er boðið að koma og kynna sér afrakstur verklegra og hagnýtra námskeiða og það öfluga starf sem unnið er í tækni- og verkfræðideild HR.

**DAGSKRÁ:**

**13:00**
**Forskot: Rafbíla- og hjólaleigu Háskólans í Reykjavík ýtt úr vör.**
Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, tekur forskot á sæluna.
Athöfn fer fram fyrir framan V1.02, BETELGÁS.

**13:30**
**Viðurkenningar fyrir bestu lokaverkefni í tæknifræði.**
Formaður Tæknifræðingafélags Íslands, Bergþór Þormóðsson, veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi lokaverkefni.
Lokaverkefni nemenda í tæknifræði og iðnfræði verða til sýnis.
Stofa V1.02, BETELGÁS.

**14:15**
**Uppskeruhátíð 3ja vikna námskeiða tækni- og verkfræðideildar HR.**
Nemendur sýna verkefni sín, innandyra sem utan, í Háskólanum í Reykjavík, Nauthólsvík.

**Mannvirki í Öskjuhlíð**
– samspil arkitektúrs og burðavirkjahönnunar.

**Göngutúr um Öskjuhlíð**
– unnið í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

**Sjálfvirkur kafbátur leikur listir sínar í Djúpinu.**
Afrakstur námskeiðsins Hönnun X.

**Gufuvél – stimpilvél til raforkuframleiðslu.**
V1.12, Orkutæknistofa.

**Frá bensíni yfir í rafmagn – rafbílaverkefni HR.**
V1.12, Orkutæknistofa.

**Álagsgreining og prófun stálbita og tölvustudd hönnun í þrívídd.**
V1.13, Byggingartæknistofa.

**Hönnun og álagsgreining á róbot.**
Tölvustudd hönnun í þrívídd. Stofa V1.11, Vélsmiðjan.

**Tölvustýrð mótorstýring fyrir jafnstraumsmótora.**
Fyrir framan V1.12, Orkutæknistofu.

**Hagnýt verkefni í raforkukerfum.**
Stofa M1.10.

**Burðarvirkjahönnun húsbygginga.**
Stofa V1.16.

**Landupplýsingakerfi – notkunarmöguleikar.**
Stofa M1.03.

ALLIR VELKOMNIR!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


# Sýning á verkum Munch

**Í Listasafni Íslands verður opnuð á morgun sýning á úrvali átján grafíkverka eftir norska listamanninn Edvard Munch. Það var góðvinur listamannsins, Christian Gierløff, sem af rausnarskap sínum færði íslensku þjóðinni fimmtán grafíkverk að gjöf árið 1947. Þrjú verk bárust skömmu síðar, eða 1951, að gjöf frá Ragnari Moltzau útgerðarmanni en þau voru hluti af stórri gjöf grafíkverka eftir norska listamenn.**



**MYNDLIST** Edvard Munch, Á öldum ástarinnar, 1896, LÍ 740. MYND/LISTASAFN ÍSLANDS

Elst þessara 18 verka er þurrnálarmyndin Veika barnið – Det syke barn, frá 1894, en yngsta verkið er steinþrykkið Mannkynssagan – Historien, frá 1914, en eins og svo margar þrykkmyndir Munchs, eru báðar myndir byggðar á málverkum listamannsins. Fyrir skömmu var handmáluðu eintaki af Historien rænt úr galleríi í Ósló.

Edvard Munch færði nýja tilfinningalega vídd í myndlistina og ruddi brautina í grafíkinni með nýstárlegri tækni. Megnið af þeim grafíkverkum sem eftir hann liggja vann hann á árunum 1894-1944. Hann lærði myndlist m.a. hjá Christian Krogh, og hóf feril sinn í impressjóniskum anda, sem snemma varð blandinn táknhyggju út frá persónulegri reynslu, þar sem veikindi, dauði og þjáningarfull mynd af samskiptum kynjanna verða áberandi viðfangsefni.

Síðla haustið 1894 gerði Munch sínar fyrstu þurrnálar- og steinprentsmyndir. Ætla má að bæði aukin dreifing verka hans og tekjuvon hafi drifið hann áfram. Mörg fyrstu grafíkverkin voru byggð á sömu mótífum og hann hafði unnið með í málverkunum svo sem Ópið, Madonna og Veika barnið.

Eftir stormasamt líf framan af ævi hafði hann hægara um sig og settist að á Kragerø, undan suðurströnd Noregs. Þar kom hann jafnframt upp grafíkverkstæði og þrykkti sjálfur. Grafíkverk Munch eru enn fáanleg á stóru uppboðshúsum heimsins og fara á háu verði. Sýningin stendur til 5. september.

pbb@frettabladid.is








Ein vinsælasta barnabók síðari ára eftir Guðrúnu Helgadóttur, prýdd dásamlegum teikningum Brians Pilkington

*Bók sem þú lest aftur og aftur*



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Fæst einnig á ensku, þýsku og dönsku

# Bach og Pärt

Sunnudaginn 16. maí kl. 20 flytja Kór og Kammersveit Langholtskirkju Berliner Messe eftir Arvo Pärt og Kantötu nr. 4, Christ lag in Todesbanden (Í dauðans böndum Drottinn lá), eftir J. S. Bach.

Tónskáldið Arvo Pärt (1935- ) er eitt virtasta tónskáld samtímans. Stíll hans er einstakur og þykir hafa yfir sér ójarðneskan blæ. Messan var samin 1993, upprunalega fyrir einsöngvara eða kór og orgel og hefur í því formi verið flutt hérlendis. Árið 2002 endurskoðaði tónskáldið messuna og útsetti fyrir strengjasveit og er þetta í fyrsta skipti að hún er flutt þannig hér.


ARVO PÄRT

Frá 1976 hefur Pärt þróað með sér stíl sem á sér enga hliðstæðu. Hann nefnir þessa tækni tintinnabuli (úr latínu: „litlar bjöllur“). Hann notar yfirtóna sem líkjast klukkuhlómi sem hverfast um miðlæga tóntegund. Með þessu nær tónlistin sterkum trúarlegum áhrifum.

Kantata Bachs nr. 4 er samin fyrir páskadag og er að öllum líkindum ein af fyrstu kantötum hans, að öllum líkindum samin um 1707. Hún er hrein kóralkantata í sjö þáttum. Hún hefst á sinfóníu og síðan notar hann sjö vers úr sálminum Í dauðans böndum Drottinn lá og útfærir fyrir fjórraddaðan kór, sópran/alt, tenór, bassa og sópran/tenór.

Á tónleikunum syngur kórinn alla þættina en stundum eru einsöngvarar látnir syngja aríur og dúetta. Konsertmeistari er Ingrid Karlsdóttir, stjórnandi Jón Stefánsson. - pbb

# Söngvaflettur Schuberts í Fríkirkjunni

Ágúst Ólafsson barítónsöngvari, og Gerrit Schuil píanóleikari, ráðast næstu þrjá sunnudagsmorgna í það mikla og erfiða verk að flytja tvo frægustu ljóðasöngflokka Schuberts, Vetrarferðina og Malarastúlkuna, auk söngvasafns sem gefið var út að honum látnum undir heitinu Svanasöngur. Hafa þeir unnið frá áramótum við æfingar á þessum perlum tónskáldsins sem eru meðal hans yndislegustu verka. Ágúst segist vera kunnugur stökum sönglögum úr flokkunum frá fyrri tíð, bæði úr námi sínu og í meistaraklössum þar sem hann hefur unnið með sum lögin hjá ekki minni meisturum en Dieter Fischer Dieskau og Elisabeth Schwarzkopf. Þrátt fyrir að Ágúst hafi á liðnum árum einbeitt sér meira að öðru en ljóðasöng var hann þó skólaður í þeim stranga skóla ljóðasöngsins í upphafi. Ekki er vitað til þess að tveir listamenn hafi lagt fyrir sig áður hér á landi að flytja þessi þrjú merku söfn ljóðasöngva Schuberts í runu, en einu sinni er allt fyrst. Þeir hefja röðina á Malarastúlkunni fögru á morgun kl. 11., en Vetrarferðin er á dagskrá sunnudaginn 23. maí kl. 11 og Svanasöngur er fluttur sunnudaginn 30. maí kl. 11.

Hægt er að fá þrennutilboð á alla tónleikana en það fæst aðeins keypt hjá Listahátíð í miðasölusíma 552 8588 eða á skrifstofu Listahátíðar í Gimli Lækjargötu 3. Þá er tónleikagestum bent á að Iðnó býður upp á hádegishlaðborð eftir tónleikana.


**TÓNLIST** Ágúst og Gerrit við æfingar í Fríkirkjunni á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skírnir kominn

**Út er komið vorhefti Skírnis og leggur sitt til umræðunnar um lærdóma af bankahruninu og breytingar á stjórnskipan og stjórnarskrá: þannig eru í heftinu tvær greinar sem tengjast hugmyndum um stjórnarskrá og hlutverk forsetaembættisins, skrifaðar frá ólíkum sjónarhornum. Söguleg umfjöllun Svans Kristjánssonar um sambandsslitin 1944, þar sem hann ræðir ólíkan skilning ráðamanna á lýðræði og valdi sem enn setur svip sinn á stjórnmál samtímans, og hins vegar grein Guðna Th. Jóhannessonar um breytingar á forsetaembættinu í valdatíð Ólafs Ragnars Grímssonar, sem hann nefnir Byltingin á Bessastöðum. Í Skírnismálum er svo að finna hugleiðingu Árna Björnssonar um sjálfa undirrót bankahrunsins.**



**Það má greina enduróm af helstu deilumálum okkar tíma í tveimur öðrum Skírnisgreinum. Kristín Loftsdóttir skrifar um kynþáttahyggju og fordóma á Íslandi, en Bryndís Björgvinsdóttir ræðir um átök um menningararf í samtímanum.**

**Þorsteinn Þorsteinsson bregst við umfjöllun Bergljótar Kristjánsdóttur um bók hans um Sigfús Daðason. Þorsteinn á jafnframt aðra grein um kvæðabálk Halldórs Laxness um unglinginn í skóginum og stöðu hans í ljóðlist samtímans. Ritdóma skrifa þau Gunnþórunn Guðmundsdóttir um Þórbergsbækur Péturs Gunnarssonar, og Björn Bjarnason um bók Árna Heimis Ingólfssonar um Jón Leifs.**

**Skírnir er 260 blaðsíður að stærð og markar vorheftið 2010 upphaf 184. árgangs. Ritstjóri er Halldór Guðmundsson.**




GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2010

Verið velkomin
sunnudaginn 16. maí kl. 14
á opnun ljósmyndasýninga og fjölskyldutónleika Tóneyjar.



**Breiðholt í augnablikinu** – Sýning Friðgeirs Helgasonar á ljósmyndum úr Breiðholti. Ljósmyndaraspjall Friðgeirs og Spessa kl. 15.30
Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2010.



**Breiðholt í upphafi** – Ljósmyndir úr Breiðholti frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar.
Úr safni Ljósmyndasafns Reykjavíkur.



**Grannmetislög** – Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Caput hópurinn flytja ljóð Þórarins Eldjárns úr bókinni Grannmeti og átvextir við lög Hauks Tómassonar.
Tónleikar í röðinni Tóney í Gerðubergi í umsjón Guðna Franzsonar. **Aðgangur ókeypis.**

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16

Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • Sími 575 7700
gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

# METSÖLULISTI FÉLAGS BÓKAÚTGEFENDA

Bóksölulistinn er birtur á tveggja vikna fresti og mælir sölu íslenskra bóka. Listinn er byggður á upplýsingum frá flestum bóksölum landsins, dagvöruverslunum og öðrum verslunum sem selja bækur. Rannsóknarsetur verslunarinnnar annast söfnun upplýsinga fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda. Eftirfarandi verslanir taka þátt í gerð listans: Bókabúð Máls og menningar, Bókabúðin Eskja, Bókabúðin Hamraborg, Bókabúðin Iða, Bókabúðin við höfnina (Stykkishólmi), Bóksala stúdenta, Bónus, Hagkaup, Kaupás, N1, Office 1, Penninn - Eymundsson, Samkaup

*Metsölulisti 25.04.10 - 09.05.10*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Rannsóknarskýrsla Alþingis | Rannsóknarnefnd Alþingis | Alþingi |
| 2 | Fyrirsætumorðin | James Patterson | JPV útgáfa |
| 3 | Góða nótt, yndið mitt | Dorothy Koomson | JPV útgáfa |
| 4 | Matur og drykkur | Helga Sigurðardóttir | Opna |
| 5 | Hafmeyjan | Camilla Läckberg | Undirheimar |
| 6 | Nemesis | Jo Nesbø | Uppheimar |
| 7 | Hvorki meira né minna | Fanney Rut Elínardóttir | N-29 |
| 8 | Missir | Guðbergur Bergsson | Forlagið |
| 9 | Sítrónur og saffran | Kajsa Ingemarsson | Mál og menning |
| 10 | Póstkortamorðin | Liza Marklund/James Patterson | JPV útgáfa |

*Uppsafnaður metsölulisti tímabilið 01.01.10 - 09.05.10*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Rannsóknarskýrsla Alþingis | Rannsóknarnefnd Alþingis | Alþingi |
| 2 | Póstkortamorðin | Liza Marklund/James Patterson | JPV útgáfa |
| 3 | Loftkastalinn sem hrundi | Stieg Larsson | Bjartur |
| 4 | Hafmeyjan | Camilla Läckberg | Undirheimar |
| 5 | Stúlkan sem lék sér að eldinum | Stieg Larsson | Bjartur |
| 6 | Svörtuloft | Arnaldur Indriðason | Vaka-Helgafell |
| 7 | Góða nótt, yndið mitt | Dorothy Koomson | JPV útgáfa |
| 8 | Nemesis | Jo Nesbø | Uppheimar |
| 9 | Þegar kóngur kom | Helgi Ingólfsson | Ormstunga |
| 10 | Horfðu á mig | Yrsa Sigurðardóttir | Veröld |



**TÓNLIST** Thad Jones er helguð dagskrá á mánudagskvöld í Leikhúskjallaranum.

# Thad helgaðir tónleikar

**Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Þjóleikhúskjallaranum á mánudagskvöld kl. 21. Á efnisskrá verður öll tónlistin af einni frægustu stórsveitaplötu allra tíma; Consummation með Stórsveit Thad Jones/Mel Lewis frá 1970, en hluti hennar var einmitt hljóðritaður í maímánuði það ár, fyrir réttum fjörutíu árum. Tónlistin er öll eftir Thad Jones (1923-86), einn helsta meistara big band-tónlistar síðustu áratuga. Auk laganna átta af Consummation verða flutt nokkur lykilverk af efnisskrá stórsveitar Thad Jones og Mel Lewis. Stjórnandi á þessum tónleikum verður Sigurður Flosason.**

**Thad Jones var trompetleikari með hljómsveit Count Basie á árunum 1954-63 og skólaðist þar í einu stærsta og besta bandi sinnar tíðar. Ásamt trommuleikaranum Mel Lewis stofnaði hann árið 1965 The Thad Jones/Mel Lewis Jazz Orchestra, en sú hljómsveit leikur enn á hinum þekkta djassklúbbi The Village Vanguard í New York. Jones yfirgaf sveitina árið 1978 og flutti til Danmerkur. Þar stjórnaði hann m.a. Stórsveit danska ríkisútvarpsins og stofnaði síðar Eclipse-stórsveitina. Eftir lát Counts Basie árið 1984 flutti Thad Jones aftur til Bandaríkjanna, tók við stjórn þeirrar sveitar og starfaði með henni til dauðadags árið 1986. Thad Jones er almennt talinn í hópi mikilvægustu tónskálda stórsveitasögunnar og hafa tónsmíðar hans og útsetningar haft gríðarleg áhrif. Kraftmikil og áleitin tónlist hans hefur oft skapað magnaða stemningu, ekki síst á klúbbum.** - pbb

# Náttsöngvar í Kristskirkju



SERGEJ RAKHMANÍNOV

Á mánudag kl. 20 flytur Sönghópurinn Hljómeyki, undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar, Náttsöngva, op. 37 eftir Sergej Rakhmanínov í Kristskirkju, Landakoti. Sönghópurinn Hljómeyki flutti verkið fyrstur allra kóra á Íslandi í árslok 2007 og nú gefst mönnum tækifæri til að hlýða á verkið í annað sinn í flutningi sönghópsins. Einsöngvarar í verkinu eru: Lilja Dögg Gunnarsdóttir mezzósópran, Pétur Húni Björnsson tenór og Hjálmar P. Pétursson bassi.

Náttsöngvar, eða Vespers op. 37, eru í fimmtán köflum, sungið er á rússnesku og tekur um klukkutíma í flutningi. Þetta er einstaklega hljómfagurt verk en um leið afar krefjandi fyrir kórinn. Verkið byggir á náttsöng rétttrúnaðarkirkjunnar, sem er blanda af kvöld- og morgunbænum og hefur höfundur valið úr textunum og tónsett þá. Náttsöngvarnir eru taldir eitt merkasta tónverk rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar og var verkið í miklu uppáhaldi hjá tónskáldinu sjálfu sem bað um að einn þátturinn (Lofsöngur Símeons) yrði fluttur við jarðarför sína.

Miðar á tónleikana eru til sölu hjá 12 Tónum, hjá kórfélögum og við innganginn. - pbb

KLÚBBTÓNLEIKAR
STÓRSVEITAR REYKJAVÍKUR



Eitt af lykilverkum stórsveitabókmenntana,
CONSUMMATION
eftir Thad Jones verður flutt í heild sinni




Thad Jones (1923-86), var einn helsti meistari big band tónlistar síðustu áratuga. Stjórnandi á þessum tónleikum verður Sigurður Flosason.

Þjóðleikhúskjallarinn
Mánudag 17. maí. kl. 21:00

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

Aðgangseyrir er kr. 1.500
Kr 1.000 fyrir námsmenn og eldri borgara

NÍSTANDI FÖGUR OG SÖNN
Ný bók eftir Guðberg Bergsson

★★★★½

„... tvímælalaust eitt af hans áhrifameiri verkum.“
EFI / MORGUNBLAÐIÐ

„Ofsalega vel skrifuð og góð bók, það er gaman að fá svona bók í hendurnar.“
EH / KILJAN




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 15. maí 2010**

**→ Leikrit**



**20.00 Þórunn Clausen** flytur einleikinn „Ferðasaga Guðríðar“ eftir Brynju Benediktsdóttur í Víkingaheimum við Víkingabraut í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar á **www.midi.is.**

**→ Tónleikar**

**14.00** Ungir og efnilegir tónlistarmenn flytja tónlist **Sigfúsar Halldórssonar** á tónleikum í Molanum, menningar- og tómstundamiðstöð við Hábraut 2 í Kópavogi. Enginn aðgangseyrir.

**14.00 Drengjakór Reykjavíkur** heldur afmælistónleika í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Fjölbreytt efnisskrá, kaffiveitingar og sögusýning.

**17.00 Kvennakórinn Kyrjurnar** verður með tónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Á efnisskránni verða meðal annars sígild lög sem Ellý Vilhjálms og Haukur Morthens hafa flutt.

**17.00 og 21.00** Í Salnum við Hamraborg í Kópavogi verða haldnir tvennir tónleikar til heiðurs **Sigfúsi Halldórssyni.** Meðal þeirra sem koma fram eru Stefán Hilmarsson, Hera Björk Þórhallsdóttir og Egill Ólafsson.

**17.00** Kór og Kammersveit Grafarvogskirkju við Fjörgyn, verða með tónleika í kirkjunni. Á efnisskránni verða flutt Requiem og Cantique de Rachine eftir Gabriel Fauré og lög eftir m.a. **Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Ásgeirsson, Petoni o. fl.**

**22.00** Hljómsveitin **Stálull** verður á Gallery - Bar 46 við Hverfisgötu 46.

**22.00 Árstíðir, Lights on the Highway og Tom Hannay** koma fram á tónleikum á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

**→ Opnanir**

**15.00** Guðný Kristmannsdóttir opnar sýningu í **Jónas Viðar Gallerí í Listagilinu** við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið laugardaga kl. 13-18.

**Sunnudagur 16. maí 2010**

**→ Leikrit**

**20.00** Leikhópurinn Börn Loka sýnir verkið Glerlaufin eftir Philip Ridley í Norðurpólnum við Sefgarða á Seltjarnarnesi. Nánari upplýsingar á **www.midi.is.**

**→ Tónleikar**



**14.00** Í **menningarmiðstöðinni Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5) munu Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Caput hópurinn flytja tónlistardagskrá með ljóðum úr bókinni Grannmeti og átvextir eftir Þórarin Eldjárn við lög Hauks Tómassonar. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**15.00 Harmonikufélag Reykjavíkur** verður með harmonikuspil og dans í Sjóminjasafninu Vík á Grandagarði.

**16.00** Söng- og leikkonan **Jana María** og Valmar Valjaots flytja söngdagskrá tileinkaða söngkonunum Ellý Vilhjálms, Helenu Eyjólfs og Ingibjörgu Þorbergs. Tónleikarnir fara fram í Norræna húsinu við Sturlugötu. Nánari upplýsingar á **www.nordice.is.**

**17.00 Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** heldur tónleika í Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Á efnisskránni verða verk eftir Telemann, Mozart og Brahms.

**20.00** Í **Langholtskirkju við Sólheima** munu kór og kammersveit kirkjunnar flytja Berliner Messe eftir Arvo Pärt og Christ lag in Todesbanden eftir J. S. Bach.

**→ Kvikmyndir**

**15.00** Í tilefni þess að 65 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar sýnir MÍR sovésku verðlaunamyndina (1957) Trönurnar fljúga. Sýningar eru í húsarými MÍR að Hverfisgötu 105. **Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**

**→ Dagskrá**

**16.00** Ármann Reynisson stendur fyrir vinjettuhátíð þar sem sögurnar verða lesnar í bland við tónlistaratriði. Auk hans munu koma fram: Lýður Pálsson, Örlygur Benediktsson, Auðbjörg Guðmundsdóttir, Þóra Grétarsdóttir o.fl. **Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.**

**→ Fyrirlestrar**

**15.00 Kristín Loftsdóttir** flytur erindi í tengslum við sýninguna „Erro - Konur frá Norður-Afríku“ sem nú stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu.

# Drengjakór Reykjavíkur stendur á tvítugu

Drengjakór Reykjavíkur fagnar í dag kl. 14 tvítugsafmæli kórsins síns með tónleikum í í Hallgrímskirkju.

Drengjakór Reykjavíkur var stofnaður 6. október 1990. Frá árinu 1994 hefur Friðrik S. Kristinsson, fjölmenntaður tónlistarmaður og uppalandi stjórnað kórnum. Hann stjórnar einnig Karlakór Reykjavíkur og kennir við Söngskóla Sigurðar Demetz. Lenka Matevoa, organisti Kópavogskirkju er einnig hámenntaður tónlistarmaður frá Tékklandi og er hún undirleikari kórsins.

Drengjakór Reykjavíkur er eini drengjakórinn hér á landi og starfar við Hallgrímskirkju í Reykjavík. Kórinn syngur að jafnaði einu sinni í mánuði í messu á starfsárinu. Haldnir eru jóla- og vortónleikar og einnig kemur kórinn fram við mörg önnur hátíðleg tækifæri, jafnt utan kirkju sem innan.

Einkunnarorð kórsins eru „Syngja eins og englar, hegða sér eins og herrar og leika sér eins og strákar“. Í kórstarfi læra drengirnir að starfa saman, taka tillit til annarra og síðast en ekki síst fá þeir mikilsvert tónlistarlegt uppeldi, sem þeir búa að alla tíð bæði í leik og starfi. Margir fyrrverandi kórfélagar hafa haldið áfram tónlistarnámi sínu eftir að kórnum sleppir.



**TÓNLIST** Drengjakór Hallgrímskirkju: syngja eins og englar.

Drengjakór Reykjavíkur æfir reglulega tvisvar í viku. Á hverjum vetri er farið í æfingabúðir út fyrir höfuðborgarsvæðið. Við kórinn hefur frá upphafi starfað foreldrafélag sem heldur utan um starfsemi kórsins í samvinnu við stjórnanda hans. Foreldrafélagið sér um daglegan rekstur kórsins.

Tónleikahald er stór þáttur í starfi kórsins og er það metnaður drengjanna að tónleikar séu kórnum og þeim sjálfum ævinlega til sóma. Þeir vita að til þess að svo megi verða þurfa þeir að vinna mikið og vel! Söngstjórinn þarf að ráða yfir margslungnum galdri svo að þessi markmið náist ljúflega og í allri gleði. Og þannig nást þau í Drengjakór Reykjavíkur.

- pbb



## > HÆST LAUNUÐU FYRIRSÆTURNAR

Forbes birti nýlega lista yfir best launuðu fyrirsætur heims og þar tróna flestallar sömu stúlkurnar á toppnum og undanfarin ár. Síðasta ár var sérstaklega hagstætt fyrirsætunum Gisele Bundchen, Heidi Klum og Kate Moss sem eru allar mæður, og þrjár af hæst launuðu fyrirsætum heims eru nýbúnar að eignast börn. Þess má geta að hin 38 ára gamla Claudia Schiffer sat nýlega fyrir allsnakin á forsíðu Vogue komin átta mánuði á leið.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



…Það er eitthvað Chanel-legt og fallegt við þessa einföldu og sumarlegu peysu frá Malene Birger.



…þessi ofursvölu sólgleraugu frá Alexander McQueen eru fullkomin og láta mann líta út eins og meðlim The Jesus and Mary Chain.



…nýja matta meikið frá Chanel sem gefur púðurkennda postulínsáferð á andlitið sem helst allan daginn en er samt létt og náttúruleg.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

SARA MCMAHON

# *Alklæðnaður fyrir sumarið*

Samkvæmt dagatalinu er sumarið löngu komið og því ætti fólk að hafa pakkað niður vetrarflíkunum og dustað rykið af sumarklæðnaði sínum. Sumarið er komið og maður finnur angan af vorinu í hvert sinn sem maður stígur út og ósköp er gott að finna ylinn frá sólinni á vanga sínum á ný eftir veturinn.



Því miður er ég þó þannig af Guði gerð að ég þoli ekki við í miklum hita. Ég verð auðveldlega pirruð, missi getuna til að hugsa rökrétt auk þess sem ég verð sérstaklega löt og vil síður þurfa að hreyfa mig, sem er miður, því sumarið er tíminn. Annar stórkostlegur galli er að ég klæðist helst svörtum eða dökklitum flíkum, þó auðvitað leynist inn á milli einstaka blómakjóll í fataskápnum. Fataskápur minn er því ávallt jafn illa undirbúinn fyrir sumarkomuna, svona svartlitur og þunglyndislegur. Ég hef því ákveðið að í sumar skuli ég finna mér léttan, sumarlegan og klassískan kjól sem ég get að sumri loknu stungið inn í skápinn og dregið fram aftur að ári liðnu þegar sól fer að hækka. Með þessu ætti ég að geta komið í veg fyrir ósumarlegan klæðnað minn í framtíðinni.

Ef marka má hin fjölmörgu tískublogg sem finnast á alheimsvefnum virðast röndóttir bolir og víðar buxur ætla að tolla áfram í tískunni í sumar. Auk þess verða skræpóttar flíkur í anda M.I.A og Rihönnu í tónlistarmyndbandinu við lagið Rude Boy geysivinsælar ásamt gólfsíðum kjólum og pilsum í anda tíunda áratugarins. Það er því úr nógu að velja þegar halda skal í bæinn í leit að hinu fullkomna sumardressi, vandinn sem ég stend frammi fyrir núna er að ákveða hvaða stíll skuli vera minn í sumar. Verða það rendur, skræpóttur mittisbolur eða fallegt skósítt pils? Vandi er um slíkt að spá!



**MYNSTUR OG PRJÓN** Fallegur hnésíður kjóll með prjónuðum ermum við vængjaða skó.



**BLÖNDUÐ ÁHRIF** Fínlegar buxur og gamaldags slá við rokkaðan bol og klút.



**GAMALDAGS** Fallegar buxur og reiðjakki sem minnir á tíma Játvarðar Englandskonungs.

## WESTWOOD LEIKUR MEÐ BRESKAR HEFÐIR:

# SKEMMTILEG ÓREIÐA

Haustlína hinnar bresku Vivienne Westwood kom nokkuð á óvart og var ein hennar sterkasta undanfarin misseri. Fötin voru brjáluð blanda af ömmulegum skóm og pilsum við alls kyns peysur og sjöl og sjúskaða ballkjóla. Útkoman minnti á breskar hefðardömur sem höfðu lent í allsvakalegu partíi, jafnvel í reifi hjá sígaunum úti á akri. Klassísku bresku áhrifin voru augljós í fallega sniðnum reiðjökkum og buxum og gamaldags síðkjólum en engu að síður gætti væns skammts af pönki og sýru. Til að kóróna áhrifin voru fyrirsætur málaðar með klesstum svörtu eyeliner og eldrauðum varalit og sumar fengu meira að segja að skarta yfirvaraskeggi. Sérlega töff lína frá bresku pönkdrottningunni.

**- amb**



**SLÆÐUR** Þessi blanda minnti jafnvel á sígaunakonur fyrri alda.



**PELS** Síður ballkjóll með tjulli við uppreimaða skó og mikinn pels.



**ALLS KYNS MYNSTUR** Kokkteill sem samanstendur af bleikum mynstruðum síðkjól, síðu prjónasjali, mynstruðum sokkabuxum, hlébarðaskóm og barðahatti.

*Stúdentastjarnan og -rósin 2010*

*fallegar stúdentsgjafir sem fást hjá okkur*

Stjarna 14 kt. gull kr. 10.900,-
Stjarna úr silfri, næla kr. 4.900,-
Rós 14 kt. gull kr. 12.900,-

PIPAR\TBWA · SÍA · 100954



JÓN & ÓSKAR

*www.jonogoskar.is* *Laugavegur 61 / Smáralind / Kringlan*

# 200.000 þakkir

Yfir 200.000 gestir hafa heimsótt Borgarleikhúsið í vetur. Ekki að ástæðulausu.




## Lokahnykkurinn á leikárinu er eftir

Njóttu hans með okkur – og tryggðu þér miða strax, örfáir miðar eftir á sýningar vorsins.




★★★★
ÍÞ, Mbl
„Dúndursýning" EB, Fbl
„Leiksigur" JVJ, DV
„Glæsileg sýning í alla staði" LL, RÚV




★★★★
„Skemmtileg sýning" EB, Fbl
„Mátti ekki vera betra. Til hamingju" BS, Pressan




Þau eru komin aftur í Borgarleikhúsið eftir 8 ára flakk um heiminn.

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

## > MEG HANNAR HÚS

Leikkonan **Meg Ryan** er lítið fyrir sviðsljósið og lætur jafnan lítið fyrir sér fara. Það kemur því nokkuð á óvart að í nýjasta hefti hönnunarblaðsins Elle Decor sýnir hún innanhússhönnun sína á eigin heimili. Í ljós kemur að Meg hefur lengi fengist við innanhússhönnun og þykir nokkuð fær á því sviði.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Styrktartónleikar á Austurvelli

Tónlistarmaðurinn Sigtryggur Baldursson og leikkonan Magnea Björk Valdimarsdóttir hafa skipulagt tónleikaveislu til styrktar nímenningunum sem ákærðir eru fyrir árásina á Alþingishúsið í byrjun búsáhaldabyltingarinnar 2008. Sigtryggi er málið nokkuð skylt því tengdasonur hans er meðal hinna níu.

„Mér finnst mjög mikilvægt að lýsa yfir stuðningi við þetta mál, mér finnst dómskerfið vera að hlaupa á sig því þarna á að dæma níu manns á svolítið alvarlegan hátt,“ segir Sigtryggur og bendir á að nímenningarnir séu síður en svo þeir fyrstu sem ráðast inn á Alþingi. „Frægast er nú sennilega þegar menn réðust inn á pallana með plat-vélbyssur,“ útskýrir Sigtryggur sem þykir það heldur hæpið að handtaka þessa níu og ætla að flengja þá opinberlega fyrir þessa mótmælastöðu. „Þetta er ekki alveg rétta fólkið til að taka, þetta var ekki fólkið sem var að beita ofbeldi,“ bendir Sigtryggur á og bætir því við að sú hugmynd, að dæma út frá 100. gr. hegningarlaganna sé nánast út úr kortinu. „Dómur við brot á þeirri grein varðar fangelsi allt frá einu ári og upp í sextán ár.“

Meðal þeirra sem ætla að láta stuðning sinn í ljósi við mál nímenninganna eru Páll Óskar, Hjaltalín, KK og Ellen, Ari Eldjárn og Varsjárbandalagið.“ Tónleikarnir verða á Austurvelli í dag og hefjast klukkan tvö. - fgg



**FÁRANLEGT** Sigtryggur Baldursson er í baráttuhug.

# Grætur yfir HM-lagi

Söngvarinn Robbie Williams og gamanleikarinn Russell Brand hafa sungið nýja útgáfu af HM-laginu Three Lions, sem var opinber söngur enska landsliðsins í fótbolta árið 1996. Þessi nýja útgáfa telst þó ekki vera opinber HM-söngur Englendinga því enska knattspyrnusambandið ákvað að borga ekki fyrir slíkt lag í þetta sinn. „Mér fannst vandræðalegt hve ég var tilfinninganæmur þegar ég söng þetta lag. Ég grét næstum því,“ sagði Russell. „Þetta er eina góða enska fótboltalagið og ég hlakka til að syngja það þegar við dettum út í vítaspyrnukeppni. Þá mun ég virkilega gráta.“




Vortónleikar
Árnesingakórsins í Reykjavík
verða haldnir í Guðríðarkirkju í Grafarholti miðvikudaginn 19. maí kl. 20:00
Á efnisskránni er eingöngu tónlist eftir Sigfús Halldórsson.
**Einsöngur:** Valgerður Guðnadóttir sópran og Gissur Páll Gissurarson tenór
**Píanóundirleikur:** Bjarni Þór Jónatansson
**Stjórnandi:** Gunnar Ben
**Miðaverð: 2.000 kr**
ÁRNESINGAKÓRINN Í REYKJAVÍK


# Ég stal ekki röddinni hennar

**Séð og heyrt birti á dögunum forsíðufrétt um bakraddasöngkonuna Bryndísi Jónsdóttur undir fyrirsögninni „Ásdís Rán stal röddinni minni“. Þar er Ásdís sökuð um að eigna sér heiðurinn af söng Bryndísar, en Ásdís vísar þeim ásökunum til föðurhúsanna.**

„Þetta er algjört bull. Stelpan er náttúrlega bakrödd, en hún er með allt öðruvísi rödd en ég. Það fer ekkert milli mála að þetta er ég að syngja,“ segir fyrirsætan og athafnakonan Ásdís Rán.

Ásdís sendi nýlega frá sér lagið Feel My Body, sem er frumraun hennar á söngsviðinu. Séð og heyrt birti í vikunni frétt þar sem Bryndís Jónsdóttir, bakraddasöngkona lagsins, segir Ásdísi hafa stolið röddinni sinni. Bryndís ku samkvæmt Ásdísi vera ósátt við fréttina og segir blaðið fara frjálslega með staðreyndir. Ásdís segir leiðinlegt hvernig sé hægt að skemma fyrir á svona leiðinlegan hátt.

„Þetta er örugglega söluhæsta forsíða ársins,“ segir Ásdís. „En ég er ekki svo vitlaus að ég myndi gefa út lag sem ég syng ekki sjálf. Hún er náttúrlega bakrödd. Það er ekki satt sem er sagt þarna, að hún syngi allt lagið og ég steli röddinni hennar.“ Snorri Snorrason tók lagið upp og útsetti. Hann staðfestir þetta og segir málið afar einfalt. „Bryndís syngur bakraddir, Ásdís er aðalsöngvarinn. Þetta er ekkert flóknara,“ segir hann.

atlifannar@frettabladid.is

**SYNGUR LAGIÐ**
**Ásdís Rán** vísar á bug að hafa stolið rödd Bryndísar Jónsdóttur og upptökustjórinn **Snorri Snorrason** staðfestir það.




SKELFILEGA SKEMMTILEG!
Bráðskemmtileg ný léttlestrarbók um æringjann Skúla skelfi
Frábær fyrir byrjendur í lestri
Guðni Kolbeinsson þýddi




MEÐ LITMYNDUM
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


# Setur Ajax á matinn

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian trúði útvarpsmanninum Ryan Seacrest fyrir því að hún úðaði hreinsivökva á matinn sinn til að koma í veg fyrir að hún borði of mikið. „Ég sprauta Ajaxi yfir matinn svo ég freistist ekki til að borða hann,“ sagði raunveruleikastjarnan. Þegar Seacrest spurði hlessa hvort hún gengi með úðabrúsann í veski sínu hló stúlkan og svaraði: „Ég nota Ajaxið bara heima. Þegar ég borða úti þá helli ég sódavatni yfir matinn minn.“ Megrunaraðferðir stjarnanna eru því eins misjafnar og þær eru margar.




Krakkajóga
Ný 4. vikna krakkajóganámskeið hefst 17. maí hjá Jóga Stúdíó Stórhöfða 17.
2–4 ára » mánudagar klukkan 16:30–17:00
5–7 ára » miðvikudagar klukkan 16:30–17:00
8-10 ára » föstudagar klukkan 16:30–17:00
Skráning í síma 772 1025 og 695 8464
Verð aðeins 5.000 kr.
Nánari upplýsingar á jogastudio.org
JÓGA Stúdíó
Stórhöfði 17
(gengið inn um Veggsport)

# Árstíðir í fyrsta sinn á erlendri grundu

Þjóðlagahljómsveitin Árstíðir fer í tveggja vikna tónleikaferð til Svíþjóðar á næstunni. Þetta verður fyrsta tónleikaferð sveitarinnar erlendis. Tilefnið er útgáfa á fyrstu plötu hennar þar í landi síðastliðinn miðvikudag á vegum fyrirtækisins Adore Music.

„Við erum spenntir að sjá hvernig Svíarnir taka okkur. Helmingurinn af lögunum okkar er með enskum texta og hinn helmingurinn með íslenskum og þetta verður í fyrsta sinn sem við sjáum hvernig útlendingar fíla Árstíðir," segir söngvarinn Ragnar Ólafsson. Sveitin flýgur til Svíþjóðar eftir tvær vikur og dvelur þar í tólf daga. Tónleikar í Gautaborg, Stokkhólmi og Malmö eru fyrirhugaðir auk þess sem þeir félagar spila bæði í sjónvarpi og útvarpi. „Við eigum eftir að læra mikið af þessari ferð," segir Ragnar.

Sveitin hefur einnig gert samning við norska fyrirtækið Phonofile-Artspages sem býður dreifir stafrænni tónlist sem þýðir að platan verður fáanleg víða um heim á síðum á borð við Amazon.com og á iTunes.

Í sumar ætla Árstíðir síðan í stuttar helgarferðir um Ísland. Spilamennska á hátíðinni Úlfaldi úr mýflugu á Mývatni og á Djúpavík er meðal annars fyrirhuguð.

Til að hita upp fyrir Svíþjóðartúrinn spila Árstíðir á Sódómu í kvöld. Einnig koma fram Lights on the Highway og Tom Hannay. Þeir sem vilja fylgjast betur með tónleikaferðinni til Svíþjóðar geta skoðað blogg Árstíðarmanna á Facebook og Myspace. - fb



**ÁRSTÍÐIR** Hljómsveitin Árstíðir er á leiðinni í tveggja vikna ferðalag til Svíþjóðar. MYND/ÓSKAR PÁLL ELFARSSON

# Kylie gefur út Aphrodite

**Ástralska söngkonan Kylie Minogue gefur 5. júlí út sína elleftu hljóðversplötu sem nefnist Aphrodite. Þar verður meðal annars að finna fyrsta smáskífulagið, All The Lovers, sem kemur út 13. júní. Á meðal fleiri laga eru Get Outta My Way og Put Your Hands Up (If You Feel Love). Gestir Kylie á plötunni eru Calvin Harris og þeir Jake Shears og Richards X úr hljómsveitinni Scissor Sisters. Aphrodite er ellefta hljóðversplata Kylie. Þrjú ár eru liðin síðan sú síðasta, X, kom út.**



**CHERYL COLE** Söngkonan og tískutáknið á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Hún stendur í erfiðum skilnaði og nú er bróðir hennar á leið í steininn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bróðir Cheryl í steininn

**Bróðir bresku söngkonunnar Cheryl Cole hefur verið ákærður fyrir að ræna pósthús. Andrew Tweedy, 29 ára, er í haldi lögreglu, sakaður um að eiga þátt í ráninu þar sem nokkrir menn vopnaðir byssu og sveðju ógnuðu starfsfólki og komust undan með þúsundir punda. Tweedy er upprunalegt ættarnafn Cheryl en hún tók upp Cole-nafnið þegar hún giftist fótboltamanninum Ashley Cole.**

**Breska dagblaðið The Sun greinir frá því að lögregla hafi yfirheyrt níu manns vegna málsins. Þar á meðal hafi verið Emma Stanners sem er kærasta Tweedy og barnsmóðir hans. Hún er ákærð fyrir peningaþvætti.**



**VAX** Hljómsveitin Vax hefur sent frá sér lagið Hot in Here.

# Vax sendir frá sér lag

**Hljómsveitin Vax hefur sent frá sér lagið Hot in Here, þar sem Dr. Gunni sér um bassaleikinn. Sveitin hefur tekið upp efni með hléum í um þrjú ár. Ástæðan fyrir þessum langa tíma er sú að meðlimirnir hafa verið iðnir við barneignir og hafa eignast fimm börn á þessu tímabili. Vax ætlar að gefa út fleiri lög með haustinu. Einnig eru nokkrir tónleikar fyrirhugaðir hjá sveitinni, þar á meðal á Borgarfirði eystri, daginn áður en tónlistarhátíðin Bræðslan hefst síðustu helgina í júlí.**




Arion banki býður þér á morgunfund um *framtíð orkugeirans* á Íslandi

Er lagning sæstrengs frá Íslandi til Evrópu vænlegur kostur?

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 20. maí í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19. Fundurinn stendur yfir frá kl. 8:15 - 10:00.

Dagskrá:

**Alf Persson**, framkvæmdastjóri ABB Svíþjóð:
*Tæknileg atriði varðandi lagningu sæstrengs*

**Andreas Borsos**, ráðgjafi ABB Svíþjóð:
*Hagkvæmnisathugun varðandi lagningu sæstrengs*

**Hörður Arnarson,** forstjóri Landsvirkjunar:
*Breytingar á raforkumarkaði á Íslandi með og án lagningar sæstrengs*

**Ásgeir Jónsson**, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka:
*Vaxtartækifæri í orkugeiranum*

**Að lokinni dagskrá verða pallborðsumræður.**

Alf Persson, framkvæmdastjóri ABB í Svíþjóð
Sigurður Arnalds, stjórnarformaður Mannvits
Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne Holdings
Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka

Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 07:45.

*Vinsamlegast skráið þátttöku á arionbanki.is*

Arion banki

HRAUNHÚS
MAGMAT KA DES GN STORE
Handverksmarkaðurinn
í Mosfellsbæ
Opinn alla helgina frá 11:00 til 17:00.
Nánari upplýsingar og leiðarvísi á staðinn eru að finna á www.hraunhus.is
Völuteigur 6. - 270 Mosfellsbæ - S:566 5006

HÖNNUNARSAMKEPPNI
um hönnun barmmerkis
Fyrir Skottur félag um Kvennafrídaginn á vegum Hönnunarmiðstöðvarinnar. Merkið á að selja til styrktar baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og mansali. Merkið þarf að höfða bæði til karla og kvenna.
Verðlaunahafinn hlýtur 250.000 kr. í verðlaun.
Skila skal hugmyndum fyrir mánudaginn 14. júní 2010.
Úrslit samkeppninnar verður tilkynnt laugar-daginn 19. júní 2010. Sýning á völdum innsendingum fer fram á sama tíma.
Skottur félag um 24. október munu eiga einkarétt á notkun merkisins sem verður fyrir valinu.
Sjá nánar á hönnunarmidstod.is og kvennafri.is







**HNÍFABARDAGI** **Páll Óskar** og **Jói Fel** berjast upp á líf og dauða í þættinum Steindinn okkar. Jói notaði að sjálfsögðu sérbakað vínarbrauð sem vopn, en Páll varðist fimlega með hnífi. Steindi segir talsvert erfiðara að fá vini sína til að taka þátt í gríninu, en þekktu einstaklingarnir eru yfirleitt strax til í tuskið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Erfiðara að plata vinina til að leika en fræga fólkið

**Páll Óskar, Jói Fel, Jón Ársæll, Sveppi og fleiri frægir sýndu á sér nýjar hliðar í þættinum Steindinn okkar í gærkvöldi. Steindi hefur fengið góðar viðtökur og segir lítið mál að fá fólk til að taka þátt í gríninu.**

„Páll Óskar og Jói voru strax til í þetta og mjög hressir. Þeir gerðu líka allt sem við báðum þá um að gera, þeim fannst þetta ekkert skrýtið, enda sturlaðir menn eins og atriðið sýnir," segir grínistinn Steindi Jr.

Lokaatriðið í Steindanum okkar í gær vakti mikla athygli, en þar börðust t.d Páll Óskar og Jói Fel, en sá síðarnefndi notaði sérbökuð vínarbrauð sem vopn. „Við vorum heppnir að Jói var nýbúinn að dæma sveinspróf, þannig að hann kom bara með poka af nýbökuðu með sér."

Spurður hvort hann lendi í erfiðleikum með að fá fræga fólkið til að taka þátt í gríninu, segir Steindi að það sé þvert á móti mjög auðvelt. „Það er alltaf meira vesen að fá vini sína í að gera eitthvað," segir hann.

Fréttablaðið greindi frá því að fyrsti þáttur Steinda hafi slegið gullkálfunum Sveppa og Audda við í áhorfi á meðal áskrifenda Stöðvar 2. Þeir hafa báðir farið með hlutverk í Steindanum okkar og Steindi forðast þórðargleði þegar þetta er borið undir hann. „Þetta er náttúrlega engin keppni – við erum á sömu stöðinni," segir Steindi og kveðst ánægður með góðar viðtökur.

atlifannar@frettabladid.is

HÁLF-BILAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR
>ORMSSON og BT í Smáralind<
Lager-SaLA
Opið virka daga frá kl. 11-19 (fimmtudaga til kl. 21)
Laugardaga frá kl. 11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18
ALLT Á ÓTRÚLEGU VERÐI



ELDHÚSVÖRUR
ALLS KONAR SMÁTÆKI
SNYRTIVÖRUR
HÁRSNYRTIVÖRUR
STÓRKOSTLEGT ÚRVAL
GJAFAVÖRU
HEIMILISTÆKI
BAÐHANDKLÆÐI OG MOTTUR
... og margt, MARGT fleira!!
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI: 530 2900
ÚTSALA
home art
FARTÖLVUR
URMULL AF TÖLVULEIKJUM
DVD MYNDIR & ÞÆTTIR
FLOTT SÝNINGARTÆKI
Á GJAFVERÐI
GUITAR HERO o.fl.o.fl
i-Pod Station/HLJÓMTÆKI
FRÁBÆRAR OLYMPUS
MYNDAVÉLAR
BT
• TÖLVUR • AFÞREYING • RAFTÆKI
Í ORMSSON SMÁRALIND
SÍMI: 530 2909
SÍÐUSTU DAGAR BT OG ORMSSON Í SMÁRALIND



**ÖFUNDSJÚK** Halle Berry óttaðist að sambýlismaður sinn yfirgæfi hana fyrir aðra konu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Öfundsjúk

**Fjölmiðlar hið vestra halda áfram að velta sér upp úr sambandsslitum Óskarsverðlaunahafans Halle Berry og fyrrum sambýlismanns hennar, Gabriels Aubry. Nýjustu fregnir herma að Aubry hafi þegar fundið sér nýja kærustu og ku sú starfa sem fyrirsæta líkt og hann. „Að vita það að Gabriel hafi komist svo fljótt yfir sambandsslitin og sé farinn að hitta aðra konu gerir Halle mjög öfundsjúka. Gabriel dvaldi mikið í heimalandi sínu, Kanada, á meðan þau voru saman og Halle óttaðist oft að hann væri farinn að hitta aðra konu," var haft eftir heimildarmanni.**

# Skemmtilegur bræðingur

**Blindu hjónin Amadou & Mariam héldu vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll á miðvikudag ásamt hljómsveit sinni. Um var að ræða opnunartónleika Listahátíðar í Reykjavík sem stendur yfir til 5. júní. Amadou & Mariam, sem koma frá Malí, hafa vakið heimsathygli fyrir einstakan og líflegan tónlistarbræðing og var góður rómur gerður að frammistöðu þeirra í Höllinni. Sýndu þau að það er engin tilviljun að þau hafa spilað fyrir Barack Obama, Bandaríkjaforseta, og með flytjendum á borð við Coldplay, Damon Albarn og Manu Chao.**


Hjónin frá Malí skemmtu áhorfendum Laugardalshallarinnar með hressilegum tónlistarkokkteil. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Hrefna og Elín létu sig ekki vanta í Laugadalshöllina.


Helga Bryndís og Edda Hrönn hlýddu á líflegan tónlistarbræðinginn.


Tómas Ken og Þóra S. Magnúsdóttir voru á meðal gesta.


Jón Gunnar, Alexander, Rakel Sif og Eygló skemmtu sér vel í Höllinni.


Ólafur og Fríða voru brosmild og hress á tónleikunum.


**MYNDAR FÓLK** Ljósmyndarinn Aldís Pálsdóttir opnar sýningu á kaffihúsinu Skrúðgarðurinn í dag. Til sýnis verður stórt myndverk sem hún gerði sérstaklega fyrir sýninguna. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

# Gaman að mynda fólk

Ljósmyndarinn Aldís Pálsdóttir opnar sýninguna Suðurgata 27 á kaffihúsinu Skrúðgarðinum á Akranesi í dag, en hún starfaði meðal annars fyrir danska tískuljósmyndarann Steen Evald, sem er jafnframt hirðljósmyndari dönsku konungsfjölskyldunnar.

„Það er eitt verk sem ég gerði sérstaklega fyrir þessa sýningu sem samanstendur af mörgum litlum myndum sem ég tók á Akranesi. Ég mun einnig sýna nokkrar ævintýratískuljósmyndir sem mér þykir mjög vænt um og einnig verður á staðnum barnahorn sem ég fyllti af ýmsum skemmtilegum myndum,“ útskýrir Aldís.

Aldís lærði ljósmyndun í Danmörku og eftir útskrift var hún ráðin til starfa til hins virta ljósmyndara Steen Evald. „Ég var aðallega að taka tískuljósmyndir á meðan ég starfaði á stofunni en samhliða því var ég að vinna í eigin verkefnum. Við fjölskyldan ákváðum að flytja heim síðasta sumar og síðan þá hef ég alfarið verið að vinna sjálfstætt. Það gengur ágætlega, ég hef nóg af verkefnum, sama þó ég setji mér þau sjálf eða sé að vinna fyrir aðra. Þannig að það er nóg í pípunum,“ segir Aldís og hlær.

Aðspurð segist hún hafa gaman af því að taka ljósmyndir af fólki og skipti þá engu hvort ljósmyndirnar séu tískutengdar eður ei. „Mér finnst bara gaman að taka myndir og þá sérstaklega af fólki, sama hvort þær séu tískutengdar eða ekki. En ætli ævintýramyndir heilli mig ekki mest og lýsi mér best sem listamanni,“ segir Aldís að lokum. Sýning hennar opnar klukkan 16 í dag.

- sm


**Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA**

verður haldinn mánudaginn 31. maí
í Grjótnesi Skrifstofu EFÍA Hlíðarsmára 8
Kópavogi kl. 17:00.

**Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA.**



Rockwood fellihýsi fyrir Íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G


Verð: 2.998.000kr m/ útdraganlegri hlið.

Rockwood Premier 1904


Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD


Verð: 2.798.000kr

Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.

- upphækkað á 15” dekkjum
- sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13” álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán - Föst. kl: 10-18
Laugad kl: 12-16

Útilegu maðurinn®

Fossháls 5-7
110 Reykjavík
Sími 551 5600
Fax 551 5601
utilegumadurinn.is

# Vill ekki hærri laun

Leikarinn Steve Carell segist ekki hafa hótað að hætta í gamanþáttunum í von um að fá launahækkun. Carell lýsti því yfir á dögunum að hann ætlaði að hætta eftir að næstu þáttaröð lýkur. Ástæðan er sú að hann vill eyða meiri tíma með fjölskyldunni. Carell hefur leikið hinn aumkunarverða forstjóra Michael Scott síðan þættirnir hófu göngu sína árið 2005. Þá tók hann við keflinu af Ricky Gervais sem lék sama hlutverk í hinum upprunalegu bresku þáttum. „Þetta er engin samningabrella. Mig langar bara að eyða meiri tíma með börnunum mínum,“ sagði Carell. Hann á tvö börn, hinn fimm ára John og hina níu ára Elisabeth með eiginkonu sinni Nancy.



**STEVE CARELL** Ætlar að hætta eftir að næstu þáttaröð af The Office lýkur.

# Slegist um Skytturnar þrjár

Warner Bros tilkynnti nýverið að ráðist yrði í gerð kvikmyndar um Skytturnar þrjár eftir samnefndri bók Alexandre Dumas. Leikstjórinn Doug Liman, þekkastur fyrir Bourne Identity, mun líklega stýra hlutunum á tökustað. Fyrir tæpum sautján árum var gerð kvikmynd um Skytturnar þrjár með þeim Charlie Sheen, Donald Sutherland, Chris O'Donnell og Oliver Platt í helstu hlutverkum og sagan um skytturnar kom einnig við sögu í Man with the Iron Mask þar sem Gabriel Byrne, Jeremy Irons, Gérard Depardieu og John Malkovich léku hinar fræknu hetjur.

Warner verður hins vegar ekki eitt um hituna því Paul Anderson, maðurinn á bak við Resident Evil, hefur tilkynnt að hann ætli sér að gera þrívíddarútgáfu um Skytturnar þrjár.

Það sem vekur kannski mestu athyglina er að Óskarsverðlaunahafinn Christoph Waltz hefur tekið að sér hlutverk hins illa kardínála og Mads Mikkelsen verður senditíkin hans, Rochefort. Auk þeirra tveggja munu Logan Lerman, Ray Stevenson, Luke Evans og Matthew Macfadyen leika í myndinni. - fgg



**VONDUR OG VERRI** Christoph Waltz og Mads Mikkelsen leika þrjótana í nýrri kvikmynd um skytturnar þrjár. Tvær myndir eru í burðarliðunum um þessa frægu kappa Alexandre Dumas.



**BLANKET OG PARIS** Blanket og Paris hafa slegið í gegn á síðunni Youtube.

# Börn Jackson slá í gegn

**Börn popparans sáluga Michaels Jackson hafa slegið í gegn á síðunni Youtube. Myndband með hinum átta ára Blanket að herma eftir atriði úr kvikmyndinni Star Wars hefur sogað til sín hundruð þúsunda áhorfenda. Á sama tíma hefur annað myndband með systur hans Paris að rappa vakið gríðarlega athygli. Ekki er vitað hver lak myndböndunum á Netið. Þegar Jackson var á lífi reyndi hann ávallt að vernda börnin sín frá ágangi fjölmiðla en núna eru þau loksins komin í sviðsljósið, hvort sem þeim líkar betur eða verr.**

# Vill prófa Bollywood

**Russell Crowe, sem leikur í ævintýramyndinni Robin Hood, hefur mikinn áhuga á að breyta til og leika í Bollywood-mynd. „Ég er ekki að meina týpíska Hollywood-mynd sem gerist á Indlandi, heldur Bollywood-mynd,“ segir Crowe. „Handritið yrði að vera gott og ég yrði að skilja algjörlega hvað ég ætti að gera. En ég hef áhuga á þessu. Ég gæti sungið sjálfur og ég kann líka að dansa smávegis.“ Crowe spilaði með hljómsveitinni 30 Odd Foot of Grunts áður en hann ákvað að hefja sólóferil og hefur hann því ágæta reynslu úr tónlistarbransanum.**



**RUSSELL CROWE** Leikarinn snjalli hefur áhuga á að leika í indverskri Bollywood-söngvamynd.




## Kynntu þér MPM, meistaranám í verkefnastjórnun

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimspekktir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

**Umsóknarfrestur er til 17. maí**

**Inntökuskilyrði:**
B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt.
Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu.
Reynsla við verkefnavinnu æskileg.

### Vor í íslenskri verkefnastjórnun

Við vekjum einnig athygli á ráðstefnu um verkefnastjórnun sem fram fer á Hótel Sögu föstudaginn 21. maí kl. 13–17.

**Nánari upplýsingar um MPM-námið færðu á mpm.is**

PIPAR\TBWA\ SÍA 101277

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

## 27 DAGAR Í HM

Þjóðverjinn Lothar Matthaus er sá leikmaður sem hefur spilað flesta leiki í úrslitakeppni HM eða 25 en hann tók þátt í fimm keppnum frá 1982 til 1998, varð heimsmeistari 1990 og vann silfur 1986. Ítalinn Paolo Maldini er hins vegar sá leikmaður sem hefur spilað flestar mínútur í úrslitakeppni HM. Maldini spilaði í 2217 mínútur í úrslitakeppni HM frá 1990 til 2002 eða 142 mínútum lengur en Matthaus.



# sport

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR ANDRÉS GUÐMUNDSSON:** SAMDI TIL ÞRIGGJA ÁRA VIÐ DANSKA OFURLIÐIÐ AG KÖBENHAVN

# *Það er frábært að komast að hjá þessu félagi*



FH-ingurinn og landsliðsmaðurinn Ólafur Andrés Guðmundsson hefur gengið frá þriggja ára samningi við danska liðið AG København. Er um að ræða eitt mest spennandi félag Evrópu en það er styrkt af skartgripajöfrinum Jesper Nielsen sem hefur keypt stórstjörnur í allar stöður. Er það jafnvel kallað Real Madrid handboltans þar sem Jesper er til í að greiða háar upphæðir fyrir leikmenn.

„Það er alveg rífandi hamingja hjá mér með þetta og ég er afar ánægður. Það er líka bara mikill léttir að vera kominn með þessa hluti á hreint. Þetta er eitt mest spennandi félag í Evrópu og frábært að komast að hjá þessu félagi," sagði Ólafur Andrés kátur en hann skrifaði undir samninginn á fimmtudag og fór svo í ítarlega læknisskoðun í gær.

„Þetta mál kom upp fyrir nokkru síðan. Það hefur tekið smá tíma að þróa þetta en þegar málið komst á skrið tók það fljótt af," sagði Ólafur Andrés en hann var eftirsóttur af fjölda félaga út um alla Evrópu.

„Ég skoðaði í kringum mig og hafði úr fínum hlutum að velja. Það voru lið í Þýskalandi, Spáni og Norðurlöndunum sem sýndu mér áhuga. Þetta heillaði mig þó mest og það var allt spennandi sem þeir höfðu fram að færa. Þetta var því ekki erfið ákvörðun á endanum."

Ólafur gengur ekki strax í raðir danska liðsins heldur verður hann lánaður til FH út næsta vetur. Hann er ánægður með þá niðurstöðu. „AG er með 2-3 toppmenn í hverri stöðu og það er því betra fyrir mig að spila með FH næsta vetur en sitja á bekknum í Danmörku. Hér get ég haldið áfram að bæta mig sem leikmaður. Svo fæ ég líka tækifæri til þess að bæta fyrir vonbrigðatímabilið í vetur og er staðráðinn í að hjálpa FH að komast þangað sem það á heima. Það er á toppnum."



**ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR** Var rúmum sex metrum frá sínu besta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Demanta-mótaröðin í gær:

## Ásdís í 6. sæti

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni endaði í 6. sæti af átta keppendum í spjótkasti á fyrsta móti Demanta-mótaraðarinnar sem fram fór í Katar í gær.

Ásdís kastaði lengst 54,74 metra sem er aðeins frá hennar besta sem er 61,37 metrar. Rússinn Mariya Abakumova vann spjótkatið þegar hún kastaði 68,89 metra en í öðru sæti var heimsmethafinn Barbora Sportkova með 67,33 metra kast. **- óój**

Haukar og FH mætast á Hlíðarenda á morgun:

## Fyrsti deildarleikur félaganna í 36 ár

**FÓTBOLTI** Það er mikil spenna í Hafnarfirði fyrir leik nýliða Hauka og Íslandsmeistara FH í Pepsi-deild karla á Vodafone-vellinum á sunnudagskvöldið. Þetta verður fyrsti deildarleikur Hafnarfjarðarliðanna í fótbolta síðan sumarið 1974 þar sem þau hafa ekki mæst á síðustu 35 Íslandsmótum. Það er búist við frábærri mætingu og aðsóknarmetið á Vodafone-vellinum (1796) gæti verið í hættu þó að þarna séu tvö Hafnarfjarðarlið að mætast í Reykjavík.

Haukar náðu ekki að vinna FH b-deildinni sumurin 1971 til 1974 þannig að það eru liðin 40 ár síðan Haukar unnu síðast deildarleik á móti FH sem hefur ekki tapað í átta deildarleikjum í röð á móti nágrönnum sínum.

Aðrir leikir helgarinnar eru: ÍBV-Valur (í dag klukkan 16.00), KR-Selfoss, Breiðablik-Fram, Fylkir-Stjarnna (allir klukkan 19.15 á morgun). **- óój**



**DAÐI LÁRUSSON** Varði mark FH 1996-2009 en ver nú mark Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**MEISTARANIR FRÁ 2008 OG 2099** Hermann Hreiðarsson vann bikarinn með Portsmouth fyrir tveimur árum en John Terry tók við honum í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Bara formsatriði?

### Chelsea getur unnið fyrstu tvennuna en Portsmouth hefur engu að tapa í bikaúrslitaleiknum á Wembley.

**FÓTBOLTI** Chelsea og Portsmouth mætast í dag í úrslitaleik elstu bikarkeppni í heimi og sjaldan hafa möguleikar annars liðsins vera taldir minni í 129 ára sögu enska bikarsins en hjá félögum Hermanns Hreiðarssonar í Portsmouth þegar þeir ganga út á Wembley í dag á móti ensku meisturunum í Chelsea.

Chelsea er eitt ríkasta félag heims en Portsmouth er gjaldþrota. Chelsea-menn eru nýkrýndir enskir meistarar og voru fyrsta liðið til að skora yfir 100 mörk í ensku úrvalsdeildinni en Portsmouth endaði langneðst í deildinni og vann 20 færri leiki en Chelsea.

Það mun enginn spá öðru en að Chelsea-menn tryggi sér tvöfaldan sigur í fyrsta sinn í sögu félagsins en á sama tíma hafa leikmenn Portsmouth allt að vinna og engu að tapa. Leikurinn hefst klukkan 14.00 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

„Við eigum ekki að geta unnið þennan leik en þetta er enski bikarinn og þar geta ótrúlegstu hlutir gerst," sagði Avram Grant, stjóri Portsmouth. „Þetta er eini staðurinn í heiminum sem svona getur gerst. Enska úrvalsdeildin ætti að vera stolt af okkur. Þeir ættu að fara til allra stuðningsmanna okkar og segja við þá: Þú hélst andanum í ensku úrvalsdeildinni á lífi," sagði Grant.

Carlo Ancelotti hefur tækifæri til að endurskrifa sögubækur félagsins með því að vinna tvöfalt á sínu fyrsta ári með liðið.

„Ég hef lært það af undarnúrslitaleik þeirra við Tottenham að ef þú undirbýrð þig ekki vel þá getur þú lent í vandræðum á móti þeim," sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea. „Þetta hefur verið erfitt ár fyrir Portsmouth en við megum ekki sýna þeim neina miskunn heldur mæta þeim af fullum krafti og með fullri einbeitingu," sagði Ancelotti. **- óój**








512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Ný tónlist
## í næstu verslun




**Eivör - Larva**
Færeyska söngkonan með sjöundu hljóðversplötu sína.
Hér rær hún á ný mið í tónlistarsköpun.




**Eurovision Song Contest 2010: Oslo**
Hin árlega tvöfalda safnplata
með öllum lögunum í Eurovision keppninni.



**Ólafur Arnalds - ...and they have escaped the weight of darkness**
Önnur stóra plata Ólafs Arnalds
sem hefur verið að fá frábærar viðtökur.




**Í svörtum fötum - Tímabil**
Öll bestu lög Í svörtum fötum ásamt
nýju efni og DVD diskur með
myndböndunum fylgir með.




**Einu sinni var / Út um græna grundu**
Vegleg tveggja platna útgáfa með Vísnaplötunum
vinsælu Einu sinni var og Út um græna grundu.




**Pottþétt 52**
Öll vinsælustu lögin í dag á tvöfaldri plötu.
Dikta, Lady Gaga, Ingó, Páll Óskar,
Adam Lambert, Hjaltalín og fleiri og fleiri.




**Mannakorn - Gamli góði vinur**
Öll bestu lög Mannakorna í fyrsta sinn
saman á tvöfaldri safnplötu.




**Hvanndalsbræður**
Ný plata frá Hvanndalsbræðrum
kemur í verslanir í næstu viku.




**Kim Larsen - Mine Damer Og Herrer**
Ný plata frá hinum danska Kim Larsen.
Í þetta sinn er hann án hljómsveitar sinnar, Kjukken.




**Keane - Night Train**
Ný plata með Keane, sem inniheldur
meðal annars stórsmellinn Stop For A Minute.




**The Dead Weather - Sea Of Cowards**
Önnur plata Jack White og The Dead Weather
sem fylgir eftir plötunni Horehound frá því í fyrra.



**MGMT - Congratulations**
Önnur plata dúettsins MGMT,
en platan hefur verið að fá frábæra dóma.




**AC/DC - Iron Man 2**
Safnplata frá áströlsku rokkveitinni mögnuðu,
sem inniheldur alla helstu smelli sveitarinnar.




**Deftones - Diamond Eyes**
Diamond Eyes er ný plata rokksveitarinnar Deftones.
Er hún af mörgum talin besta plata þeirra til þessa.




**Cypress Hill - Rise Up**
Rappsveitin Cypress Hill
með glænýja plötu eftir langt hlé.




**Meat Loaf - Hang Cool Teddy Bear**
MeatLoaf sló í gegn árið 1977 með
plötunni Bat Out Of Hell. Hér er hann með sína
elleftu hljóðversplötu.

sena
okkar heimur // þín skemmtun



**Í STRANGRI GÆSLU** Þróttarar vörðust vel í gær og unnu HK 1-0. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1. deild karla í fótbolta í gær:

## Breiðholtið með fullt hús

**FÓTBOLTI** Breiðholtsliðin ÍR og Leiknir, eru einu liðin með fullt hús stiga eftir fyrstu tvær umferðir 1. deildar karla í fótbolta, eftir sigur í leikjum sínum.

Víkingur, KA og HK unnu einnig sína leiki í fyrstu umferð en náðu ekki að fylgja þeim sigrum eftir í gær.

Hilmar Árni Halldórsson tryggði Leikni 1-0 sigur á Þór Akureyri og Björn Viðar Ásbjörnsson skoraði bæði mörk ÍR-inga í 2-1 sigri í Njarðvík.

Oddur Björnsson og Haraldur Björnsson tryggðu Þrótti 1-0 útisigur á HK. Oddur skoraði sigurmarkið á 65. mínútu og Haraldur Björnsson varði víti frá HK-manninum Ásgrími Albertssyni á 71. mínútu. **- óój**

### Úrslit í 1. deild karla í gær:

| | |
|---|---|
| KA-Grótta | 1-1 |
| Haukur Hinriksson - Magnús Bernhard Gíslason. | |
| HK-Þróttur | 0-1 |
| 0-1 Oddur Björnsson (65.) | |
| Leiknir R.-Þór Ak. | 1-0 |
| Hilmar Árni Halldórsson | |
| Fjölnir-Víkingur | 2-2 |
| Viðar Guðjónsson, Pétur Georg Markan - Dofri Snorrason, Þorvaldur Sveinsson | |
| Njarðvík-ÍR | 1-2 |
| Ísleifur Guðmundss. - Björn Viðar Ásbjörnss. 2 | |

# Var farin að óttast um heilsufarið

**Guðrún Sóley Gunnarsdóttir er enn frá knattspyrnuiðkun vegna höfuðmeiðsla sem hún varð fyrir í fyrra. Hún var með höfuðverk í marga mánuði en hefur skánað heilmikið. „Fékk aldrei hausverki áður,“ segir hún.**

**FÓTBOLTI** Landsliðskonan Guðrún Sóley Gunnarsdóttir hefur ekki enn jafnað sig eftir tvö höfuðhögg sem hún fékk síðasta sumar – fyrst í leik gegn Frakklandi á EM í Finnlandi og svo með félagi sínu, Djurgården, í Svíþjóð.

Tæpir níu mánuðir eru síðan Guðrún Sóley fékk fyrra höfuðhöggið sem hún er enn að jafna sig á í dag. Það var í fyrri hálfleik í fyrsta leik Íslands í Finnlandi. Hún kláraði ekki bara leikinn, heldur alla aðra leiki Íslands á mótinu. Þegar tímabilið hófst svo aftur í Svíþjóð þrýstu forráðamenn Djurgården á hana um að spila með liðinu á lokaspretti tímabilsins og gaf læknir félagsins grænt ljós á það. En Guðrún Sóley fékk aftur í þriðja leik sínum eftir EM þungt höfuðhögg og heilahristing sem hafði alvarlegar afleiðingar.

„Þetta versnaði nokkuð eftir síðara höggið,“ segir Guðrún Sóley við Fréttablaðið. „Ég var með hausverk í 3-4 mánuði og var vissulega orðin skelkuð um heilsufarið mitt. Ég var orðin stressuð á því að þetta myndi ekki fara. En ég er orðin betri í dag og hætt að fá hausverk á hverjum degi. Ég fæ enn hausverk af og til en ég er orðin bjartsýn á að ég nái mér.“



„En ég hafði aldrei á ævinni fengið hausverk áður en ég fékk höggið í leiknum gegn Frökkum. Eftir það byrjaði ég bæði að fá stöðuga hausverki sem og mígreniköst,“ segir Guðrún Sóley. Læknar hennar segja að hún þjáist af því sem kallað er á ensku „post-concussion syndrome“.

„Það sem gerðist er að ég fékk mar á heila sem getur verið lengi að jafna sig. Læknarnir geta í raun ekkert sagt um lengd bataferlisins en það getur verið allt frá nokkrum mánuðum til nokkurra ára. Þetta eru því mjög óvenjuleg meiðsli fyrir íþróttamann að því leyti.“

Þrátt fyrir að ástand hennar sé skárra nú hefur hún ekkert getað sinnt knattspyrnunni. „Ég get enn ekki hlaupið án þess að fá hausverk – og maður þarf víst að hlaupa eitthvað í fótbolta,“ segir hún í léttum dúr. „Það eina sem ég get gert er bara að bíða róleg. Ég vona auðvitað að ég komist aftur í boltann en ætla þó ekki að taka neina áhættu og flýta mér of fljótt af stað.“

Samningur hennar við Djurgården rann út í haust og samdi hún við félagið á nýjum forsendum. „Ég fæ í raun algerlega að stjórna ferðinni sjálf nú og þarf ekki að hlusta á neina aðra lækna en mína eigin,“ segir hún. „Það þýðir að ég er reyndar á lægri launum en þau hækka þegar ég byrja að spila aftur,“ sagði hún en Guðrún hefur unnið í sænska seðlabankanum samhliða boltanum.

**eirikur@frettabladid.is**



**GUÐRÚN SÓLEY** Hennar er sárt saknað úr íslenska landsliðshópnum en hér er hún í leik gegn Þýskalandi á EM í Finnlandi. NORDIC PHOTOS/AFP

### Hafnaði draumatilboði frá Bandaríkjunum

Í janúar síðastliðnum neyddist Guðrún Sóley til að hafna draumatilboði frá liði í bandarísku atvinnumannadeildinni – Chicago Red Stars vegna höfuðmeiðsla sinna.

„Ég var enn með hausverk þegar kom að því að taka lokaákvörðun og því treysti ég mér engan veginn til að fara út. Það var eftir á að hyggja rétt ákvörðun enda er tímabilið hafið þar núna og ég get enn ekkert spilað. En þetta var vissulega frábært tækifæri og sem betur fer hafði þjálfari liðsins skilning á þessu. Hún hafði sjálf hlotið sömu meiðsli sem leikmaður og við ætlum aftur að vera í sambandi fyrir næsta ár,“ segir hún.





Keppt verður í eftirfarandi flokkum:
- Eindrifsflokkum 4 cyl, 6 cyl og 8 cyl
- 4X4 flokkur
- Hjól 799 cc og minna, breytt og óbreytt
- Hjól 800 cc og stærri, breytt og óbreytt
- Bracket-flokkur ef næg þátttaka fæst

Aðgangseyrir 1.000 kr.
*Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.*

Skeljungur BJB Aukin þjónusta www.bjb.is KRÓNAN Bílabúð Benna

**HLEÐSLA** **ÍÞRÓTTADRYKKUR** | **100%** HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN




# MEST SELDI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI

**HLEÐSLA ER NÚ MEST SELDI OG VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.***
**VIÐTÖKURNAR HAFA FARIÐ FRAM ÚR OKKAR BJÖRTUSTU VONUM. VIÐ VINNUM NÚ HÖRÐUM HÖNDUM AÐ ÞVÍ AÐ FRAMLEIÐA NÆGA HLEÐSLU FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU EÐA MILLI MÁLA.**
**VIÐ ÞÖKKUM KRAFTMIKLAR VIÐTÖKUR.**

**MJÓLKURSAMSALAN**

*SAMKVÆMT SÖLUTÖLUM ACNIELSEN OG CAPACENT 1. FEBRÚAR - 28. MARS 2010.

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 50254 05/10

## > David Duchovny

„Ég átti mér alltaf þann draum að verða körfuboltaspilari. Ég var sá eini sem trúði á þennan draum.“

***David Duchovny er frábær í Californication en þetta er þriðja þáttaröðin sem Skjár einn sýnir um rithöfundinn og kvennabósann Hank Moody. Californication er sýndur á Skjá einum í kvöld kl. 21.45.***



# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.50

### Twenty Four

Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninn Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en að fá að draga sig í hlé. Þegar neyðarástand skapast í New York renna þau áform út í sandinn. Höfuðstöðvar CTU hafa verið færðar þangað og nýtt fólk er við stjórnvölinn. Því á sérþekking hans eftir að reynast mikilvægari nú en nokkru sinni áður.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Nanking

### Sjónvarpið kl. 21.30

Leikin bandarísk heimildarmynd frá 2007 um innrás Japana í Kína árið 1937, blóðbaðið, nauðganirnar og hryllinginn sem henni fylgdu og hetjulega baráttu nokkurra útlendinga til varnar saklausu fólki. Leikstjórar eru Bill Guttentag og Dan Struman og meðal leikenda eru Hugo Armstrong, Stephen Dorff, Mariel Hemingway, Chris Mulkey, Jürgen Prochnow og Woody Harrelson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Húrra fyrir Kela!, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Disneystundin, Fínni kostur, Sígildar teiknimyndir, Finnbogi og Felix, Hanna Montana.
**10.12 Alla leið** (e)
**11.02 Apakonan** (e)
**12.00 Leiðin á HM** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Dansinn dunar** (e)
**15.35 Hestastelpan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Friðþjófur forvitni** (3:10)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Út og suður** (4:15) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Emma** (2:4)
**20.35 Berlínaraspirnar** (1:8) (Berlinerpoplene) Norskur myndaflokkur frá 2007 byggður á vinsælum skáldsögum eftir Anne B. Ragde um hversdagslegt en um leið óvenjulegt líf Neshov-fjölskyldunnar.
**21.30 Sunnudagsbíó - Nanking (Nanking)** Leikin bandarísk heimildarmynd frá 2007 um innrás Japana í Kína árið 1937.
**23.00 Silfur Egils** (e)
**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Stóra teiknimyndastundin**
**07.25 Lalli**
**07.35 Gulla og grænjaxlarnir**
**07.45 Hvellur keppnisbíll**
**08.00 Barnatími Stöðvar 2** Algjör Sveppi, Boowa and Kwala, Áfram Diego, áfram!, Firehouse Tales, Könnuðurinn Dóra
**09.25 Scooby Doo**
**09.45 Íkornastrákurinn**
**10.10 Firehouse Dog** Fjörug og skemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.
**12.00 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.25 American Idol** (36/43)
**14.10 American Idol** (37/43)
**15.05 Grey's Anatomy** (21/24)
**16.00 Monk** (13/16)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (17/24)
**19.40 Sjálfstætt fólk**
**20.20 Cold Case** (19/22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar.
**21.05 The Mentalist** (18/23)
**21.50 Twenty Four** (16/24)
**22.35 60 mínútur**
**23.20 Daily Show. Global Edition**
**23.45 That Mitchell and Webb Look** (3/6)
**00.10 The Tudors** (3/10)
**01.05 The Squid and the Whale** Grátbrosleg gamanmynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna um tvo bræður sem takast á við erfið vandamál tengd skilnaði foreldra sinna. Með aðalhlutverk fara Laura Linney, Jeff Daniels, Jesse Eisenberg og Owen Kline.
**02.25 It's Always Sunny In Philadelphia** (4/15)
**02.50 Cold Case** (19/22)
**03.35 The Mentalist** (18/23)
**04.20 Oprah**
**05.05 Frasier** (17/24)
**05.30 Fréttir** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.40 Marseille - Grenoble**
**09.20 Chelsea - Portsmouth**
**11.00 F1. Mónakó / Tímataka** Útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Mónakó.
**11.30 Mónakó** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Mónakó.
**14.15 F1. Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**14.45 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**15.15 NBA körfuboltinn. NBA 2009/2010 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.
**16.55 Spænski boltinn. Barcelona - Valladolid** Bein utsending
**19.10 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.45 Haukar - FH** Bein útsending
**22.00 Pepsímörkin 2010**
**23.00 Haukar - FH** (e)
**00.50 Pepsímörkin 2010**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.45 Enska 1. deildin. Cardiff - Leicester**
**16.30 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**17.00 Batistuta** Farið yfir feril Gabriel Omar Batistuta.
**17.30 Arsenal - Blackburn**
**19.10 Bolton - Man. City**
**20.50 Man. Utd. - Hull**
**22.30 Ajax V Feyenoord** Í þessum þætti er fjallað um ríg hinna ýmsu liða í heiminum bæði innan vallar sem utan.
**23.25 Tottenham - Chelsea**

## EXTRA

**15.00 The Doctors**
**15.40 The Doctors**
**16.20 The Doctors**
**17.00 The Doctors**
**17.45 Wipeout USA**
**18.30 ET Weekend**
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval** Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.
**19.45 Matarást með Rikku** (2/8)
**20.15 Auddi og Sveppi**
**20.45 Steindinn okkar**
**21.15 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig og taka uppá ýmsum kostulegum hlutum - og stundum ansi vandræðalegum.
**21.45 Supernatural** (10/16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.
**22.25 Sjáðu**
**22.50 ET Weekend**
**23.35 Fréttir Stöðvar 2**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14:00 Eldum íslenskt 14:30 Golf fyrir alla 15:00 Frumkvöðlar 15:30 Í nærveru sálar 16:00 Hrafnaþing 17:00 Græðlingur 17:30 Tryggvi Þór á alþingi 18:00 Kokkalíf 18:30 Heim og saman 19:00 Alkemistinn 19:30 Í kallfæri 20:00 Hrafnaþing 21:00 Eitt fjall á viku 21:30 Eldhús meistarannan 22:00 Hrafnaþing 23:00 Golf fyrir alla 23:30 Grínland**

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**12:55 Dr. Phil** (e)
**13:40 Dr. Phil** (e)
**14:20 Dr. Phil** (e)
**15:00 The Real Housewives of Orange County** (2:12) (e)
**15:45 Með öngulinn í rassinum** (6:6) (e)
**16:15 Spjallið með Sölva** (13:14) (e)
**17:05 Nýtt útlit** (11:11) (e)
**17:55 Biggest Loser** (3:18) (e)
**18:40 Girlfriends** (19:22)
**19:00 The Office** (28:28) (e) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin. Lokaþáttur.
**19:25 Parks & Recreation** (2:13) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**19:50 America's Funniest Home Videos** (40:50) (e)
**20:15 Psych** (5:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
**21:00 Law & Order: UK** (2:13)
**21:50 Californication** (8:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki.
**22:25 Heroes** (13:19)
**23:10 Royal Pains** (4:13) (e) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.
**00:00 Life** (4:21) (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**00:50 Saturday Night Live** (19:24) (e)
**01:40 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 White Men Can't Jump**
**10.00 Bring It On. In It to Win It**
**12.00 Mermaids**
**14.00 White Men Can't Jump**
**16.00 Bring It On. In It to Win It**
**18.00 Mermaids**
**20.00 Stakeout**
**22.00 Half Nelson**
**00.00 Match Point**
**02.00 Hot Fuzz**
**04.00 Half Nelson**
**06.00 Fracture**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** Sensationen **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.50** Fodbold **15.30** Vores store verden **16.00** Et rigtigt cirkusliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Enhedslistens landsmøde **17.30** Reddet af sin slædehund **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med SAS liga **20.05** Taggart **21.15** Verdens værste naturkatastrofer **22.00** Bag tremmer **22.50** 2020

## NRK 1

**10.05** På innsida av det danske kongehuset **10.35** Bedre enn sitt rykte **12.00** Mesternes mester **13.00** Adresse Oslo **13.45** 4·4·2 **16.00** Onskehagen **16.30** Åpen himmel **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Det fantastiske livet **18.55** På innsida av det danske kongehuset **19.25** Poirot **20.15** Tilbake til viktoriatiden **21.15** Kveldsnytt **21.35** Apokalypse - verden i krig **22.35** Adresse Oslo **23.15** Sangskatter med Herborg Kråkevik **23.45** Blues jukeboks

## SVT 1

**10.00** Dox. Hästpojken **11.35** Debatt valspecial **12.50** Kronprinsparets nya hem **13.50** Rapport **13.55** Det kungliga bröllopet **14.55** Jakten på Julia **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Bubblan **18.30** Sportspegeln **19.15** The Tudors **20.05** Tortyr **20.35** Rymdens erövrare **21.05** Brottskod. Försvunnen **21.50** Gavin och Stacey **22.20** Kommissarie Winter

## BBC entertainment

**12.10** The Restaurant **13.00** My Hero **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** My Hero **15.30** Doctor Who **16.15** Doctor Who **17.00** Lark Rise to Candleford **17.50** Allo, ,Allo! **18.20** Allo, ,Allo! **18.50** Allo, ,Allo! **19.25** The Vicar Of Dibley **19.55** The Vicar Of Dibley **20.25** Top Gear **21.25** Tribe **22.25** The Restaurant **23.15** Coupling **23.45** Coupling


Toppkiljur frá Forlaginu!

FORLAGIÐ
www.forlagid.is




20%
afsláttur af öllum
útivistarvörum
Útivistarfatnaður
frá North Face,
Cintamani, Zo-on o.fl.
Gönguskór
frá Meindl, SCARPA,
Trezeta o.fl.
Bakpokar
frá Deuter o.fl.
Svefnpokar
frá North Face,
High Peak o.fl.
Tjöld
frá North Face,
High Peak o.fl.
Primusar, dýnur og margt fleira.
Gríptu tækifærið og græjaðu
þig fyrir ferðir sumarsins!
Gildir til sunnudags
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 50309 05/10
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500 • www.utilif.is

## > Eddie Murphy

„Ég hef ávallt haft sjálfstraust. Það er vegna þess að ég hef frumkvæði. Ég vildi gera eitthvað úr sjálfum mér.“

***Eddie Murphy leikur í myndinni Doctor Dolittle, en í myndinni er Dagfinnur dýralæknir þeim gáfum gæddur að geta talað við dýr. Myndin er sýnd á Stöð 2 í kvöld kl. 19.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON ER MEÐ INGÓ ÆDOL Á HEILANUM

# Söngvar Satans

Þjóðsagan segir að Delta-blúsarinn Robert Johnson hafi hér á árum áður hermt eftir Faust blessuðum og selt sálu sína skrattanum í skiptum fyrir yfirnáttúrulega tónlistargáfu. Sem helber trú-, guð- og djöflaleysingi hef ég í gegnum tíðina gefið lítið fyrir slíkar útskýringar. Þar til fyrir nokkrum misserum, það er að segja, þegar Ingólfur Þórarinsson ruddi sér leið með freklegum hætti inn í líf mitt, og væntanlega flestra annarra Íslendinga sem ekki búa á tunglinu, með glæpsamlega grípandi laglínum sínum. Í dag er ég ekki einasta viss um að Ingó búi yfir djöfullega miklum hæfileikum á þessu ákveðna sviði, heldur er ég sannfærður um að Veðurguðinn sé hreinlega Satan sjálfur holdi klæddur. Hver annar en Lúsífer megnar annars að láta hvert einasta orð sem hann syngur hljóma í eyrum manns svo mánuðum skiptir, í svefni sem vöku, hvort sem manni líkar betur eða verr?

Í upphafi var Bahama, Bahama hljómaði í eyrum landsmanna, og Bahama var smellur. Svo komu þær í röðum dægurflugurnar. Engu skiptir hvort fólk kann að meta lög eins og Drífu, Vininn, Gestalistann, Ef ég ætti konu og fleiri, því staðreyndin er sú að þau límast á heilabörkinn og láta mann ekki í friði. Þá eru ótalin auglýsingastefin sem bæjarlistamaður Selfoss hefur þröngvað inn í huga grandalausra landsmanna að undanförnu. Engum þykir gaman að standa sjálfan sig að því að humma einkennislög Húsasmiðjunnar, Iceland Express og prótínsdrykkjarins Hámarks í tíma og ótíma, jafnvel mánuðum eftir að þau hætta að heyrast í fjölmiðlum, en vegir Kölska eru vissulega órannsakanlegir.



En þetta er í lagi. Enn þá. Á meðan Ingó lætur sér nægja að syngja um tzjellingar á sólarströndum með einn kaldan á kantinum er ástæðulaust að missa svefn yfir áhrifamætti hans. Skyldi honum detta í hug að sýna sitt rétta djöflaandlit og syngja og semja í þágu hins illa, þá fyrst erum við í vandræðum. Guð hjálpi okkur öllum.

## LAUGARDAGUR



▶ **16.10** Man. Utd. - Portsmouth
STÖÐ 2 SPORT



▶ **17.40** Ally McBeal
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **18.00** Sjáðu
STÖÐ 2



▶ **20.00** Me, Myself and Irene
STÖÐ 2 BÍÓ





▶ **19.40** Alla leið
SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Teitur, Sögustund með Mömmu Marsibil, Manni meistari, Tóti og Patti, Mærin Mæja, Eþíópía, Elías Knár, Millý og Mollý, Hrúturinn Hreinn og Latibær.
**10.25 Martin Clunes - Einn maður og hundarnir hans** (1:2)
**11.15 Leiðarljós** (e)
**11.55 Leiðarljós** (e)
**12.35 Kastljós** (e)
**13.05 Íslenski boltinn** (e)
**13.50 Leiðin á HM** (e)
**15.40 Ef nýrun gefa sig** (e)
**16.10 Lifandi ljósberar** (e)
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Dansað á fáksporí** (e)
**18.25 Talið í söngvakeppni** (2:3) (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.40 Alla leið**
**20.35 Litríkt sumar** (Local Color) Bandarísk bíómynd frá 2006. Vinsæll myndlistarmaður rifjar upp góðar minningar frá sumrinu 1974. Leikstjóri er George Gallo og meðal leikenda eru Armin Mueller-Stahl, Trevor Morgan og Ray Liotta.
**22.20 Afturgöngur** (The Messengers) Bandarísk bíómynd frá 2006. Fjölskylda flyst frá Chicago á gamlan bóndabæ í Norður-Dakóta en þar er eitthvað einkennilegt á sveimi. Leikstjórar eru Oxide Pang Chun og Danny Pang og meðal leikenda eru Kristen Stewart og Dylan McDermott.
**23.50 Hallam Foe (Hallam Foe) (e)**
**01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Great Expectations**
**10.00 I's a Boy Girl Thing**
**12.00 High School Musical 3**
**14.00 Great Expectations**
**16.00 I's a Boy Girl Thing**
**18.00 High School Musical 3**
▶**20.00 Me, Myself and Irene**
**22.00 The Reaping**
**00.00 Hot Rod**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 The Reaping**
**06.00 Stakeout**

## STÖÐ 2

**07.00 Flintstone krakkarnir**
**07.25 Lalli**
**07.35 Áfram Diego, áfram!**
**08.00 Barnatími Stöðvar 2** Algjör Sveppi, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Svampur Sveinsson
**09.10 Strumparnir**
**09.35 Latibær** (6/18)
**10.00 Maularinn**
**10.25 Stóra teiknimyndastundin**
**10.50 Daffi önd og félagar**
**11.15 Wildfire**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Wipeout USA**
**14.15 Mad Men** (9/13)
**15.20 Sjálfstætt fólk**
**16.00 Matarást með Rikku** (2/8) Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í misjafnlega löngu en eldheitu ástarsambandi við matargerð.
**16.35 Auddi og Sveppi**
**17.15 ET Weekend**
▶**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Doctor Dolittle** Dagfinnur dýralæknir er þeim gáfum gæddur að geta rætt við dýrin, vinnuveitendum sínum og fjölskyldu til mikillar skelfingar en dýrin hafa gagn og gaman af.
**21.00 Stardust** Ævintýramynd sem fjallar um ástir og ævintýri Tristan og Viktoríu
**23.05 The Namesake** Myndin fjallar um Gogol, son indverskra innflytjenda í New York og fjölskyldu hans sem reynir að aðlagast hinum vestræna heimi
**01.05 300** Bardagamynd frá 2007 sem segir frá baráttu Leonídasar konungs og 300 hermanna hans við gervallan persneska herinn 480 árum f.Kr.
**03.00 Shooter 05.00 ET Weekend**
**05.45 Fréttir** Fréttir Stöðvar 2 endursýndar

## SPORT *besta sætið*

**08.25 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**08.55 F1. Mónakó / Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Mónakó.
**10.00 Players Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**10.50 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**11.15 FA Cup - Preview Show 2010** Hitað upp fyrir ensku bikarkeppnina.
**11.45 F1. Mónakó / Tímataka** Bein útsending frá Formúlu 1
**13.00 Chelsea - Portsmouth** Bein útsending
**16.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**17.00 Atl. Madrid - Fulham** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**18.55 Marseille - Grenoble** Bein útsending fra leik Marseille og Grenoble í franska boltanum.
**21.00 Chelsea - Portsmouth Endursýnt.**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.50 Enska 1. deildin. Nott. Forest - Blackpool**
**12.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**13.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.
**14.00 PL Classic Matches. Southampton - Tottenham, 1994**
**14.30 Chelsea - Sunderland**
▶**16.10 Man. Utd. - Portsmouth**
**17.50 Aston Villa - Burnley**
**19.30 Ronaldinho** Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho og skyggnst á bakvið tjöldin.
**20.00 Alfonso** Í þessum þætti verður fjallað um leikmanninn Alfonso og skyggnst á bakvið tjöldin.
**20.30 Fernando Hierro** Í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro og skyggnst á bakvið tjöldin.
**21.00 Stoke - Arsenal**
**22.40 Liverpool - Everton**

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**12:40 Dr. Phil** (e)
**13:20 Dr. Phil** (e)
**14:05 The Real Housewives of Orange County** (1:12) (e)
**14:50 Rules of Engagement** (13:13) (e)
**15:15 Being Erica** (1:13) (e)
**16:00 America's Next Top Model** (3:12) (e)
**16:45 Melrose Place** (14:18) (e)
**17:30 Psych** (4:16) (e)
**18:15 Girlfriends** (18:22) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
**18:35 Game Tíví** (16:17) (e)
**19:05 Accidentally on Purpose** (16:18) (e)
**19:30 View From The Top** Rómantísk gamanmynd frá árinu 2003 með Gwyneth Paltrow, Christina Applegate og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum. Hún fjallar um unga konu sem vill flýja ömurlega tilveru í smábæ í Nevada. Hún lætur drauma sína rætast og gerist flugfreyja.
**21:00 Saturday Night Live** (19:24)
**21:50 Eternal Sunshine of the Spotless Mind** Stórgóð mynd með Jim Carrey og Kate Winslet í aðalhlutverkum. Þetta er óhefðbundin ástarsaga um par sem lætur þurrka út allar minningar um hvert annað eftir að það hættir saman en kynnist svo á ný og laðast að hvort öðru. Handritshöfundur er Charlie Kaufman en leikstjóri er Michel Gondry.
**23:40 Spjallið með Sölva** (13:14) (e)
**00:30 Worlds Most Amazing Videos** (13:13) (e)
**01:15 Big Game** (4:8) (e)
**02:55 Girlfriends** (17:22) (e)
**03:15 Jay Leno** (e)
**04:00 Jay Leno** (e)
**04:45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**17:00 Golf fyrir alla 17:30 Grínland 18:00 Hrafnaþing 19:00 Golf fyrir alla 19:30 Grínland 20:00 Hrafnaþing 21:00 Græðlingur 21:30 Tryggvi Þór á alþingi 22:00 Kokkalíf 22:30 Heim og saman 23:00 Alkemistinn 23:30 Í kallfæri 00:00 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




WALLFLUTTER
veggskraut
20 stk. í kassa
5.900 kr.



VINTAGE
myndaalbúm
6.500 kr.



RINGLING
1.800 kr.



AURORA
myndarammi
ca. 50x50cm
9.800 kr.



PARTRIDGE
skartgripatré
h. 36cm
4.600 kr.



CONCEAL
Ósýnilega hillan!
Lítil: 2.700 kr.
Stór: 3.900 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF VINSÆLU GJAFAVÖRUNUM FRÁ UMBRA

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY
Sími 564 4400
www.tekk.is

Holtagarðar
Opið: Laugardag 10-17
Sunnudag 13-17

Kringlan
Opið: Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

### Stardust



Stórbrotin og stjörnum hlaðin ævintýramynd fjallar um Tristan sem er ástfanginn af hinni fögru Viktoríu. Hann reynir að vinna ástir hennar með því að ferðast inn í ævintýraríkið Stormhold til að sækja stjörnu sem féll af himnum. Stjarnan reynist vera annað og meira en hann átti von á og fljótlega flækist hann inn í spennandi atburðarás sem hefur í för með sér alls kyns töfra og fjöldann allan af skrautlegum karakterum.
Leikstjóri: Matthew Vaughn. Leikarar: Michelle Pfeiffer; Robert De Niro; Claire Danes; Charlie Cox.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Eternal Sunshine of the Spotless Mind

### Skjár einn kl. 21.50

Stórgóð mynd með Jim Carrey og Kate Winslet í aðalhlutverkum. Þetta er óhefðbundin ástarsaga um par sem lætur þurrka út allar minningar um hvert annað eftir að það hættir saman en kynnist svo á ný og laðast að hvort öðru. Þetta er snilldarlega gerð mynd sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir besta handritið auk þess sem Kate Winslet var tilnefnd fyrir frammistöðu sína í aðalhlutverkinu. Handritshöfundur er Charlie Kaufman en leikstjóri er Michel Gondry.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Úrval úr Samfélaginu
**09.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ellismellir
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Vítt og breitt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Í boði náttúrunnar
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Auglýsingar
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónar að nóni
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Mánafjöll
**21.05** Bernskuminningar frá Ytra-Fjalli
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Istanbúl - borg höfuðskepnanna
**23.15** Stefnumót
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**15.25 Nágrannar**
**15.45 Nágrannar**
**16.05 Nágrannar**
**16.30 Nágrannar**
**16.55 Gilmore Girls** (18/22)
▶**17.40 Ally McBeal** (6/22) Ally, Glen, Raymond og Jenny fara á tvöfalt stefnumót, Cage snýr aftur og Ling situr fyrir nakin.
**18.25 E.R.** (19/22) Þættirnir gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**19.10 Wipeout USA**
**20.00 American Idol** (36/43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fimm bestu söngvararnir eru eftir.
**20.45 American Idol** (37/43) Nú kemur í ljós hvaða fjórir keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**21.35 Auddi og Sveppi**
**22.15 Steindinn okkar**
**23.00 Gilmore Girls** (18/22)
**23.45 Ally McBeal** (6/22)
**00.30 E.R.** (19/22)
**01.15 Sjáðu**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.00** Allo, ,Allo! **10.35** Allo, ,Allo! **11.05** Allo, ,Allo! **11.40** The Vicar Of Dibley **12.10** The Vicar Of Dibley **12.40** Monarch of the Glen **13.30** Monarch of the Glen **14.20** Monarch of the Glen **15.10** Lark Rise to Candleford **16.00** My Hero **16.30** Doctor Who **17.15** Doctor Who **18.00** Top Gear **19.00** Tribe **20.00** The Restaurant **20.50** Spooks **21.40** Gavin And Stacey **22.10** Hotel Babylon **23.00** Mistresses **23.50** Coupling

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie **11.30** I Zlatans fodspor **12.00** Høvdingebold **12.55** Tæt på Dyrene **13.35** Hercule Poirot **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Carsten og Gittes Vennevilla **15.50** Sallies historier **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Høvdingebold **18.00** Kroniken **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.40** Kærligheden har to sider **22.40** Bag tremmer **23.30** Boogie

## NRK 1

**11.05** Delikatesser langs veien **11.55** Krøniken **12.55** Friidrett. Diamond League. Qatar Super Grand Prix **13.50** 4·4·2 **16.00** Eurosong 1996 **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Mesternes mester **18.55** Nedtelling til Eurovision Song Contest **19.25** Sjukehuset i Aidensfield **20.10** Å puste ut musikk **21.10** Kveldsnytt **21.25** Spy Game **23.30** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**10.40** Sommartid **11.10** Örter - naturens eget apotek **11.30** Plus **12.00** Landgång **12.30** Uppdrag Granskning **13.30** Köping Hillbillies **14.00** Rapport **14.05** Landet runt **14.50** Så ska det låta **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Merlin **17.00** Wild kids **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Jakten på Julia **19.00** Brottskod. Försvunnen **19.45** Rapport **19.50** Gavin och Stacey **20.20** En öm kyss **22.00** Studio 60 on the Sunset Strip **22.45** Life on Mars **23.40** Aldrig mer fängelse


# RÓMEÓ OG JÚLÍA




**Vegna endalausra áskoranna**
snýr Rómeó og Júlía Vesturports aftur á svið Borgarleikhússins
Tryggðu þér miða á þessa rómuðu sýningu – sýnt í takmarkaðan tíma
**Miðasala í fullum gangi**

Vesturport | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

Fíton/SÍA

EIMSKIP · Stærsti skemmtistaður í heimi! NOVA · Bílaleiga Akureyrar Höldur National Car Rental · World Class Iceland · Íslandsbanki

**FRÉTT VIKUNNAR**



*„Það eru ákærurnar á hendur bankamönnunum. Það slær mig mest að þekkja til fjölskyldna þeirra sem hafa lent í þessum ósköpum.“*

Unnur Arngrímsdóttir danskennari.

# Gillz fékk óvænta afmælisgjöf frá Audda

„Ég verð að viðurkenna að hann átti góða innkomu þarna,“ segir Egill „Gillzenegger“ Einarsson. Egill fagnaði þrítugsafmæli sínu á miðvikudagskvöld með stórri veislu á Players. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær var húsið þétt skipað vinum afmælisbarnsins og nóg var af skemmtiatriðum. Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal mætti með skemmtilegustu afmælisgjöfina þegar hann fékk Bjarna töframann til að troða upp. Þeir Egill og Bjarni hafa eldað grátt silfur saman í nokkur ár vegna skrifa Egils um töframanninn í pistlum sínum.

Bjarni töframaður lét gamlar deilur ekki á sig fá, tróð upp með söng og uppistandi og sló algerlega í gegn meðal viðstaddra. Afmælisbarninu var greinilega brugðið en reyndi að láta ekki á neinu bera. „Hann horfði í augun á mér allan tímann meðan hann söng. Mér leið bara eins og við hefðum einhvern tímann sofið saman og hann væri að reyna að ná mér aftur,“ segir Egill og hlær. „En hann var samt fyndinn. Hann tók til dæmis lag með Arnold-röddinni og var bara góður.“ **- hdm**



**GLÆSILEG VEISLA** Egill Gillzenegger fagnaði þrítugsafmælinu í vikunni. Auðunn Blöndal fékk Bjarna töframann til að skemmta.



**LÁRÉTT**
**2.** ventill, **6.** frá, **8.** hestaskítur, **9.** augnhár, **11.** guð, **12.** bísa, **14.** bolur, **16.** tveir eins, **17.** hamfletta, **18.** eyrir, **20.** til, **21.** gefa frá sér reiðihljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skraf, **3.** pot, **4.** borðflaska, **5.** svelgur, **7.** töf, **10.** stefna, **13.** mærð, **15.** komst, **16.** vefnaðarvara, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** loki, **6.** af, **8.** tað, **9.** brá, **11.** ra, **12.** belja, **14.** stofn, **16.** tt, **17.** flá, **18.** aur, **20.** að, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** rabb, **3.** ot, **4.** karafla, **5.** iða, **7.** frestur, **10.** átt, **13.** lof, **15.** náði, **16.** tau, **19.** rr.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**BÆTIR ÍMYND OG SJÁLFSTRAUST** Hólmfríður segir tískublogg sitt vera hugsað til að gefa smá innsýn inn í tískuheim lögulegra kvenna en ekkert síður til að bæta ímynd þeirra og sjálfstraust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÓLMFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR: HEF FENGIÐ MIKIL VIÐBRÖGÐ

# Tískuráð fyrir lögulegar konur slá í gegn á netinu

„Ég hef unnið mikið í tískuvöruverslunum en svo eignaðist ég barn og þá breyttist vöxturinn aðeins. Ég átti erfiðara með að finna hluti sem klæddu mig vel og þegar ég ræddi þetta við aðrar konur þá voru þær í svipuðum sporum,“ segir Hólmfríður Guðmundsdóttir, margmiðlunarfræðingur hjá ferðaskrifstofunni Nordic Visitors á Laugavegi. Hún opnaði nýverið bloggsíðu þar sem boðið er upp á tískuráð fyrir lögulegar konur en að undanförnu hafa tískublogg skotið upp kollinum eins og gorkúlur. Þau miða hins vegar flest við að konur séu vaxnar eins og fyrirsætur tískuhúsanna en ekki „curvy“ eins og það heitir á fagmálinu.

Hólmfríður nefnir einmitt þessi vinsælu tískublogg sem finna má bæði á vefsvæðinu Eyjunni og Pressunni og segir að „curvy“-konurnar gleymist stundum í umræðunni. Hún hafi einmitt farið á sýningu hjá nemum við fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands og þar sá hún að fatahönnuðir nútímans eru ekki mikið að miða við að konur séu með laglegar línur. „Margt af þessu var ekki einu sinni með teygjuefni þannig að það var ekki fræðilegur að maður gæti klætt sig í þetta,“ útskýrir Hólmfríður. „Þetta blogg er því líka hugsað til að bæta aðeins ímyndina og sjálfstraustið og vekja fólk til umhugsunar um að níutíu og fimm prósent kvenna eru bara eðlilegar og lögulegar konar með fallegar línur,“ útskýrir Hólmfríður sem opnaði bloggsíðuna í lok apríl og hefur fengið mikil viðbrögð við henni. „Mér telst til að ég hafi kannski fengið í kringum þúsund gesti á dag síðan þetta byrjaði allt saman.“

Hólmfríður segist bara rétt vera að byrja en hefur þegar skotið eina goðsögnina niður. Að lögulegar konur eigi alltaf að vera í svörtu. „Ég fór á kynningu fyrir stuttu og þar var sagt að þótt svart eigi að grenna þá lætur liturinn mann einnig líta út fyrir að vera eldri. Þótt svartur sé alltaf klassískur þá er að koma sumar og konur eiga ekki að vera smeykar við að velja björtu litina því þeir koma með þennan ferska blæ.“ Tískublogg Hólmfríðar er að finna á curvychic.blog.is.

freyrgigjga@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Harkaleg gagnrýni Sindra Eldon um plötu Hafdísar Huldar í Grapevine hefur vakið mikla athygli. **Bubbi Morthens**, Björgvin Halldórsson og Jón Ólafsson eru á meðal þeirra sem hafa rætt um rýnina á Facebook-síðu Bubba, en þar eru flestir sammála um að íslensk tónlistarrýni sé á lágu plani – þó að haldbær rök séu ekki færð fyrir því.



Hafdís var ekki sú eina sem fékk að kenna á því frá Sindra, því hann sýndi einnig **Sverri Stormsker** hvar Davíð keypti ölið. Segir hann plötuna Tekið stærst upp í sig ekki vera tónlist, heldur óð til hallærislegrar meðalmennsku og ódýrra orðaleikja. Loks leggur hann til að lesendur gefi fólki sem það hatar plötuna.



**Rebekka Bryndís Björnsdóttir** og krakkarnir í hljómsveitinni Hjaltalín fá fjórar stjörnur í einkunn hjá breska tónlistartímaritinu Artrocker fyrir plötu sína Terminal. Gagnrýnandinn segir að hljómsveitin hljóti að vera bandbrjáluð en tekur fram að platan sé meistarastykki. „Ég var með unaðsbros á vör allt frá upphafslaginu Suitcase Man til hins fallega lokalags Vanity Music,“ skrifaði hann. Stutt er síðan Hjaltalín fékk fjórar stjörnur í breska tónlistartímaritinu Mojo og þrjár í tímaritinu Uncut. Breskir tónlistargagnrýnendur virðast því vera á einu máli um gæði plötunnar, sem kemur út í Evrópu 24. maí.

**- afb, fb**

30 DAGA
hreinsun á mataræði
DAVÍÐ KRISTINSSON næringar- og lífsstílsþerapisti heldur fyrirlestur um 30 daga hreinsun á mataræði. Gott tækifæri til að byrja núna að axla ábyrgð á eigin heilsu!

Þriðjud. 18. maí
Heilsuhúsinu Lágmúla kl. 20-22
Glæsileg handbók fylgir með öllum upplýsingum sem þarf.
Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.
Námskeiðsgjald kr. 6.900 kr.
Rúmlega 1000 manns hafa nú lokið 30 daga heinsun!
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

# Regnboganum lokað 1. júní

Ef svo fer sem horfir verður kvikmyndahúsinu Regnboganum lokað 1. júní næstkomandi. Jón Eiríkur Jóhannesson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu, var ekki reiðubúinn til að staðfesta þá dagsetningu í samtali við Fréttablaðið í gær en sagði hlutina eiga eftir að skýrast í næstu viku. „Það eru ýmsar umleitanir í gangi, það er ekkert ákveðið og ég á fremur erfitt með að tjá mig um það á þessu stigi málsins,“ segir Jón Eiríkur. „Ég reikna með því að við tökum ákvörðun á þriðjudaginn og þá kemur í ljós hvort við lokum og skrúfum okkar dót í burtu eða hvort það verður áframhaldandi rekstur kvikmyndahúss þarna,“ segir Jón Eiríkur.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá rennur leigusamningur Senu og Cube Properties, sem á húsnæðið, út um áramótin. Hefðbundnar kvikmyndasýningar virðast samkvæmt þessu ekki lengur svara kostnaði í Regnboganum. Ekki náðist samband við forsvarsmenn Cube Properties við vinnslu fréttarinnar en Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins, sagði á dögunum að enginn hefði falast eftir húsnæðinu.

Jón Eiríkur staðfestir að nokkrir hópar hafi sett sig í samband við Senu um hugsanlega framlengingu á starfsemi kvikmyndahúss í sumar. Samfylkingin hyggst síðan leggja fram tillögu á þriðjudaginn um að borgin styðji við tilraunaverkefni um að kvikmyndahúsið Regnboginn verði kvikmyndasetur og nokkurs konar heimili kvikmyndanna. Samkvæmt tillögunni yrði framlag borgarinnar þá falið í því að taka þátt í leigukostnaði fram á haust og veita stuðning og ráðgjöf við gerð samþykkta og stofnun félags um rekstur og starfsemi. **- fgg**




**ENN ÓVISSA** Ekki er enn ákveðið hvað verður í gamla Regnbogahúsnæðinu. Hugsanlega verður því lokað 1. júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



lifum

HÚSGÖGN & GJAFAVARA

# Mikið úrval af fallegum vörum fyrir heimilið og sumarhúsið

# 25% afsláttur af öllum vörum




**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ

heima mood lifum

**Nýkomin sending af sófasettum, stökum sófum og tungusófum - 25% afsláttur!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hemmi heldur golfmót



Undirbúningur fyrir þriðja góðgerðarmót **Hermanns Hreiðarssonar** í golfi stendur nú sem hæst en það fer fram sömu helgina og Shellmótið fræga hinn 24. júní. Hermann, sem sleit hásin í leik gegn Tottenham fyrr á árinu, hefur hugsað sér að leika golf sjálfur, hann ætlar sér að vera kominn í göngugifs og keyra um Eyjavöllinn fræga á golfbíl.

### Hverjir mæta?



Unnið er að því hörðum höndum að fá heimsfrægar knattspyrnustjörnur til að taka þátt í mótinu. Síðast var Sol Campbell sem lék þá við hlið Hermanns í Portsmouth. Campbell er nú horfinn á braut til Arsenal. Í markinu hjá Portsmouth stendur **David James**, annar þekktur kappi, en hann mun að öllum líkindum fara með enska landsliðinu á HM í Suður-Afríku. Það gæti því orðið eilítið erfitt að finna þá þekktu kappa sem eru ekki með landsliðum sínum á því stórmóti.

### Einn öruggur gestur



Talið er nokkuð víst að **Eiður Smári Guðjohnsen** muni mæta til leiks á mótið en hann fór á kostum í fyrra. Árið hefur verið erfitt hjá Eiði, hann var lánaður til Tottenham þar sem leikmaðurinn blómstraði á fyrstu skrefunum en lenti síðan í erfiðum málum á forsíðum bresku slúðurblaðanna, nú síðast vegna „meintrar" nasistakveðju. - fgg

## Mest lesið vísir.is

1. Elti Hrafnhildi til Noregs þrátt fyrir þungan fangelsisdóm
2. Óskufall á Hvolsvelli og Selfossi - myndir
3. Eyjafjallajökull: Askan komin til Reykjavíkur
4. Útborgunardagur á Hrauninu á morgun
5. Veit ekki að foreldrarnir fórust
6. Sigurður með sama lögmann og Amy Winehouse





